


skoðun 24

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Baðherbergi








# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
5. maí 2011
103. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011


# Hundrað þúsund fá samning

**Samkvæmt nýjum kjarasamningi ASÍ og SA hækka laun millitekjuhópa um 4,5 prósent 1. júní og þá fá launþegar einnig 50 þúsund króna eingreiðslu. Of dýr samningur segir formaður SA. Forseti ASÍ ánægður.**

**KJARAMÁL** Nýr þriggja ára kjarasamningur milli SA og ASÍ tekur til allra eitt hundrað þúsund félagsmanna ASÍ nema sjómanna.

„Það er verið að hnýta lausa enda og það gengur vel,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í gærkvöldi en þá var búist við því að skrifað yrði undir kjarasamninginn í nótt.

Hann kvað samningana fela í sér tæplega þrettán prósenta launakostnaðarhækkun.

„Við erum að ná 34 prósenta hækkun á lægstu taxtana á þremur árum, fyrst um tólf prósent og síðan um tvisvar ellefu prósent. Það kemur strax hækkun á dagvinnutekjutryggingu úr 165 þúsund á mánuði í 182 þúsund krónur og hún endar í 204 þúsundum í lok samningstímans.

Hvað varðar millitekjuhópa segir Gylfi laun hækka 1. júní um 4,25 prósent. Þá fengju launþegar einnig 50 þúsund króna eingreiðslu til að bæta upp þann tíma sem liðinn væri frá því samningar voru lausir um áramót. Af þeirri ástæðu bættist einnig 10 þúsund króna aukaorlofsuppbót í júlí og 15 þúsund króna aukaleg uppbót í desember. Næst ættu launin síðan að hækka um 3,5 prósent 1. febrúar 2012 og um 3,25 prósent 1. febrúar árið 2013.

> Við erum tilbúnir að viðurkenna að þetta er allt of mikið.
>
> VILMUNDUR JÓSEFSSON
> FORMAÐUR SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Gylfi sagðist sérlega ánægður með að við gerð samninganna hefði ríkið komið til móts við kröfur um aðgerðir í atvinnumálum og um að færa lífeyrisréttindi launþega á almennum vinnumarkaði nær því sem væri hjá opinberum starfsmönnum.

Samningarnir og greiðslur samkvæmt þeim taka ekki gildi fyrr en félagsmenn ASÍ hafa staðfest þá. Til þess hafa aðildarfélögin þrjár vikur. „Úrslitavaldið er hjá félagsmönnum. Vonandi eru þeir okkur sammála,“ sagði Gylfi.

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, segir samningana „of dýra“ en að hann muni mæla með því við aðildarfyrirtækin að greiða þeim atkvæði.

„Það er spurning hvort þau fyrirtæki sem verst eru sett segi upp fólki og dragi saman en ég vona að svo verði ekki. Við erum tilbúnir að viðurkenna að þetta er allt of mikið en aðalmálið er að koma kerfinu og atvinnuvegunum af stað,“ segir formaður SA. **- gar**



## Kafbátar og flugvélar

*Sextíu ár eru frá því að varnarsamningur milli Íslands og Bandaríkjanna var undirritaður.*

**tímamót 28**

## Bond vildi Laxness

*Leitar að Sjálfstæðu fólki.*

**fólk 58**



## FH Íslandsmeistari

*FH varð í gær Íslandsmeistari karla í handbolta í sextánda sinn og í fyrsta sinn í nítján ár.*

**sport 50**

## veðrið í dag




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** eða skýjað að mestu á landinu í dag. Vindur verður víða fremur hægur en strekkingur með suðurströndinni. Hiti á bilinu 5 til 13 stig.

**VEÐUR 4**



**TÍMAMÓT VIÐ HÖFNINA** Vladimír Ashkenazy stjórnaði fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í gærkvöldi, þar sem flutt var Níunda sinfónía Beethovens, píanókonsert eftir Grieg og nýtt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftirsóttur í lýsingar:

# Hefur áhuga á sjónvarpsferli

**FÓLK Eiður Smári Guðjohnsen, fyrrverandi landsliðsfyrirliði Íslands og leikmaður Fulham, er orðinn eftirsóttur í lýsingar á stórleikjum í knattspyrnu hjá bæði breskum og bandarískum sjónvarpsstöðvum.**



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN

**Eiður Smári var í myndveri Sky-sjónvarpsstöðvarinnar fyrir stórleik Barcelona og Real Madrid á Camp Nou á þriðjudagskvöldið og þótti standa sig vel. Sjálfur segist leikmaðurinn vel geta hugsað sér sjónvarpsstarf eftir að ferlinum lýkur og takkaskórnir verða komnir upp á hilluna margfrægu.**

**„Ég verð ekki í fótbolta að eilífu og ef það er eitthvað sem ég kann og veit eitthvað um þá er það fótbolti. Ég er hins vegar ekkert að fara að hætta strax,“ segir Eiður Smári.** **- fgg /** **sjá síðu 58**

Paul Ramses og Rosemary Atieno fá samlanda sinn til landsins á næstunni:

# Amma Obama kemur til Íslands

**FÓLK** Sara Obama, konan sem Barack Obama Bandaríkjaforseti kallar ömmu Söru, er á leið til Íslands hinn 15. maí. Hún kemur hingað á vegum Paul Ramses Oduor og Rosemary Atieno, sem hafa búið hér á landi undanfarin ár.

Paul og Rosemary eru í forsvari fyrir góðgerðarsamtök sem nú vinna að byggingu barnaskóla í Kenía, í nágrenni við heimkynni Obamafjölskyldunnar. Sara Obama rekur sín eigin góðgerðarsamtök en kemur nú til Íslands til að hjálpa Paul og Rosemary að vekja athygli á samtökunum sínum. Þau vonast til þess að fá íslenskan almenning í lið með sér og vilja þakka fyrir hversu vel þeim var tekið hér á landi.

Sara mun væntanlega halda fyrirlestra og heimsækja skóla hér á landi, auk þess sem Paul hefur rætt við forsetaembættið um að hitta hana.

**- þeb /** **sjá síðu 4**









**SPURNING DAGSINS**



*Kristín, truflaði jafnréttisbaráttan leitina?*

„Það er jafn rétt skýring og hver önnur.“

Kristín Ástgeirsdóttir varð sextug á dögunum og segir í viðtali við Fréttablaðið að hún hafi ekki enn fundið þann rétta, en hún er ógift og barnlaus.

Meirihluti skipulagsráðs kveðst hafa bestu lausnina en sjálfstæðismenn ósáttir:

# Ætla múslimum lóð í Sogamýri

**SKIPULAGSMÁL** Samkvæmt tillögu embættis skipulagsstjóra Reykjavíkur gæti Félag múslima fengið byggingarlóð austast í Sogamýri. Skipulagsráð hefur sent tillögu um tilbeiðsluhús á lóðinni til umsagnar hjá hverfisráðinu, umhverfisráði og Skipulagsstofnun.

Sjálfstæðismenn sátu hjá í skipulagsráðinu og sögðu margar aðrar lóðir henta betur fyrir tilbeiðsluhús. Vegna staðsetningarinnar yrðu byggingar á Sogamýrarlóðinni að vera í mjög háum gæðaflokki „enda er lega lóðarinnar þannig að hús á henni munu sjálfkrafa verða kennileiti í borginni,“ bókuðu þeir.



**SOGAMÝRI** Lóð sunnan við Suðurlandsbraut á móts við leikskólann Steinahlíð er nú hugsuð undir tilbeiðsluhús fyrir Félag múslima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fulltrúar meirihlutans í skipulagsráði sögðu undirbúninginn vandaðan og hafa staðið í mörg ár.

Páll Hjaltason, varaformaður ráðsins, ítrekar að þótt hugmyndin með Sogamýrarlóðinni sé að efna gamalt loforð við Félag múslima sé lóðin ekki formlega skilgreind félaginu til handa. Þá segist hann ekki deila áhyggjum sjálfstæðismanna af þeim svip sem tilbeiðsluhús á þessum stað muni setja á umhverfið. Til dæmis sé áætlað að hús múslima verði lágreist og aðeins um 400 fermetrar. „Lóðin er í laut þannig að hús þar verður naumast mikið kennileiti.“ - gar

Námsmenn erlendis:

# Lánþegum LÍN fjölgar á ný

**MENNTAMÁL** Lánþegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) sem eru í námi erlendis er farið að fjölga á ný, að sögn Guðrúnar Ragnarsdóttur framkvæmdastjóra.

„Það var niðursveifla á milli skólaáranna 2008-2009 og 2009-2010. Námsmönnum sem fengu lán hjá LÍN vegna náms erlendis fækkaði þá um tíu prósent. Nú er þetta á uppleið en námsmennirnir safna hins vegar miklu hraðar skuldum en áður vegna falls krónunnar,“ segir Guðrún. - ibs

Ráðherra svarar þingmanni:

# 1.251 með tólf milljónir á ári

**ALÞINGI** Árið 2009 hafði 1.251 Íslendingur yfir tólf milljónir í árstekjur. Þetta kemur fram í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn sem Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram á þingi um miðjan mars.

Einar spurði jafnframt hvernig þessi hópur skiptist eftir starfsstéttum. Í svari ráðherrans segir að þær upplýsingar geti hann ekki veitt, þar sem fjöldinn er fundinn í skattframtölum einstaklinga en þar komi ekki fram neinar persónugreinanlegar upplýsingar. - sh



**ABBAS OG MASHAL** Leiðtogar Fatah og Hamas í Kaíró í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Palestínumenn undirrituðu:

# Gefa lítið fyrir áhyggjur Ísraela

**EGYPTALAND, AP** **Leiðtogar Fatah og Hamas, tveggja helstu hreyfinga Palestínumanna, undirrituðu í gær sáttasamning við hátíðlega athöfn í Kaíró í Egyptalandi. Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar og leiðtogi Fatah, undirritaði samninginn ásamt Khaled Mashal, leiðtoga Hamas.**

**Abbas sagði áhyggjur Ísraela af samkomulaginu ástæðulausar og hafnaði gagnrýni þeirra.**

**„Þeir eru bræður okkar og fjölskylda,“ sagði hann um Hamas. „Okkur greinir oft á, en við náum samt lágmarkssamkomulagi.“** - gb

# Yfirvöld fréttu fyrst af skólpinu árið 2006

**Heilbrigðiseftirlitið hefur ítrekað farið fram á lagfæringu lagna við flugvöllinn í Vatnsmýri. Skólp flæðir um götur vegna ónýtra lagna. Töldu málið í eðlilegum farvegi þar sem fáar kvartanir bárust. Flugvallarstjóri segir borgina bera ábyrgð.**



**SAUR FLÆÐIR UM VATNSMÝRINA** Skólp hefur nú flætt yfir garða og götur á flugvallarsvæðinu í Vatnsmýri eftir leysingarnar í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur ítrekað farið fram á lagfæringu lagna á Fluggörðum á Reykjavíkurflugvelli. Þetta kemur fram í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins til Jóns Baldvins Pálssonar flugvallarstjóra, sem dagsett er 2. maí síðastliðinn.

Fréttastofa Ríkisútvarpsins greindi frá því á þriðjudag að skólp flæddi um flugbrautir í Vatnsmýrinni og út á götur vegna ónýtra lagna á svæðinu. Hefur þetta gerst af og til síðan árið 2006.

Ekki liggur ljóst fyrir hver ber ábyrgð á skólplögnum á flugvallarsvæðinu. Í bréfi Heilbrigðiseftirlitsins kemur þó fram að í úttekt Orkuveitu Reykjavíkur (OR) hinn 21. maí árið 2007 hafi komið í ljós að fráveitulögnin framan við flugskýli 23 annaði ekki flæði frá aðliggjandi lögnum. Þeir sem eiga aðild að lögninni eru Fluggarðar – Lóðafélag, Flugfélag Íslands og Skeljungur hf. Ábyrgð var sögð í höndum rekstraraðila á flugvallarsvæðinu, en ekki OR.

Jón Baldvin flugvallarstjóri vísar þessu á bug og segir ábyrgðina liggja hjá Reykjavíkurborg.

„Þessum lóðum er úthlutað af borginni og við erum ekki í neinu forsvari fyrir það,“ segir Jón. „Við erum búin að gera það sem við getum í þessu máli og ég vísa þessu alfarið á Reykjavíkurborg.“

Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, segir málið fyrst hafa komið á borð eftirlitsins í september árið 2006. Þá hafi niðurstaðan verið að eigendur flugskýla á Fluggörðum greiddu sjálfir kostnað af endurnýjun og nýlagningu holræsa á lóð sinni. OR teldi sig aðeins eiga eitt ræsi á lóðinni og að gatnagerðargjöld yrðu jafnframt felld niður.

„[Fluggarðar – Lóðafélag, Skeljungur og Flugfélag Íslands] hafa ekki getað komið sér saman um eðlilegt viðhald og lagfæringar sem þörf er á til að leysa þetta vandamál,“ segir Kristín. Þar sem eigendur hafi ekki brugðist við hafi árið 2008 verið ákveðið að bjóða út verkið og láta vinna það á kostnað eigenda. Erfiðleikar í útboði leiddu til þess að enn hefur ekki verið farið í það verk. Kristín segir að þar sem engar kvartanir hafi borist fyrr en nú hafi verið talið að málið væri í eðlilegum farvegi hjá eigendum.

„Næstu skref eru að funda með eigendum og setja málið í ferli aftur,“ segir hún. Boðað hefur verið til fundar hinn 24. maí næstkomandi. sunna@frettabladid.is

## Segir málið vítavert af hálfu borgarinnar

Sigurður Pálmason, framkvæmdastjóri Þyrluþjónustunnar, segir ástandið við völlinn algjörlega óviðunandi. Stærsti skólppollurinn á svæðinu er fyrir utan húsnæði Þyrluþjónustunnar.

„Borgin og Orkuveitan vilja ekki taka ábyrgð á þessari lögn,“ segir Sigurður. „Þeir vilja heldur hafa hérna mannaskít flæðandi um allt.“ Sigurður segir vandamálið liggja í skipulaginu á svæðinu, sem enginn vilji taka á af hendi borgarinnar.

„Þetta er vítavert. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir flugvöllinn en er ekki að fylgja því eftir að Reykjavíkurborg lagi þessa mengun sem borgin ber sjálf ábyrgð á.“

Flutti býsn af dópi frá Kanarí:

# E-töflumaður áfram í haldi

**DÓMSMÁL** **Héraðsdómur framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir karlmanni á þrítugsaldri sem var handtekinn í Leifsstöð í mars með 36 þúsund e-töflur og 4.400 skammta af LSD í fórum sínum.**

**Maðurinn hefur setið í varðhaldi síðan hann var handtekinn og mun, samkvæmt úrskurðinum frá í gær, gera það til 20. maí hið minnsta.**

**Maðurinn var handtekinn við komuna frá Kanaríeyjum ásamt konu sem nú hefur verið látin laus. Efnin voru falin í fölskum töskubotni. Lögregla bíður nú gagna frá Spáni sem talin eru nauðsynleg rannsókn málsins.** - sh



**HERJÓLFUR Í LANDEYJAHÖFN** Ferjan lögst að bryggju í gær eftir fjögurra mánaða hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Herjólfur loks í Landeyjahöfn:

# Komst í höfn eftir langt hlé

**SIGLINGAR** Vestmannaeyjaferjan Herjólfur sigldi til Landeyjahafnar í gær í fyrsta sinn eftir rúmlega fjögurra mánaða hlé á siglingum þangað vegna erfiðra aðstæðna.

Ýmist hefur ölduhæð eða hvassviðri hamlað því að hægt yrði að dýpka Landeyjahöfn nægilega til þess að Herjólfur gæti athafnað sig þar. Ferjunni hefur þess í stað verið siglt til Þorlákshafnar þessa fjóra mánuði.

Ferjunni er nú siglt eftir flóðatöflum og eru þrjár ferðir áætlaðar í dag, ein snemma morguns og tvær síðdegis. - gb


Byrjaðu góðan dag vel

– Fáðu þér létta ab mjólk á hverjum degi

Létta AB mjólkin er einhver hollasti morgunverður sem völ er á. AB mjólkin inniheldur milljarða gagnlegra mjólkursýrugerla sem valda því að óæskilegir gerlar eiga erfitt uppdráttar í meltingarveginum. Regluleg neysla tryggir að meltingarflóran er alltaf í lagi og ónæmiskerfið starfar með hámarksafköstum.





Þrítugur maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald:

# Reyndi að nauðga stúlku á Austurvelli

**LÖGREGLUMÁL** Þrítugur karlmaður var á þriðjudag úrskurðaður í gæsluvarðhald til laugardags eftir að hafa reynt að nauðga ungri stúlku á Austurvelli nóttina áður.

Þetta staðfestir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Stúlkan, sem er nítján ára, hafði verið á skemmtun ásamt skólafélögum sínum. Hún var á heimleið á þriðja tímanum þegar ráðist var á hana. Vinir hennar voru þá skammt undan en urðu árásarinnar ekki varir. Maðurinn reyndi að koma vilja sínum fram við stúlkuna og veitti henni áverka við aðfarirnar, þó ekki ýkja alvarlega. Henni tókst að komast undan honum, láta félaga sína vita og hringja á lögreglu. Stúlkan leitaði síðan á neyðarmóttöku vegna nauðgana.

Vitni sáu manninn hlaupa burt og upp í nálægan bíl og náðu niður bílnúmerinu. Það varð til þess að lögregla átti ekki í erfiðleikum með að hafa uppi á manninum. Maðurinn er fæddur árið 1981 og hefur játað brotið.

Hann hefur ekki komið við sögu lögreglu áður vegna sambærilegra brota. - sh

## Annar í haldi grunaður um tvær nauðganir

Ungur maður sem handtekinn var um þarsíðustu helgi, grunaður um að hafa nauðgað nítján ára stúlku í heimahúsi og beitt hana öðru ofbeldi, er jafnframt grunaður um að hafa nauðgað sautján ára stúlku í lok mars. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir manninum, sem gildir til 27. maí. Manninum er haldið í gæsluvarðhaldi vegna almannahagsmuna.

Maðurinn er talinn hafa, í félagi við annan, haft samræði við eldri stúlkuna gegn vilja hennar. Bæði stúlkan og hinn maðurinn er sammála um að sá sem er í varðhaldi hafi verið mjög ofbeldisfullur og stýrt öllum aðgerðum þeirra með heiftarlegum skipunum svo þau hafi ekki þorað annað en að hlýða. Í yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist hann kannast við að vera „skapmikill“ maður. Yngri stúlkan hefur borið að maðurinn, sem er fæddur 1988, hafi umturnast þegar þau ætluðu að hafa samræði, orðið mjög ógnandi, beitt hana ofbeldi og stjórnað öllum hennar gerðum. Hann hafi slegið hana utan undir, bitið hana og þvingað hana til kynlífsathafna.


Kringlan
Miðnætur SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
17-24 Ertu trendí? Komdu í myndatöku í Kringlusettið, flottasta lúkkið vinnur 100.000 kr. gjafakort
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Síríusi
17-24 DJ spilar
17-22 Förðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
18-24 Módelleit með Elite, Nude og Makeup Store
20.00 Helgi Björns tekur lagið
20.30 Jóhanna Guðrún syngur
21.00 Tískusýning, vor- og sumartískan fyrir dömur
22 .00 Oroblu tískusýning
22.30 Friðrik Dór syngur
23.00 Hljómsveitin Orphic Oxtra keyrir upp stuðið
Skráðu þig á póstlistann okkar og þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort!
facebook.com/kringlan.is
Aðeins þennan eina dag
15–60% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum í auglýsingu aftar í blaðinu!
www.kringlan.is

## GENGIÐ 04.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,12 | 111,66 |
| Sterlingspund | 183,39 | 184,29 |
| Evra | 165,00 | 165,92 |
| Dönsk króna | 22,123 | 22,253 |
| Norsk króna | 20,993 | 21,117 |
| Sænsk króna | 18,320 | 18,428 |
| Japanskt jen | 1,3687 | 1,3767 |
| SDR | 179,98 | 181,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,5963

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stríðsglæpadómstóllinn vill handtökubeiðni á hendur þremur Líbíumönnum:

# Taldir vera sekir um stríðsglæpi

**LÍBÍA, AP** Saksóknarar Alþjóðlega sakadómstólsins í Haag óska eftir því að handtökubeiðni verði gefin út á hendur þremur Líbíumönnum vegna glæpa gegn mannkyni.

Luis Moreno-Ocampo, aðalsaksóknari dómstólsins, sagði rannsóknir dómstólsins hafa leitt af sér rökstuddan grun um að umfangsmiklar og skipulagðar árásir hefðu verið gerðar á almenna borgara í Líbíu. Öryggissveitir Múammars Gaddafís Líbíuleiðtoga hefðu staðið fyrir þessum árásum. Saksóknarinn nafngreindi ekki þá þrjá einstaklinga sem hann sagði líklega bera mesta ábyrgð á þessum glæpum. Hann sagðist þó ætla að nafngreina þá þegar hann legði ósk sína um handtökubeiðni fyrir úrskurðarnefnd dómstólsins.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á fundi sínum 26. febrúar að fela dómstólnum í Haag að hefja rannsókn á því hvort stríðsglæpir hefðu verið framdir í Líbíu. **- gb**



**LUIS MORENO-OCAMPO** Hefur enn ekki nafngreint Líbíumennina þrjá sem hann vill láta handtaka fyrir glæpi gegn mannkyni. NORDICPHOTOS/AFP

Mistur á S- og Vesturlandi:

# Ekki gosaska heldur sandfok

**UMHVERFISMÁL** Allnokkurt mistur var víða á Suður- og Vesturlandi á mánudag og kemur fram á vef Umhverfisstofnunar að nokkur svifryksmengun hafi mælst á höfuðborgarsvæðinu. Dagurinn hafi verið yfir heilsuverndarmörkum í Reykjavík.

„Að þessu sinni var ekki um að ræða öskufok frá Eyjafjallajökli heldur sandfok frá Landeyjasandi," segir á vef stofnunarinnar. Tekið er fram að Eyjafjallajökull, Skógaheiði og efri hluti Eyjafjalla séu snævi þakin. **- óká**



**BÍÐA** Fjölskyldur mannanna sem enn er saknað bíða nú milli vonar og ótta við námuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sprenging í námu í Mexíkó:

# Óttast um líf níu í námunni

**MEXÍKÓ, AP** Fimm létust og níu er saknað eftir gassprengingu í kolanámu í Coahuila-héraði í Mexíkó á þriðjudag. Sprengingin var gríðarlega öflug og eru litlar líkur taldar á því að þeir níu sem enn er saknað finnist á lífi.

Yfirvöld höfðu þegar óskað eftir aðstoð frá sérfræðingum frá Síle sem tókst að bjarga 33 námaverkamönnum á lífi í október. Fjórir sérfræðingar eru væntanlegir á vettvang, en ólíklegt er talið að sú aðstoð komi að gagni.

Verkalýðsfélag námuverkamanna í Mexíkó hefur gagnrýnt harðlega aðstæður og öryggismál í kolanámum í landinu. **- bj**

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Ódýrari garðar í Kópavogi

Kópavogsbær heldur áfram að leigja út matjurtagarða og eru sumir þeirra þar sem skólagarðar voru áður eins og Reykjavíkurborg hefur tekið upp og nefnir fjölskyldugarða. Gjaldið er 2.500 krónur í Kópavogi miðað við 4.200 krónur í höfuðborginni. Að auki eru garðarnir í Kópavogi fjórðungi stærri og lögð eru til verkfæri í upphafi sumars.

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var farið með nafn Gunnbjörns Þorsteinssonar í grein um Dylan-tónleika Hollvinafélags Minnesotaháskóla 15. maí. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Föðuramma Obama að koma til Íslands

**Sara Obama, stjúpamma Bandaríkjaforsetans Baracks Obama, er á leið til Íslands. Hún ætlar að vekja athygli á hjálparsamtökum Pauls Ramses og Rosemary Atieno, sem nú vinna að byggingu barnaskóla nálægt heimkynnum Obama.**

**FÓLK** Sara Obama, stjúpamma Baracks Obama Bandaríkjaforseta í föðurætt, er á leið hingað til lands síðar í mánuðinum. Hún kemur á vegum Pauls Ramses Oduor og Rosemary Atieno og hjálparsamtaka þeirra.

Að sögn Pauls kemur Sara Obama hingað til lands til þess að hjálpa þeim að vekja athygli á hjálparsamtökum þeirra, Tears Children and Youth Aid, en þau vinna nú að því að safna fé til að byggja barnaskóla í nágrenni við heimabæ Obama. Hún er þriðja eiginkona föðurafa Bandaríkjaforsetans, sem kallar hana Ömmu Söru.

„Hún er svo mörgum innblástur," segir Paul en Sara rekur sín eigin góðgerðasamtök í Kenía. Paul segir hana og fylgdarlið hennar hafa fengið vegabréfsáritanir í gær og áætlað sé að þau komi hingað til lands 15. maí. Hann hefur fundað með forsetaembættinu um málið og kynnt fólki þar áformin. Örnólfur Thorsson forsetaritari staðfesti það við Fréttablaðið í gær, en nánari aðkoma forsetaembættisins liggur ekki fyrir.

„Fyrsta kvöldið verðum við með einhvern formlegan fund til að kynna hana fyrir íslensku þjóðinni. Svo ætlum við að heimsækja einhverja skóla bæði í Reykjavík og Hafnarfirði, við búum í Hafnarfirði og viljum gera þetta fyrir fólkið okkar. Svo verða allavega tveir fyrirlestrar haldnir, vonandi í Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Svo langar okkur að fara með hana gullna hringinn, og kynna hana fyrir Íslendingum."



**AMMA OBAMA** Sara Obama með íslenskan trefil ásamt sjálfboðaliðum í samtökum Paul og Rosemary í Kenía. MYND/TEARSCHILDREN



**PAUL OG ROSEMARY**

Paul og Rosemary vita hversu hart er í ári hjá mörgum á Íslandi en þau vilja nota tækifærið með komu Söru að hvetja íslensku þjóðina til dáða. Þau leita stuðnings almennings við að fjármagna skólann, en hafa nú þegar fest kaup á þremur lóðum undir skóla.

„Þessi skóli mun þjóna 700 börnum, sem geta eftir útskrift leitað sér meiri menntunar. Hversu mikið meira er hægt að biðja um? Þetta eru munaðarlaus börn, börn sem hafa verið misnotuð og enginn hefur viljað. Við töldum aðeins hægt að hjálpa þeim með því að mennta þau. Það er númer eitt, tvö og þrjú."

„Við viljum að fólk þekki samtökin okkar og um hvað þau snúast. Við viljum líka sýna fólki hér hversu mikils virði 2.000 íslenskar krónur eru fyrir börnin í Kenía," segir Paul. „Við viljum styðja börn í Kenía eins og við vorum studd á Íslandi, við viljum sýna þeim sömu ástúð. Við viljum líka gefa þeim tækifæri til að komast á ný inn í samfélagið og vera samþykkt, eins og við vorum samþykkt hérna."

Hægt er að fræðast meira um samtökin Tears Children and Youth Aid á http://www.tearschildren.org/.

thorunn@frettabladid.is



**SILVIO BERLUSCONI** Dómsmálahrina stöðvar hann ekki. NORDICPHOTOS/AFP

Enginn bilbugur á Berlusconi:

# Útilokar ekki framboð næst

**ÍTALÍA, AP Silvio Berlusconi, hinn umdeildi forsætisráðherra Ítalíu, útilokar ekki að bjóða sig fram til þingkosninga þegar kjörtímabil hans rennur út árið 2013. Þá verður hann orðinn 76 ára.**

**Fyrir fáeinum vikum sagðist hann reikna með því að tveggja áratuga pólitískum ferli sínum færi brátt að ljúka.**

**Nú segist hann reiðubúinn að bjóða sig fram til forystu hægrimanna, telji hann það nauðsynlegt. Að minnsta kosti muni hann þó vilja gegna lykilhlutverki áfram, til dæmis að vera áfram leiðtogi flokksins þótt hann bjóði sig ekki fram til þings.** **- gb**

Banki yfirtekur Sólningu:

# Tilkynna sölu innan hálfs árs

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur yfirtekið rekstur Sólningar, sem rekur fjögur dekkjaverkstæði. Stefnt er að því að tilkynna um sölu fyrirtækisins innan sex mánaða frá yfirtökudegi.

Fram að sölu fyrirtækisins verður fjárhagur þess endurskipulagður. Yfirtaka Landsbankans er gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Sólning rekur dekkjaverkstæði í Kópavogi, Keflavík og á Selfossi undir nafni Sólningar, auk dekkjaverkstæðisins Barðans í Reykjavík. **- bj**


# SUMARTILBOÐ

45.000.kr (69.800)



2b.is

Android 2.2

Erum á móti IKEA í Gallery Art2b

Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**ÞOKULOFT** verður líklega sums staðar með ströndum landsins norðan og austan til í dag og þar heldur svalt. Það ætti að sjást til sólar á suðvesturhorninu hluta úr degi og líklega léttir heldur til norðanlands þegar líður á daginn.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 18° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 19° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 13° |
| París | 20° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# KJARA KLÚBBUR %

## HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS

## FÁÐU AFSLÁTT AF 40.000 VÖRUM STRAX Í DAG




# SÆLUREITURINN ER KOMINN ÚT

## 52 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM

**Hjólsög**
Power Plus 1044
5245312

**5.995,-**

1200W
185 mm blað
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR






tilboð
**9.995,-**
~~11.995,-~~

**Rafhlöðuborvél**
12V
5245999

2 Rafhlöður




**3.495,-**

**Pallaolía**
7049123

**Jotun Treolje 3 ltr**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og blöndum einnig fjölda lita.

**176.900,-**



**Garðhús 4,4 m²**
Breidd = 167 sm • Lengd = 267 sm
Vegghæð = 170 sm • Bjálkaþykkt = 32 mm
600239

**6.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



**Rafmagns hekkklippur Ikra**
520W, 46 cm blað, 20 mm klippigeta.
5083755-56

## Garðablámi




10 kg
**1.995,-**

**Alhliða garðáburður**
N.P.K. 12+12+17+2mgo Klórsnauður, fjölkyrnisáburður fyrir alla garðrækt

## Mosaeyðir

10205047

5 kg
**3.395,-**





**FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN HJÁ OKKUR!**

**SÉRFRÆÐINGAR Í PALLAEFNI**

blómaval

HÚSASMIÐJAN

## KJÖRKASSINN



*Fékkst þú vaxtaniðurgreiðslu úr ríkissjóði um síðustu mánaðamót?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,8 |
| Nei | 50,2 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Tókst vel til með byggingu tónlistarhússins Hörpunnar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Osama bin Laden var hvorki vopnaður né reyndi að skýla sér bak við konu:

# Stjórnvöld breyta sögu af drápi

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk stjórnvöld hafa leiðrétt lýsingar á vígi sérsveitarmanna á hryðjuverkaleiðtoganum Osama bin Laden á mánudag. Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvort mynd af líki hans verði gerð opinber.

Ekki er rétt sem bandarísk stjórnvöld höfðu sagt að bin Laden hafi verið vopnaður þegar sérsveitarmenn bandaríska flotans króuðu hann af í húsi í borginni Abbottabad í Pakistan á mánudagsmorgun og skutu hann til bana. Ekki er heldur rétt sem fullyrt var strax eftir að hann var veginn að hann hefði reynt að skýla sér á bak við konu þegar hermennirnir höfðu fundið hann.



**MÓTMÆLI** Vígi Osama bin Laden hefur verið mótmælt víða. Hér mótmælir hópur manna í Multan í Pakistan. NORDICPHOTOS/AP

Bandarísk stjórnvöld hafa enga ákvörðun tekið um hvort mynd af líki þin Ladens verði gerð opinber.

„Ég veit ekki hvað við ættum að græða á því að sýna slíka mynd,“ segir Mike Rogers, formaður leyniþjónustunefndar bandaríska þingsins í samtali við fréttastofu ABC. „Samsæriskenningasmiðir munu skoða myndirnar og finna tíu atriði sem þeim þykir benda til þess að þær séu af einhverjum öðrum.“ - bj

Sölubanni aflétt:

# Absinth leyft í Frakklandi á ný

**FRAKKLAND Franskir vínunnendur geta nú glaðst því að drykkurinn görótti absinth, eða malurtarbrennivín, hefur verið leyfður eftir að sölubann frá árinu 1915 var afnumið af franska þinginu.**

**Ættu flöskurnar af drykknum grænleita að vera komnar í hillur verslana á næstu dögum. Í frétt BBC kemur fram að drykkurinn, sem er alræmdur fyrir grænan lit og görótt áhrif, hafi verið bannaður á sínum tíma sökum meinlegra áhrifa. Absinth hefur verið leyft í öðrum ríkjum ESB síðan 1988.** - bj



**NÝ KYNSLÓÐ LEIGUBÍLA** Nýju bílarnir eru frá Nissan. Í dag eru um 13.000 gulir leigubílar í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

111 milljarða samningur:

# Nýir leigubílar í New York

**NEW YORK** New York borg fær nýja tegund leigubíla á göturnar árið 2013. Þeir verða framleiddir hjá Nissan í Japan og eru heiðgulir að lit, eins og hinir þekktu leigubílar sem keyrt hafa um borgina í áratugi.

Borgarstjóri New York, Michael Bloomberg, greindi frá tíðindunum í vikunni. Borgin hefur gert samning við bílaframleiðandann til tíu ára, sem hljóðar upp á einn milljarð Bandaríkjadala, eða um 111 milljarða króna. Bílarnir verða búnir GPS-tækjum til að fyrirbyggja það að leigubílstjórar villist á götum stórborgarinnar. - sv

Slys á Lyngdalsheiði:

# Vélsleðamaður slasaðist á öxl

**LÖGREGLUMÁL Vélsleðamaður slaðaðist á öxl á Lyngdalsheiði í fyrrakvöld. Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um slysið um klukkan ellefu og var sjúkrabíll sendur eftir manninum. Félögum hans tókst að koma honum til móts við bílinn á Gjábakkavegi.**

**Lögreglan á Selfossi þurfti einnig að hafa afskipti af manni sem ekið hafði bíl sínum út af veginum ofan við Reykholt. Hann hafði ekið dágóðan spöl í vegkantinum áður en hann missti bílinn út af og festi í for. Hann var einn í bílnum og er grunaður um ölvunarakstur.** - sh

**REYKJAVÍKURBORG**

**Leiðtogafundar minnst**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti samhljóma á þriðjudag tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að standa fyrir dagskrá í tilefni af því að í október verður aldarfjórðungur liðinn frá leiðtogafundi Ronalds Reagan og Mikhaíls Gorbatsjov í Reykjavík.




# Nýir eldsneytisgjafar nema hálfu prósenti

**Bílar á númerum eru 195.715 talsins. Þrír fjórðu bílanna ganga fyrir bensíni og fjórðungur fyrir dísilolíu. Af heildarfjöldanum ganga rúmlega þúsund bílar fyrir öðrum orkugjöfum. Rafmagn og metan eru þar algengustu kostirnir.**

**SAMGÖNGUR** Af þeim 195.715 bifreiðum sem í umferð eru í dag gengur bara rétt rúmlega hálft prósent fyrir öðru eldsneyti en bensíni eða dísilolíu. Það eru 1.006 bílar. 73,4 prósent bílaflota landsins ganga fyrir bensíni og 26,1 prósent fyrir dísilolíu.

Tölur Umferðarstofu um skráningu bifreiða í lok apríl sýna að af þessum 1.006 bílum er vel ríflega helmingurinn, 568 bílar, svonefndir tvinnbílar, en þeir eru knúnir bæði bensín- og rafmótor. Hlutdeild þeirra í heildarbílafjölda nemur þó ekki nema rétt tæplega 0,3 prósentum.

Næststærstur er svo hlutur bíla sem ganga fyrir metangasi, en þegar teknir eru saman bílar sem skráðir eru metanbílar og þeir sem breytt hefur verið þannig að þeir ganga bæði fyrir metani og bensíni þá eru þeir alls 411 talsins. Það er tæplega 41 prósent bíla sem ganga fyrir nýjum eldsneytisgjöfum og 0,21 prósent af bílum sem eru á númerum í dag.

Aðrir orkugjafar eru í miklum minnihluta. Vetnisbílar eru 16 á númerum og rafmagnsbílar eru ekki nema tíu. Þá er bara einn bíll í umferð sem er með metanól skráð sem eldsneyti.

Tölurnar ná til allra bíla, hvort heldur það eru fólksbifreiðar, hóp-, sendi-, eða vörubifreiðar. Skiptingin er þó dálítið ólík innan hvers flokks.

Þannig er ekki að finna aðra „nýja“ orkugjafa en metan utan fólksbílaflokks, nema í einu tilviki þar sem ein sendibifreið er skráð sem rafmagnsbíll.

Af þeim 171.448 fólksbílum sem eru á skrá eru 80,4 prósent, eða 137.774, bensínbílar og 19,1 prósent, eða 32.822, dísil. Bílar sem ganga fyrir bensíni og metani eru 202 og 56 eru skráðir sem metanbílar eingöngu. Tvinnbílar eru bara til í flokki fólksbíla.

Þrír hópferðabílar ganga fyrir metani eða bensíni/metani og 15 vörubifreiðar. Heldur fleiri nýta svo metanið í flokki sendibifreiða, eða 135 bílar.

Dísilolía er hins vegar ráðandi í flokki hóp- og vörubifreiða með 94,6 og 95,2 prósenta hlutdeild. Síðan ganga 65,7 prósent sendibifreiða fyrir dísilolíu og 33,5 prósent fyrir bensíni. olikr@frettabladid.is







Ríkisstjórnin samþykkir að ráðast í framkvæmdir við ferðamannastaði:

# Fjárveiting til friðlýstra svæða

**UMHVERFISMÁL** Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt tillögu Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra um að veita 42 milljónir til brýnna framkvæmda nú í vor og sumar á friðlýstum svæðum sem jafnframt eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna.

Fyrir fjárveitingu ríkisstjórnarinnar á þessu ári verður unnið að verkefnum við Gullfoss, Geysi í Haukadal, friðlandið í Dyrhólaey, Friðland að Fjallabaki, náttúruvættið á Hveravöllum og náttúruvættið í Surtarbrandsgili.

Höfuðáhersla er lögð á að tryggja verndargildi og öryggi, en helstu verkefni sem unnið verður að á næstu mánuðum eru göngustígar, stikun gönguleiða, útsýnispallar, öryggisgirðingar, merkingar, fræðsluskilti, viðvörunarskilti, gróðurbætur og eftirlit. Framkvæmdirnar eru brýnni en ella vegna þess að spár gera ráð fyrir metfjölda ferðamanna á þessu ári. Það eykur álag á viðkomandi svæði og undirstrikar nauðsyn þess að búa vel að öryggi ferðamanna og tryggja góða aðkomu á vinsæl svæði. - shá



**AÐ FJALLABAKI** Ástandi friðlýstra svæða er mjög ábótavant og við því bregst umhverfisráðherra fyrir sumarið. MYND/UMHVERFISSTOFNUN

# HJÓLAÐU Í VINNUNA Á HÁGÆÐA HJÓLI

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

* Frí heimsending á hjólum *

RALEIGH

**250.000.000 REIÐHJÓL SELD!**

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

RALEIGH hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi.

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum






## RALEIGH 26" AVENUE

// **Gírar:** 7 gíra Shimano TX30/RS31-7 // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C // **Aukahlutir:** Stál stell, keðjuhlíf, böglaberi, bretti að aftan og að framan, rafdrifið ljós að framan, 36 teina X-PERT double wall gjarðir, Kenda dekk, bjalla //

**49.999 kr**

## CROSS 28" ARROW/ARRINA

// **Gírar:** 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // **Bremsur:** Promax Alloy V-TX115C // **Gaffall:** HL CL-T130 með dempara // **Aukahlutir:** Ál stell, böglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

**59.999 kr**

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!

CROSS www.crosscycle.com

**GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!**

CROSS hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit





## CROSS 20" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 6 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**29.999 kr**

## CROSS 24" ROCKY/ALISSA

// **Gírar:** 18 gíra Shimano // **Bremsur:** Promax V-TX115C // // **Aukahlutir:** Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

**34.999 kr**

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

# GRILL Á GÓÐU VERÐI



Grand
Gasgrill
ER8102H-2
**14.999 kr**
TILBOÐ



2 BRENNARAR

Grand
Gasgrill
ER7802A
**39.999 kr**



4 BRENNARAR MEÐ HLIÐARHELLU

grandhall living style
Gasgrill
Xenon 223
**99.999 kr**

24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða verkalýðsforkólfi fæddist barnabarn 1. maí?*
2. *Hvað heitir forseti Slóveníu, sem er í opinberri heimsókn á Íslandi?*
3. *Hvaða markahrókar skoruðu fyrir Víking í 2-0 sigri liðsins á Þór?*

**SVÖR**

1. Vilhjálmur Birgisson, formanni verkalýðsfélags Akraness 2. Danilo Türk 3. Helgi Sigurðsson og Björgólfur Takefusa

Tilboð í gerð Vaðlaheiðarganga verða opnuð í ágúst eða september:

# Sex í forvali vegna Vaðlaheiðarganga

**IÐNAÐUR** Á næstu vikum verður farið yfir gögn vegna forvals Vaðlaheiðarganga. Í tilkynningu Vegagerðarinnar segir að búast megi við því að tilboð í gerð ganganna verði opnuð í ágúst eða september.

Vegagerðin upplýsti í gær að sex hefðu skilað inn gögnum vegna forvals Vaðlaheiðarganga. Þá var ekki útilokað að einhver bættist í hópinn því hafi einhver sett gögn í póst fyrir klukkan fjögur 3. maí verða þau tekin gild.

Fyrirtæki sem vilja fá að bjóða í gerð ganganna á eigin vegum eru Ístak á Íslandi og svo Leonard Nilsen & Sønner AS í Noregi. Þá standa saman að tilboði ÍAV hf. á Íslandi og Marti Contractors Lts. í Sviss; Suðurverk hf. á Íslandi og Metrostav a.s. í Tékklandi; og svo danska fyrirtækið Per Aarsleff a/s og JK Petersen Contractors P/F í Færeyjum.

Eins sækist samstarfshópur undir merkjum Norðurverks á Íslandi eftir því að fá að bjóða í gerð ganganna, en að honum standa Árni Helgason ehf., SS Byggir ehf., Skútaberg ehf., GV Gröfur ehf., Rafeyri ehf. og Norðurbik ehf.

Í útboðsgögnunum kemur fram að um sé að ræða 9,5 metra breið, 7,2 kílómetra löng jarðgöng í bergi, styrkingu ganga, raf- og stjórnbúað þeirra, um 320 metra langa steinsteypta vegskála og um fjögurra kílómetra langa vegi. **- óká**




**VIÐ VAÐLAHEIÐI** Í marslok óskaði Vegagerðin eftir þátttakendum í forval vegna jarðganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, Vaðlaheiðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Orkugetan eykst lítillega:

## Framkvæmdir hefjast við Sauðárveitu

**IÐNAÐUR Stjórn Landsvirkjunar hefur ákveðið að hefja framkvæmdir við Sauðárveitu. Í sumar hefst vinna við vegagerð og aðstöðuuskópun. Framkvæmdum á að ljúka haustið 2012.**

**„Um er að ræða veitingu Innri-Sauðár og Ytri-Sauðár í Grjótárlón, en þær eru tvær austustu árnar á virkjunarsvæði Hraunaveitu," segir á vef Landsvirkjunar. Upphaflega átti að gera veiturnar árin 2008 og 2009 en framkvæmdum var frestað vegna óviss efnahagsástands.**

**Aukning orkugetu vegna framkvæmdanna er áætluð um 40 gígavattsstundir á ári. Fljótsdalsstöð framleiddi í fyrra um 5.000 gígavattsstundir.** **- óká**

Skipulagsmál í brennidepli á íbúafundi í Kópavogi:

## Boða náið samráð við bæjarbúa

**SKIPULAGSMÁL** Kópavogsbær efnir til íbúafundar í dag þar sem gerð nýs aðalskipulags verður til umræðu. Guðný Þóra Gestsdóttir, formaður skipulagsnefndar bæjarins, segir í samtali við Fréttablaðið að þar kynni nefndin forsendur yfirstandandi vinnu að aðalskipulagi bæjarins og nýjar áherslur sem og nýja aðferðafræði þar sem samráð við íbúa verður í forgrunni.



**GUÐNÝ ÞÓRA GESTSDÓTTIR**

„Þetta er fyrsti fundurinn í ferð okkar hjá skipulagsnefnd um bæinn, en í framhaldinu verðum við með rýnihópafundi í hverfunum."

Guðný Þóra segir fundina verða haldna í þessum mánuði og svo aftur í haust og verða þátttakendur í rýnihópunum valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Hún segir að meirihlutinn í bæjarstjórn, sem tók við í fyrravor, hafi auðvitað sínar áherslur í skipulagsmálum, en vilji heyra frá bæjarbúum, sem hún segir hafa látið sig skipulagsmál miklu varða undanfarin ár.

„Við viljum gjarnan eiga samtal við bæjarbúa um þessi mál og köllum eftir hugmyndum frá fólkinu."

Fundurinn fer fram í Hörðuvallaskóla við Baugakór og hefst klukkan 17. **- þj**



**NICK CLEGG OG DAVID CAMERON** Leiðtogar stjórnarflokkanna eru ekki sammála um ágæti breytinganna sem bornar verða undir kjósendur í dag. NORDICPHOTOS/AFP

# Kosið um nýtt kosningakerfi í Bretlandi

**Bretar halda þjóðaratkvæðagreiðslu í dag í fyrsta sinn síðan 1975. Kosið er um hvort breyta eigi kosningakerfinu. Stjórnarflokkarnir eru á öndverðum meiði og stjórnarandstaðan er klofin í málinu.**

**BRETLAND** Kosið verður í Bretlandi í dag um breytingar á kosningakerfinu, sem notað er í þingkosningum. Samkvæmt skoðanakönnunum er vart von til þess að breytingarnar verði samþykktar.

Kosningakerfið sem borið er undir kjósendur í dag er svipað því sem notað var við stjórnlagaþingskosningarnar hér á landi á síðasta ári. Í báðum kerfunum eru atkvæði frambjóðenda sem ná ekki kjöri flutt yfir á aðra frambjóðendur en í kerfinu sem Bretar kjósa um í dag eru umframatkvæði þeirra frambjóðenda sem ná kjöri einnig flutt yfir á aðra frambjóðendur.

Gamla kerfið, sem notað hefur verið áratugum saman, er mun einfaldara. Þar hlýtur einfaldlega sá frambjóðandi, sem flest atkvæði fær, þingsætið í sínu kjördæmi.

Áfram verður kosið í einmenningskjördæmum, en breytingin, verði hún samþykkt, er líkleg til að koma smærri flokkum til góða. Stóru flokkarnir tveir, Íhaldsflokkurinn og Verkamannaflokkurinn, sem hafa grætt á núverandi kerfi, munu því væntanlega fá færri þingmenn og oftar þurfa að reiða sig á stjórnarsamstarf með öðrum flokkum.

Bresku stjórnarflokkarnir eru á öndverðum meiði um ágæti kosningakerfanna. Íhaldsflokkurinn, með David Cameron forsætisráðherra í fararbroddi, vill halda í gamla kerfið en Frjálslyndi flokkurinn, með Nick Clegg utanríkisráðherra í fararbroddi, vill breytingar.

Stjórnarandstaðan er einnig klofin í málinu, því þótt Ed Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, vilji breytingar stendur flokkurinn ekki einhuga að baki honum í þessu máli.

Þeir Clegg og Miliband segja núverandi kerfi vera ósanngjarnt, sérstaklega nú þegar kjósendur hafi sterkari tilhneigingu en áður til að greiða smærri flokkum atkvæði sitt.

Þetta hefur breyst töluvert, því fyrir hálfri öld kusu 95 prósent breskra kjósenda annað hvort Verkamannaflokkinn eða Íhaldsflokkinn, en undanfarið hafa 35 prósent kjósenda kosið aðra flokka – og flestir þeirra reyndar Frjálslynda flokkinn.

Þeir sem vilja halda í gamla kerfið segja hins vegar að nýja kerfið verði allt of flókið og kosningaúrslitin verði ekki jafn skýr. Samsteypustjórnir verði algengari þar sem flokkarnir geti ekki staðið við þá stefnu sem þeir boðuðu fyrir kosningar.

Í dag er einnig kosið til þings í Skotlandi, Wales og á Norður-Írlandi, auk þess sem kosið verður til sveitarstjórna í Englandi.

**gudsteinn@frettabladid.is**




*Haraldshádegi* í Arion banka

Í dag, kl. 12.15–13.00 fjallar *Haraldur Sigurðsson* prófessor, eldfjallafræðingur og forstöðumaður Eldfjallasafns í Stykkishólmi um *viðskipti og vísindi* í fyrirlestrarsal Arion banka Borgartúni 19. Haraldur mun fjalla um áhrif eldgosa á viðskipti í alþjóðlegu samhengi, þar á meðal um gosið í Eyjafjallajökli og hugsanleg áhrif Kötlugoss.

Nýlega kom út bókin *Eldur niðri* sem fjallar um ævi og störf Haralds. Verk í eigu Eldfjallasafnsins í Stykkishólmi verða til sýnis í bankanum.

*Verið velkomin.*

Arion banki




## ix20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningarsalinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai ix20 er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lipur en svo miklu stærri en þú heldur. Komdu og reynsluaktu Hyundai ix20, hann á eftir að koma þér á óvart.

**Verð: 3.490.000 kr.** (sjálfskiptur)

Eyðsla í blönduðum akstri 6,5 l/100km



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000



**HUNDUR Í HÁSKA** Hann er ekki öfundsverður, þessi hundur sem er tjóðraður meðan örninn fær að æfa sig gestum til skemmtunar á veiðihátíð í Kirgisistan. NORDICPHOTOS/AFP

Ný skýrsla frá Barnaheill – Save the Children um vísitölu mæðra í heiminum:

# Mæður á Íslandi hafa það einna best

**SAMFÉLAGSMÁL** Mæður á Íslandi, í Noregi og Ástralíu eiga auðveldast með að sinna hlutverki sínu. Erfiðast er að vera móðir í Afganistan. Eru þetta niðurstöður Barnaheilla – Save the Children, sem meta stöðu mæðra í heiminum samkvæmt svokallaðri „vísitölu mæðra“. Kemur þetta fram í tilkynningu frá Barnaheill á Íslandi.

Vísitalan raðar löndum heims niður eftir því hvar er auðveldast og hvar er erfiðast að vera móðir og ber saman velferð mæðra og barna þeirra í 164 löndum. Í tíu neðstu sætunum eru, auk Afganistans, Mið-Afríkulýðveldið, Súdan, Malí, Erítrea, Alþýðulýðveldið Kongó, Tsjad, Jemen, Gínea-Bissá og Níger. Átta þessara tíu ríkja eru í Afríku sunnan Sahara. Átta af tíu ríkjum í efstu sætunum eru í Vestur-Evrópu.

Í Afganistan eru tvö af hverjum fimm börnum vannærð og eitt af hverjum fimm börnum deyr fyrir fimm ára aldur. Lífslíkur kvenna í Afganistan eru 45 ár og ganga þær að meðaltali skemur en fimm ár í skóla. Í Noregi deyr eitt af hverjum 333 börnum fyrir fimm ára aldur, konur ganga að jafnaði átján ár í skóla og verða 83 ára gamlar.

„Í ár munu að líkindum 230 þúsund afgönsk börn undir fimm ára aldri deyja, oftast nær úr sjúkdómum sem koma hefði mátt í veg fyrir,“ segir í tilkynningu frá Barnaheill.

- sv



**BÖRN Í AFGANISTAN** Eitt af hverjum fimm börnum í Afganistan deyr fyrir fimm ára aldur. NORDICPHOTOS/AP


Björgun ehf. til sölu

Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans hf., hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans að annast sölu á öllu hlutafé í Björgun ehf. Björgun rekur sanddæluskip og búnað til að stunda verktöku, einkum hafnardýpkanir, og er umfangsmikill efnissali til þeirra sem sinna mannvirkjagerð á Íslandi.

Söluferlið hefst formlega með þessari auglýsingu og er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem standast hæfismat og sýnt geta fram á fjárfestingargetu að upphæð 400 milljónir króna.

Skilyrði fyrir þátttöku í söluferlinu er að fjárfestar fylli út upplýsingaeyðublað fyrir fjárfesta og trúnaðaryfirlýsingu. Unnt er að nálgast þau gögn ásamt frekari upplýsingum um söluferlið og félagið sem er til sölu á vef Landsbankans, frá og með fimmtudeginum 5. maí 2011.

**Tímafrestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum rennur út kl. 12:00, föstudaginn 3. júní 2011.**

Þeim fjárfestum sem skila inn hagstæðustu tilboðunum að mati seljanda verður boðin þátttaka í öðru stigi söluferlisins. Tímafrestur til að skila inn skuldbindandi tilboðum rennur út kl. 12:00, miðvikudaginn 29. júní 2011. Stefnt er að því að söluferlinu ljúki fyrir lok júlí 2011.

**Um Björgun**
Björgun var stofnað 11. febrúar árið 1952. Félagið er leiðandi framleiðandi steinefna til hverskonar mannvirkjagerðar á Íslandi. Félagið aflar hráefnis úr námum, bæði á hafsbotni með uppdælingu efnisins og á landi með hefðbundnum hætti. Efnið er eftir atvikum flutt til frekari vinnslu á athafnasvæði félagsins við Sævarhöfða í Reykjavík.

Björgun hefur um árabil stundað verktöku af ýmsu tagi, svo sem hafnardýpkun, uppdælingu á efni til landfyllinga og uppdælingu á efni til frekari nýtingar á vegum annarra. Á síðari árum hefur Björgun staðið að landaþróunarverkefnum, bæði á eigin vegum og í samvinnu við aðra. Verkefnin eiga það sammerkt að felast í uppbyggingu sjávarlóða á höfuðborgarsvæðinu.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.landsbankinn.is.**

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280



Auglýsingasími
512 50 50








**HÆLAVÍKURBANGSINN** Fjórða dýrið sem vitað er um að hafi gengið hér á land á síðustu þremur árum. MYND/LHG

# Sagan geymir 600 hvítabirni

**Tíðar komur hvítabjarna eru vel þekktar í sögunni. Tugir dýra hafa komið á stuttum tíma. Jafnframt er gott að hafa í huga að orðið ísbjörn er þýðing úr dönsku. Hvítabjörn finnst í handritum á 12. öld.**

**FRÉTTASKÝRING**

Eru tíðar komur hvítabjarna til landsins undanfarin þrjú ár að einhverju leyti sérstakar í sögulegu tilliti?

Undanfarin þrjú ár hafa fjórir hvítabirnir komið hingað til lands og allir verið skotnir. Í öll skiptin hefur mikil umræða verið um það í samfélaginu hvort réttlætanlegt sé að drepa dýrin eða hvort ástæða sé til að reyna að fanga þá lifandi og sleppa þeim í sínu náttúrulega umhverfi á Grænlandi. Eins er mikið rætt um að komur dýranna séu að einhverju leyti sérstakar og þá oft vísað til breytinga í náttúrunni vegna hlýnandi veðurfars. En er það svo?



**ÆVAR PETERSEN**

Ævar Petersen, dýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, hefur safnað upplýsingum um komur hvítabjarna til landsins um árabil. Hann segir það rangt að á þremur árum hafi komið fleiri birnir en næstu sjö áratugina á undan, eins og haldið hefur verið fram opinberlega. „Á síðastliðnum árum hafa komið fjórir birnir en í sjötíu árin þar á undan er vitað um alls þrjátíu dýr. Þar af voru fjórtán á sjó úti, aðallega á hafís, en sextán fundust uppi í landi. Þó er það rétt að meðaltalið yfir síðustu sjötíu árin er björn annað hvert ár, en árlega síðustu fjögur ár. En slíkur samanburður er varla raunhæfur,“ segir Ævar.

Spurður hvort finna megi dæmi um tíðar hvítabjarnakomur áður í sögunni; tímabil sem sérstaklega skera sig úr segir Ævar að svo sé vissulega. „Árið 1918, og frostaveturinn mikli, var mjög sérstakt enda hafís landfastur lengi en þá komu þrjátíu hvítabirnir. Sama má segja um tímabilið 1879 til 1882 en þá komu alls rétt yfir hundrað birnir, þar af sáust tólf saman. Árin 1274-75 komu um fimmtíu dýr; 1615 komu ellefu; 1621 komu 25; 1705 tíu dýr og 1745 komu þrjátíu svo eitthvað sé nefnt.“

Ævar vill eindregið nota orðið hvítabjörn yfir dýrin, ekki ísbjörn sem er þýðing úr dönsku. „Hvítabjörn er þekkt í íslensku að minnsta kosti frá 12. öld en ísbjörn kom fyrst fram í rituðu máli snemma á 19. öld og var í raun lítið sem ekkert notað fyrr en á 20. öld. Orðið bjarndýr var mikið notað á 19. öld um hvítabirni en það er núna yfirleitt haft sem almennt heiti yfir birni – hvíta, brúna og svarta,“ segir Ævar, sem hefur fundið heimildir um 600 hvítabirni á Íslandi í um 300 tilvikum og stöðugt bætast við upplýsingar. Hann segir ljóst að víða leynist upplýsingar í dagbókum, ævisögum, héraðslýsingum auk annarra heimilda.

Því er ástæða fyrir áhugafólk um náttúruna og komur dýranna til að deila upplýsingum með Ævari svo fyllri mynd náist af þessum hluta íslenskrar náttúrusögu.

svavar@frettabladid.is

SKOÐIÐ BÆKLINGINN
OG FLEIRI TILBOÐ Á
WWW.NETTO.IS




markhonnun.is

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

# NÝR BÆKLINGUR KOMINN ÚT

**NAUTAINNRALÆRI**
FERSKT
40% afsláttur

**2.129** kr/kg
áður 3.549 kr/kg

**VÍNARBRAUÐSLENGJA**
NÝ BÖKUÐ
50% afsláttur

**239** kr/stk.
áður 479 kr/stk.

**MANGÓ**
Í LAUSU
50% afsláttur

**210** kr/kg
áður 419 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda **5. – 8. maí**
eða meðan birgðir endast



Skóli Ísaks Jónssonar

**Skóli Ísaks Jónssonar** er sjálfseignarstofnun sem unnið hefur að menntun yngstu nemenda grunnskólans í 85 ár, frá 1926. Í Ísaksskóla mótar einlægur, faglegur metnaður skólastarfið auk þess sem hann eflir heilbrigða lífshætti. Einkunnarorðin sem Ísak Jónsson valdi skólanum standast tímans tönn: Starf, háttvísi, þroski og hamingja.

Lýðheilsustöð sameinaðist embætti landlæknis:

# Stuðla að heilbrigði

**HEILBRIGÐISMÁL** Lýðheilsustöð sameinaðist embætti landlæknis 1. maí í samræmi við nýsamþykkt lög frá Alþingi. Í lögunum segir að markmið þeirra sé „að stuðla að heilbrigði landsmanna, meðal annars með því að efla lýðheilsustarf og tryggja gæði heilbrigðisþjónustu og stuðla að því að lýðheilsustarf og heilbrigðisþjónusta byggist á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma“.

Undirbúningur sameiningar hefur staðið yfir allt frá ársbyrjun 2010. Unnið er að því að finna embættinu nýtt húsnæði en fyrst um sinn mun starfsemi hins stækkaða embættis landlæknis fara fram á tveimur starfsstöðvum.

Vefsetur Landlæknisembættisins verður starfrækt óbreytt enn um sinn en fyrirhugað er að opna nýjan og endurskipulagðan vef bráðlega þar sem efni af vefjunum tveimur verður sameinað. Embætti landlæknis var stofnað árið 1760 og hélt því upp á 250 ára afmæli sitt á síðastliðnu ári. Sú sameining sem nú er staðreynd er því enn ein varðan í langri sögu skipulagðrar heilbrigðisþjónustu hér á landi, segir í tilkynningu frá embættinu. - shá



**FULLVELDIÐ GRUNDVÖLLUR STJÓRNMÁLAUMRÆÐU** Í nýrri bók sinni segir Eiríkur Bergmann Einarsson að hugmyndir um fullveldi og þjóðina liggi að baki íslenskri stjórnmálaumræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fullveldið er undirstaðan

**Í nýrri bók Eiríks Bergmanns Einarssonar kemur fram að stjórnmálaumræða hér á landi hafi lengi mótast af hugmyndum um fullveldi og þjóðina. Ekki sé útlit fyrir breytingar á því í nánustu framtíð.**

**STJÓRNMÁL** Hugmyndir um þjóðina og fullveldi hafa einkennt íslenska stjórnmálaumræðu um áratugaskeið og eru í raun gegnumgangandi í flestöllum deilumálum um utanríkismál, allt frá inngöngunni í NATO árið 1949.

Þetta er meginefni nýrrar bókar frá Eiríki Bergmanni Einarssyni stjórnmálafræðingi, en hún ber heitið Sjálfstæð þjóð – trylltur skríll og landráðalýður.

Þar greinir Eiríkur umræðuna í kringum nokkur umdeildustu mál síðustu áratuga, aðild Ísland að NATO, EFTA, EES, ESB og svo umræðuna í kringum Icesave og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að efnahagsmálum hér á landi.

„Þessi bók er tilraun til að skilja þau áhrif sem hugmyndir um þjóðina og fullveldið hafa á stjórnmálaumræðuna,“ segir Eiríkur í samtali við Fréttablaðið.

Niðurstaða hans er sú að fullveldið sé í raun grundvöllur pólitískra hugmynda hér á landi.

Eiríkur segir að langur aðdragandi hafi verið að þessari hugmynd, sem megi rekja til upphafs sjálfstæðisbaráttu Íslands á fyrri hluta nítjándu aldar.

„Íslenskir stúdentar í Danmörku mótuðust af hugmyndum um lýðræði og grundvöll ríkja. Danskir lýðræðissinnar afnámu einveldi konungs og það er ekki ólíklegt að við það hafi Íslendingarnir hugsað með sér að þar sem Danir hafi markað sér stöðu sem þjóð, gætu Íslendingar gert hið sama.“

Eiríkur undirstrikar mikilvægi þessara brautryðjenda fyrir Ísland og Íslendinga.

„Þetta voru flottir menn sem tóku alþjóðlega strauma og notuðu til að lyfta Íslandi úr dróma, upp til nútímans svo að úr varð alvöruríki á meðal ríkja.“

Þessar hugmyndir hafi síðar orðið grundvöllur stjórnmálaumræðu allt fram til dagsins í dag.

Að sögn Eiríks eru margir fletir á þessu máli þar sem fólk eða hópar með gagnstæðar skoðanir geti rekið mál sín á grundvelli þjóðernis.

„Það virðist vera lykilatriði til árangurs í íslenskri pólitík að geta nýtt sér þjóðina og fullveldið,“ segir Eiríkur og bætir því við að þó að vissulega sé hægt að beita fyrir sig hugmyndum um þjóðina í neikvæðum tilgangi, séu þær alls ekki neikvæðar í grunninn.

Eiríkur telur að þessar hugmyndir um fullveldið og þjóðina verði áfram undirstaða íslenskrar stjórnmálaumræðu.

„Þessar grundvallarhugmyndir urðu til í sköpunarsögu íslenska ríkisins og verður ekki breytt svo glatt. Þú skiptir ekki um innrætingu í fólki, því að við höfum öll sömu tilfinningu gagnvart hlutum eins og handboltalandsliðinu, lambakjöti og tungumálinu.“

thorgils@frettabladid.is

...SÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR

// LJÓÐABÆKUR // ÆVISÖGUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆ...

ALLT Á AÐ SELJAST!

# VOR HREIN GERNING ÚTGEFENDA

VERÐHRUN!

OPIÐ ALLA DAGA KL. 11 - 18

Allir sem versla fá bók að gjöf!

## BORGARTÚNI 29

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~28.900,-~~ 9.900,-




~~7.900,-~~ 4.900,-

SPIL Á HLÆGILEGU VERÐI!




~~5.990,-~~ 2.490,-




~~3.990,-~~ 990,-

FJÖLDI TITLA Á UNDIR 1.000 KR!




~~4.980,-~~ 990,-



~~5.280,-~~ 990,-




~~3.990,-~~ 990,-




~~3.990,-~~ 2.500,-




~~2.290,-~~ 1.790,-




~~2.490,-~~ 1.690,-




~~1.990,-~~ 690,-




~~3.900,-~~ 1.990,-

ZO•ON ICELAND
20 % afsláttur af öllum vörum.

augað
20% afsláttur af öllum vörum.

BOSSANOVA
20% afsláttur af völdum vörum.

ÚTILÍF
Kynning á Asics og Casal með 20% afslætti.

WAREHOUSE
25% afsláttur af öllu.*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ZIK ZAK TÍSKUHÚS
20% afsláttur af öllum vörum.

UNITED COLORS OF BENETTON.
20% afsláttur af öllum vörum.

DOGMA
20 % afsláttur af öllum vörum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð
20% afsláttur af fatnaði og snyrtivörum.

La SENZA
20% afsláttur af „Baby Doll“ og náttkjólum.

MÝRIN
15% afsláttur af öllum vörum.

Timberland
20% afsláttur af öllum vörum.

BIANCO FOOTWEAR
20% afsláttur af öllum vörum.

ecco
20% afsláttur af völdum vörum.

HUGO BOSS
20 % afsláttur af öllum vörum.

Levi's
30% af öllum bolum, peysum og jökkum.

next
25% afsláttur af öllum vörum.

TOPSHOP
25% afsláttur af jökkum og 10% af öðrum vörum.

BLEND
25% afsláttur af öllum vörum.

Eik
20% af öllum fatnaði.

JOE BOXER
20% af öllum vörum.

L'OCCITANE EN PROVENCE
20% afsláttur af völdum vörum.

NOLAND
20% afsláttur af völdum vörum.

TUZZI FASHION & PERSONAL
20% afsláttur af öllum vörum.

66° NORTH
20% afsláttur af völdum regnfatnaði.

cafe roma
Grillað panini og drykkur að eigin vali á 990 kr.

GAME STÖÐIN
Allir T- bolir á 1.990 kr.

KAREN MILLEN
25% afsláttur af kjólum og skóm*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

M·A·C
20% afsláttur af öllum vörum.

Sony Center
20% afsláttur af öllum sjónvarpstækjum.

ALLSAINTS SPITALFIELDS
25% afsláttur af völdum vörum.

Casa
20% afsláttur af öllum vörum.

FRIIS & COMPANY
20% afsláttur af öllum vörum.

Kultur menn
20% afsláttur af öllum vörum.

MAKE UP STORE
20 % afsláttur af öllum vörum.

Sparkz
20% afsláttur af öllum vörum.

AVEDA
20% afsláttur af mótunarvörum.

DAY BIRGER ET MIKKELSEN
25% afsláttur af völdum vörum.

Grand Collection
20% afsláttur af öllum vörum.

Kultur
20% afsláttur af öllum vörum.

Mohawks
25% af öllum buxum.

Spúútnik
20% afsláttur af öllum vörum.


Kringlan
Miðnætur SPRENGJA
Verslanir opnar til miðnættis.
Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.
17-24 Ertu trendí? Komdu í myndatöku í Kringlusettið, flottasta lúkkið vinnur 100.000 kr. gjafakort
17-19 Kaffi frá Kaffitári og konfekt frá Nóa Síríusi
17-24 DJ spilar
17-22 Förðunarráðgjöf og kynning á snyrtivörum
18-24 Módelleit með Elite, Nude og Makeup Store
20.00 Helgi Björns tekur lagið
20.30 Jóhanna Guðrún syngur
21.00 Tískusýning, vor- og sumartískan fyrir dömur
22 .00 Oroblu tískusýning
22.30 Friðrik Dór syngur
23.00 Hljómsveitin Orphic Oxtra keyrir upp stuðið
Skráðu þig á póstlistann okkar og þú gætir unnið 100.000 kr. gjafakort!
facebook.com/kringlan.is
Aðeins þennan eina dag
15–60% afsláttur
Kynntu þér frábær tilboð frá yfir 100 verslunum
www.kringlan.is

# MIÐNÆTUR

Verslanir opnar til miðnættis.

**COSMO Kringlunni**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Deres**
20% afsláttur af öllum vörum.

**DRESS MANN**
Skyrtur frá 2.490. og bindi (3 stk.) 3.990

**Cintamani**
25 % afsláttur af öllum kónga bláum vörum.

**Sokkabúðin cobra**
20% afsláttur af öllum vörum.

**COMPANYS**
20% afsláttur af öllum vörum.

**PORTIÐ**
20% afsláttur af Tapas réttum.

**SELECTED**
Allt að 60% afsláttur af völdum vörum.

**Eymundsson**
20% afsláttur af allri vöru.

**Aktu Taktu Express**
4 borgarar, 2 ltr. gos og franskar á 2.890 kr.

**Kringlukráin**
25% afsláttur af pizzum.

**serrano**
Mission Burrita og Kristall á 999 kr. Rétt verð 1.248 kr.

**TEKK COMPANY**
20% af öllum vörum.

**heilsuhúsið**
20% afsláttur af bætiefnum frá Higher Nature og Solaray.

**Kaupfélagið**
20% afsláttur af völdum vörum.

**MOTOR**
20% afsláttur af öllum vörum og 50% af völdum vörum.

**S·K·Í·F·A·N**
20% af allri íslenskri tónlist.*
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**VERO MODA**
Allt að 50% afsláttur af meira en 30 vörutegundum.

**galleri sautján**
20% afsláttur af öllum vörum.

**ISLANDIA TOURIST SHOP**
20% afsláttur af öllum vörum.

**Marc O'Polo**
20% afsláttur af öllum vörum.

**prooptik gleraugu**
20% afsláttur af öllum vörum.

**DÝRABÆR**
20% afsláttur af öllum vörum.

**B&S**
B&S Kringlunni 553 4141
20 % afsláttur af öllum vörum.

**gleraugnasmiðjan**
Daglinsur 30 stk. 1.990 kr. Lacoste sólgler-augu 14.900 kr.

**JACK & JONES**
Allt að 60% afsláttur af völdum vörum.

**Markaðstorgið**
30% afsláttur af öllum vörum.

**rhodium**
KRINGLUNNI & SMÁRALIND
20% afsláttur af úrum.

**STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN**
20% afsláttur af völdum vörum.

**KRINGLUNNI SAMBÍÓIN**
Tveir fyrir einn í bíó.

Kringlan

# SPRENGJA

Glæsileg tilboð og frábær skemmtiatriði.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| byggtogbúið – 20% afsláttur af flestum vörum, | Café Bleu – 30% afsláttur af öllum hamborgurum á matseðli. | sense – 20-40% afsláttur af völdum vörum. | Sparkz – 20% afsláttur af öllum vörum. | name it – Allt að 50% afsláttur af meira en 30 vörutegundum. | smárar – 20% af öllum vörum. |
| Brim – 20% afsláttur af öllum vörum. | evans – 20% afsláttur af öllum vörum. | Jón & Óskar – 20% afsláttur af Skagen vörum. | Lyf & heilsa Kringlunni – 15-30% afsláttur af völdum vörum. | OUTFITTERS NATION – 30% afsláttur af völdum vörum. | URBAN – 23% afsláttur af öllum vörum. |
| gs skór – 20% afsláttur af öllum vörum. | Jens – 20% afsláttur af Uppsteyt vörum. | meba – 20% afsláttur af úrum. | SHARE – 20% afsláttur af öllum vörum. | THE BODY SHOP – 20% afsláttur af öllum vörum. | VILA clothes – 30% afsláttur af völdum vörum. |
| focus – 20% afsláttur af öllum vörum. | herra GARÐURINN – 20% af öllum vörum. | KISS – 20% afsláttur af öllum vörum. | oasis LONDON – 25% afsláttur af öllu vörum. | skór.is – 20% afsláttur af völdum vörum. | KRISTA/Quest – 20% afsláttur af öllum vörum. |
| Galla Buxnabúðin – 20 % afsláttur af öllum vörum. | HYGEA – 20% af öllum vörum. | Leonard – 20% afsláttur af Sif Jakobs skarti frá kl: 18-24. | POLARN O. PYRET – „Tax free“ af öllum vörum. | SMASH – 20% afsláttur af öllum vörum. | ENGLABÖRNIN – 20 % afsláttur af öllum vörum. |

# neytendur
hagur heimilanna

**18.961** **BARN** sótti leikskóla í desember 2010 samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofu Íslands og hafa aldrei verið fleiri. Fjölgunin frá fyrra ári nam 1,8 prósentum, en um 30 prósentum frá árinu 2000. Þá voru 14.574 börn skráð í leikskóla í desember.

## GÓÐ HÚSRÁÐ Pítsukassar

*Góð leið til að brjóta saman pítsukassa*

Oft getur verið vandasamt að brjóta saman pítsukassa svo hann passi í ruslapokann eða rennuna með góðu móti. Í staðinn fyrir að hoppa ofan á kassanum og bögglast við að brjóta hann saman er hægt að bleyta upp í pappanum með því að stinga honum stutta stund undir bununa í vasknum eða sturtunni. Þá linast pappinn upp og auðveldlega er hægt að vöðla hann saman eins og leir eftir að búið er að vinda mesta vatnið í burtu.

**NEYTANDINN:** GUÐRÚN JOHNSEN, LEKTOR VIÐ HR

## *Elskar kaffivélina*



„Bestu kaupin eru sjálfvirk ítölsk DeLonghi-kaffivél sem fékkst í Heimilistækjum árið 2006. Hún hefur aldrei klikkað og veitir mér gleði á hverjum degi," segir Guðrún Johnsen, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Hún segir vélina hafa kostað sitt, um sextíu þúsund krónur, á sínum tíma. Tengdafaðir hennar kom til móts við fjárútlát fjölskyldunnar með peningagjöf til manns Guðrúnar á fertugsafmæli hans. „Á endanum bárum við ekki stóran kostnað vegna vélarinnar, en allan ábatann," segir Guðrún, hlær og bætir við að kostir kaffivélarinnar séu slíkir að nú þegar hún fari sjaldnar til annarra landa en áður geti hún hellt upp á og ímyndað sér að hún sé á einu af kaffihúsum Starbucks. „Gestirnir njóta þess líka, þeir muna alltaf eftir því hvað kaffið var gott þegar þeir komu síðast."

Guðrún telur sig hafa gert sín verstu kaup sama ár og kaffivélin var keypt. Þá keypti fjölskyldan notaðan bíl fyrir 1,8 milljónir króna. Guðrún leitaði sér upplýsinga um bílinn og ákvað að kaupa hann vegna lágrar bilanatíðni þessarar tilteknu bílategundar.

En raunin varð önnur. Sjálfskiptingin í bílnum bilaði á sama tíma og bankarnir fóru í þrot haustið 2008. Bílinn fór á verkstæði en varð að vera þar í tíu vikur þar sem gjaldeyrir var ekki til í landinu til kaupa á varahlutum. „Þetta var mjög sárt enda bíllinn eini fjölskyldubíllinn. Svo kostaði viðgerðin fimm hundruð þúsund krónur, sem var tæpur þriðjungur af kaupverði bílsins. Þetta voru verstu kaupin," segir Guðrún Johnsen.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir



**Í BÍÓI** Bíóferð er góð skemmtun en hún getur verið dýr séu tilboð kvikmyndahúsanna ekki nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bíóferð fjölskyldunnar kostar um 7.000 krónur

**Bíóferð fyrir fjögurra manna fjölskyldu, tvo fullorðna og tvö börn á aldrinum 9-12 ára, getur auðveldlega kostað nálægt sjö þúsund krónum. Þessa upphæð þarf fjölskyldan að greiða ef keypt er lítil kók og lítill poki af poppkorni handa hverjum og einum ásamt bíómiðum þegar engin tilboð eru.**

Hjá Sambíóunum er almennt miðaverð fyrir fullorðna 1.200 krónur og miðaverð fyrir 9-12 ára 1.100 krónur. Verð bíómiðanna fyrir fjölskylduna er þess vegna 4.600 krónur. Lítil kók kostar 285 krónur og lítill poki af poppkorni kostar 270 krónur. Samtals kostar meðlætið 2.220 krónur fyrir fjóra.

Alls þarf fjölskyldan að greiða 6.820 krónur fyrir skemmtunina án tilboða.

Alfreð Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna, segir miðaverð hafa hækkað um 50 krónur 2. maí síðastliðinn. „Árið 2002 kostaði bíómiðinn 800 krónur en ef við reiknum verðhækkunina miðað við neysluverðsvísitölu 2011 ætti bíómiðinn að kosta 1.313 krónur en hann kostar aðeins 1.200 krónur."

Almennt miðaverð fyrir börn yngri en 9 ára er 700 krónur og fyrir eldri borgara og öryrkja 900 krónur. Miði í lúxussal kostar 2.400 krónur. Þrívíddarmiðaverð er hærra fyrir alla aldurshópa eða sem nemur um 16 prósentum, að sögn Árna.

„Ástæðan fyrir því að miðaverð á myndir sýndar í þrívídd er hærra en á myndir í tvívídd er dýrari tæknibúnaður sem notaður er við sýningarnar auk þess sem myndirnar eru dýrari í framleiðslu. Þær njóta hins vegar mikilla vinsælda. Í fyrra voru 22 prósent af sýndum myndum í þrívídd en í ár verður fjöldinn að öllum líkindum 30 prósent."

Til þess að draga úr kostnaði við bíóferð er um að gera að nýta sér tilboðin sem í boði eru. Á þriðjudögum kostar miðinn hjá Sambíóum 750 krónur fyrir fullorðna. Um helgar er boðið upp á Sparbíó fyrir fjölskylduna. „Til þess að létta undir með fólki bjóðum við auk þessa mörg önnur tilboð sem lesa má um á vefsíðunni okkar."

Jón Eiríkur Jóhannsson, rekstrarstjóri Háskólabíós og Smárabíós, segir almennt miðaverð, sem er 1.200 krónur, lækka um 100 krónur sé miðinn keyptur á netinu. Þessi kvikmyndahús bjóða jafnframt upp á tilboð á þriðjudögum og um helgar og það gerir einnig Laugarásbíó.

Almennt miðaverð í Laugarásbíói er 1.100 krónur. Sé miðinn keyptur á netinu er gefinn 50 króna afsláttur.

ibs@frettabladid.is




■ **Orka**

## Minna en helmingur les af og hringir inn

Orkuveita Reykjavíkur hefur nú farið í gang með tilraunaverkefni síðustu mánuði þar sem íbúum Reykjavíkur er gefinn kostur á að lesa sjálfir af orkumælum og hringja inn álesturinn. Bréf voru send út til íbúa og segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, að besti árangurinn í einum mánuði hafi verið þegar um 40 prósent hafi lesið sjálf af mælum sínum og tilkynnt tölurnar..

„Það er mjög gott til að byrja með," segir Eiríkur. „Ef þetta gefst vel munum við halda þessu áfram. Álesturinn er partur af innheimtukerfi, sem viðskiptavinirnir bera endanlega kostnaðinn af. Það er verið að leita að hagræðingu í því eins og öðru með því að prófa þessa leið."

■ **Samgöngur**

## Fimm þúsund króna sekt fyrir nagladekk



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun á næstunni byrja að sekta þá eigendur sem enn hafa nagladekk undir bílum sínum. Eigendur og umráðamenn ökutækja sem eru búin nagladekkjum eru beðnir um að gera þar bragarbót á.

Lögreglan mun rukka eigendur um fimm þúsund krónur fyrir hvert nagladekk, og raunar sömuleiðis fyrir hvern óhæfan hjólbarða, eins og það er orðað. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu, sem mun hefja sektir mánudaginn 9. maí. - sv




ÚTILÍF
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS
ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA
Í ÚTILÍF KRINGLUNNI MILLI
KL. 18.00 OG 22.00 Í KVÖLD.
• 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR
Á VÖRUM FRÁ ASICS OG CASALL.
• HEPPNIR VIÐSKIPTAVINIR FÁ VINNINGA
FRÁ ASICS OG CASALL.
• LOGI GEIRSSON FRÁ ASICS GEFUR GÓÐ RÁÐ.
• LÝÐUR SKARPHÉÐINSSON, SÉRFRÆÐINGUR
Í FÓTAGREININGUM, RÁÐLEGGUR VIÐ VAL Á
RÉTTUM SKÓFATNAÐI FRÁ ASICS.
• LÁRULIÐAR FRÁ SPORTHÚSINU VERÐA MEÐ
SKEMMTILEGA LEIKI FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA
OG KYNNA LÍKAMSRÆKTARTÆKI FRÁ CASALL.
asics
casall
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

**25 MILLJÓNIR** Bandaríkjadala, jafnvirði 2,8 milljarða króna, er hagnaður Century Aluminium, móðurfélags Norðuráls, á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra hagnaðist fyrirtækið um 6,3 milljónir dala.

Daniel Levin nýr stjórnarformaður Íslandsbanka:

# Hefur unnið á Íslandi um árabil

Dr. Daniel Levin lögmaður var kosinn stjórnarformaður Íslandsbanka á aukaaðalfundi í fyrradag. Hann tekur við af Raymond Quinlan.

Eins og fram kom í ítarlegu viðtali við Levin í Fréttablaðinu í nóvember 2008 þekkir hann vel til aðstæðna hér. Hans fyrstu kynni af landinu voru þegar hann vann með Seðlabankanum að fyrstu skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjunum árið 1993. Eftir það tók hann vinfengi við þjóðina, hefur bæði kennt við Endurmenntunarstofnun og haldið hér fyrirlestra.

Levin er með sérþekkingu í stjórnarháttum fyrirtækja og hefur í um aldarfjórðung sérhæft sig í ráðgjöf og uppbyggingu fjármálageirans í löndum þar sem innviðir samfélagsins hafa hrunið. Hann var meðal annars ráðgjafi stjórnvalda í Rússlandi eftir fall



**DR. LEVIN** Nýr stjórnarformaður Íslandsbanka er sérfræðingur í endurreisn landa sem hafa horft upp á efnahagshrun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

kommúnismans, við fall pesóans í Suður-Ameríku, og víðar svo sem í Austur-Evrópu, Afríku, SA-Asíu og í Kína. Þar að auki á Levin sæti í stjórnsýslunefnd Liechtenstein sem vinnur að þekkingarmiðlun milli landa og að eflingu pólitískrar, efnahagslegrar og félagslegrar þróunar. **- jab**

Framleiðslukostnaður eykst:

# Mesta hækkun frá 2008

Hækkandi framleiðsluverð í Evrópu ýtir undir vangaveltur um mögulega stýrivaxtahækkun Seðlabanka Evrópu.

Framleiðsluverð í Evrópu í mars hækkaði um 6,7 prósent milli ára, en það er sögð mesta hækkun frá því í september 2008.

„Hærra framleiðsluverð og hækkandi orkuverð veldur auknum áhyggjum af hærra neysluverði sem þrýstir á Seðlabanka Evrópu að hækka stýrivexti enn frekar,“ segir í umfjöllun IFS Greiningar í gær. **- óká**

Hópur ríkustu einstaklinga heims stækkar við skráningu Glencore á markað:

# Metinn á sjö þúsund milljarða

Fyrirhuguð skráning svissneska hrávörurisans Glencore International á markað í London er sú umfangsmesta sem sést hefur í breskum fjármálageira. Hlutabréf fyrirtækisins verða jafnframt skráð á markað í Hong Kong.

Áætlað er að hlutabréfaverðið muni hlaupa á 480 til 580 pensum á hlut. Miðað við það gæti markaðsverðmæti fyrirtækisins legið öðru hvoru megin við 36,5 milljarða punda, jafnvirði rúmra 6.700 milljarða króna.

Glencore stjórnar um helmingi af öllum málmviðskiptum heimsins og er aðaleigandi Century Aluminium, sem aftur á og rekur Norðurál á Grundartanga.

Hópur kjölfestufjárfesta hefur samþykkt að kaupa samanlagðan 31 prósents hlut í fyrirtækinu í útboði fyrir skráningu á markað. Breska ríkisútvarpið segir stærsta kaupandann vera Aabar Investments frá Abu Dhabi. Félagið á sömuleiðis hlut í bílaframleiðandanum Daimler og ítalska bankanum UniCredit. Ekki þykir ólíklegt að bandarísku fjárfestingarsjóðirnir BlackRock og Fidelity verði í fjárfestahópnum.

## Nýir milljarðamæringar

Ivan Glasenberg, forstjóri Glencore International, er helsti hluthafi fyrirtækisins með átján prósenta hlut. Miðað við vænt markaðsverðmæti Glencore nemur hlutabréfaeign hans um sex milljörðum punda, jafnvirði 1.100 milljarða íslenskra króna. Við það fer hann í hóp með ríkustu mönnum heims. Aðrir lykilstjórnendur Glencore, sem eiga allt upp undir sex prósent hver, verða sömuleiðis auðmenn eftir skráninguna. Bloomberg-fréttastofan bendir á að kvaðir séu lagðar á helstu stjórnendur því þeim er meinað að selja hlutabréf sín í fyrirtækinu. Hömlurnar eru mislangar eftir goggunarröð, almennir starfsmenn geta selt hlutabréf sín eftir ár. Þeir sem hærra eru settir geta ekki gert það fyrr en eftir fimm ár.

Kaupmáttur launa gæti aukist um eitt prósent miðað við samningsdrög:

# Líkur aukast á meiri verðbólgu

Verði samið um launakjör á þeim nótum sem nú er rætt um á milli ASÍ og SA leiðir það til meiri verðbólguþrýstings en spár hafa gert ráð fyrir. Greining Íslandsbanka sagði í umfjöllun sinni í gær að tilboð upp á þrettán prósenta launahækkun á næstu þremur árum og fimmtíu þúsund króna eingreiðsla við undirritun samnings þýði að launakostnaður vinnuveitenda aukist að jafnaði um sex prósent það sem eftir lifir árs.

„Er þá bæði reiknað með áhrifum ríflega 4 prósenta samningsbundinnar hækkunar og eingreiðslunnar,“ segir í umfjöllun Íslandsbanka og sagt ljós að mörg fyrirtæki komi til með að þurfa að velta kostnaðaraukanum að verulegu leyti út í verðlag. „Á það sérstaklega við um fyrirtæki sem veita innlenda þjónustu og framleiða vörur fyrir innlendan markað, en útflutningsgreinar hafa líklega öllu meira borð fyrir báru að taka á sig slíka hækkun vegna hagstæðra rekstrarskilyrða að öðru leyti.“

Greining Íslands banka segir þó engu að síður líklegt að launahækkun á borð við þá sem nú sé í umræðunni skili launafólki nokkurri kaupmáttaraukningu á næstu misserum. „Útlit er nú fyrir að verðbólga í lok árs verði tæplega 3,5 prósent og að á næsta ári verði verðbólgan í grennd við 3,0 prósent. Miðað við það gæti kaupmáttaraukningin orðið í kring um 1,0 prósent hvort ár.“ **- óká**



MIÐNÆTUR-SPRENGJA Í KRINGLUNNI Í KVÖLD

# Sumarstemning til miðnættis

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

Lyf & heilsa býður fjölmargar vörur á afslætti á Miðnætursprengju Kringlunnar í dag, **fimmtudaginn 5. maí.** Það verður sumarstemning í búðinni, kynningar á vörum, kaupaukar og fullt af skemmtilegum tilboðum.

20% AF CHANEL

20% AF BIOTHERM

15% AF ILMUM

20% AF GUERLAIN

20% AF LANCOME

OG FLEIRI SPENNANDI TILBOÐ!

20% AF OROBLU



PIPAR\TBWA • SÍA • 110103

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
Kringlunni

# RISA
# TAX FREE DAGAR

## ALLT Í EINNI FE

SNYRTIVÖRUR...FA
BÚSÁHÖLD...GARN
KERTI...SERVÍETTU

*Fatnaður og skór á alla fjölskylduna!*









*Búsáhöld fyrir heimilið!*

*Leikföng fyrir káta krakka!*

* Samkvæmt markaðsrannsókn Capacent júní 2009, 2008 og 2006.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

# ALVÖRU KJARABÓT!

## Mesta vöruúrvalið* á betra verði!

fimmtudag, föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag

**ERÐ...**

ATNAÐUR...SKÓR...LEIKFÖNG...
N...RÚMFÖT... HANDKLÆÐI...
R

**...ÁN VIRÐISAUKASKATTS**

DAGANA 5. - 9. MAÍ

# RISA TAX FREE DAGAR



*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 9. maí 2011.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvítabirnir sem koma til Íslands eiga sér litla lífsvon jafnvel þótt þeir séu ekki felldir hér.

## Ísbjarnarblús

Fjórum sinnum á þremur árum um það bil hefur hvítabjörn gengið á land á norðanverðu Íslandi. Þökk sé netinu hefur þjóðin fylgst grannt með gangi mála frá því dýrið sést fyrst og þar til það er fellt. Þetta eru ekki fyrstu hvítabirnirnir sem hér ganga á land en hvort tveggja er að komur bjarnanna hafa verið heldur þéttari en við höfum átt að venjast og að netið hefur gert atburðina lifandi og spennandi.

Í framhaldi af því að dýrin hafa verið felld hefur síðan orðið til ísbjarnarblús mikill um það hvort nauðsyn hafi borið til að fella dýrin, meðal annars með þeim rökum að hvítabirnir séu friðaðir á Íslandi, þeir séu í útrýmingarhættu, landgöngur bjarnanna hafa verið bornar saman við Svalbarða og svo hafa gjarnan fylgt dylgjur um umhverfisráðherra hverju sinni.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Hvítabjörn sem kominn er út af hafíssvæðinu þar sem heimkynni hans eru hefur litla möguleika á að veiða sér til matar. Hingað kominn hvítabjörn er því undantekningarlaust glorsoltinn og þar af leiðandi bráðhættulegur. Þótt hvítabirnir séu hér friðaðir samkvæmt lögum má fella hvítabirni á landi ef mönnum eða búfénaði er talin stafa af þeim hætta.

Fyrir liggur að sú aðgerð að bjarga hvítabirni lifandi og koma honum til síns heima er afar kostnaðarsöm, auk þess sem alls óvíst er um lífslíkur dýrs sem af einhverjum ástæðum hefur hrakist frá heimkynnum sínum, jafnvel þótt það virðist þokkalega sprækt þegar það er fangað. Auk þess yrði svæfing og flutningur dýrsins seint til að bæta hæfileika þess til að lifa af.

Enn verri hugmynd er þó að fanga dýr sem hingað hefur villst og koma fyrir í dýragarði, eða Húsdýragarðinum. Dýragarður í loftslagi sem er mun hlýrra en náttúrulegt loftslag hvítabjarna hlýtur alltaf að vera versti hugsanlegi kosturinn fyrir hvítabjörn frá dýraverndunarsjónarmiði. Þá skiptir engu hvort menn halda slík dýr í Berlín eða Kaupmannahöfn. Slíkt böl er ekki hægt að bæta með því að benda á annað verra.

Þótt stofn hvítabjarna sé talinn viðkvæmur eru árlega felld mörg hundruð dýr og meira að segja eru leyfðar sportveiðar á nokkrum tugum hvítabjarna í Kanada ár hvert. Samanburður við Svalbarða getur ekki verið marktækur vegna þess að þar eru birnirnir í náttúrulegu umhverfi sínu, sem vitanlega kallar á allt annars konar umgengni við dýrin en hér, þar sem þeir eru komnir víðáttulangt frá náttúrulegum heimkynnum sínum.

Niðurstaðan er því að það er nauðsynlegt að skjóta þá; af því að þeir eru líklegir til að verða hættulegir mönnum ef þeir komast í færi við þá og af því að líkurnar til þess að þeir geti átt gott líf heimkomnir eru einfaldlega of litlar til þess að réttmætt geti talist að kosta miklu til að fanga þá lifandi og flytja til heimkynna sinna. Það er enda niðurstaða starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði um mitt ár 2008 eftir að tveir birnir höfðu með stuttu millibili gengið hér á land.

Næst þegar hingað kemur vesalings villtur hvítabjörn verður vonandi óumdeilt að dýrið verði fellt eins skjótt og kostur er án þess að samfélagið rjúki í framhaldinu upp til handa og fóta. Annað er bara ekkert vit.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Loksins, loksins

Prófessor Eiríkur Tómasson verður loksins hæstaréttardómari í haust eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir. Þar mun hann hitta fyrir gamlan vin sinn, Jón Steinar Gunnlaugsson. Það er hressandi. Fáir lögfræðingar hafa nefnilega tekist jafnharkalega á opinberlega síðustu ár og þeir. Eiríkur varð fyrst fúll – ekki þó út í Jón Steinar – þegar gengið var framhjá honum við skipan hæstaréttardómara árið 2004 þótt hann hefði verið metinn hæfari en sá útvaldi, sem var einmitt Jón Steinar Gunnlaugsson.



### Rakalaust

Árið 2008 varð svo fjandinn laus. Eiríkur skrifaði grein sem í stuttu máli gekk út á að Jón Steinar væri ómögulegur dómari – að minnsta kosti þegar kæmi að kynferðisbrotum. Jón Steinar felldi dóma án þess að styðjast við lögfræðileg rök og horfði vísvitandi framhjá lagaákvæðum.

### Óvitaskapur

Jón Steinar svaraði Eiríki, sem var óvenjulegt af hæstaréttardómara, og var harðorður: „Eiríkur Tómasson á við mig eitthvert óskilgreint persónulegt erindi,“ sagði hann við Morgunblaðið. „Í annað skiptið fórnar hann trúverðugleika sínum sem prófessor í lögfræði til að veitast að mér og hæfni minni sem dómara …“ bætti hann við. Framferði Eiríks væri undarlegt og án fordæma og umfjöllunin byggðist á útúrsnúningum og lögfræðilegum óvitaskap.



Nú bíður þessara mætu manna það verkefni að ræða í þaula örlög fjölda fólks og komast að niðurstöðu – helst sameiginlegri. Gangi þeim vel.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## 1-2-3-4: Barn deyr

Heilbrigðismál



Petrína Ásgeirsdóttir

framkvæmdastjóri Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Í dag er Alþjóðlegur dagur ljósmæðra. Af því tilefni hafa Barnaheill – Save the Children, Alþjóðasamband ljósmæðra og White Ribbon Alliance tekið sig saman um að skora á þjóðir heims að setja í forgang að tryggja aðgengi að ljósmæðrum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum í þeim löndum þar sem dánartíðni mæðra og barna er hvað hæst. Með því væri t.a.m. Ísland að standa með virkum hætti við skuldbindingu sína við stefnu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, „Hver kona, hvert barn“ (e. Every Woman Every Child), sem ætlað er að tryggja að þau þúsaldarmarkmið er lúta að heilsu náist fyrir árið 2015.

Engin móðir, hvar svo sem hún býr, ætti að þurfa að hætta lífi sínu eða lífi ófædds barns síns, með því að fara í gegnum fæðingu án faglegrar aðstoðar. Engu að síður fæða um 48 milljónir kvenna börn sín árlega án stuðnings frá manneskju með þekkingu á fæðingarhjálp. Afleiðingar þessa eru skelfilegar. Ríflega 340 þúsund konur deyja ár hvert og milljónir til viðbótar þjást af sýkingum og verða fyrir örorku vegna erfiðleika í fæðingu sem hefði mátt koma í veg fyrir. Ríflega 800 þúsund börn deyja í fæðingu og yfir 3 milljónir barna deyja fyrir eins mánaðar aldur.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (e. WHO) telur að fram til ársins 2015 vanti 3,5 milljónir heilbrigðisstarfsmanna, þ.m.t. ljósmæður, svo hvert mannsbarn hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu. Ljósmæður og aðrir heilbrigðisstarfsmenn eru grunnurinn í allri heilsugæslu. Ef þeirra nyti ekki við, myndu milljónir mæðra og barna ekki geta reitt sig á neinn til að greina og meðhöndla sjúkdóma, veita meðferðir, aðstoða við fæðingar, bólusetningar og gefa ráð um hvernig hægt er að viðhalda heilbrigði og koma í veg fyrir sýkingar.

Ríkar þjóðir og fátækar verða að vinna saman að því að tryggja að nægir heilbrigðisstarfsmenn séu í heiminum fyrir alla íbúa hans. Mörg þróunarríkja hafa skuldbundið sig til að efla heilbrigðisstéttir sínar, til samræmis við stefnu SÞ, „Hver kona, hvert barn“. Lönd á borð við Ísland verða einnig að gera sitt til að þróa og koma á sjálfbærri og árangursríkri áætlun um fjölgun heilbrigðisstarfsmanna svo bæta megi heilsu mæðra, nýbura og barna hvarvetna í heiminum.

Þó dánartíðni barna hér á landi sé með því allra lægsta sem gerist, getum við ekki sætt okkur við að á fjögurra sekúndna fresti deyi barn í heiminum, oftast af orsökum sem koma hefði mátt í veg fyrir með einföldu eftirliti heilbrigðisstarfsmanns.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Menningararfur sem þjóðareign



Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Þjóðir eiga eignir. Þetta eiga allir að geta skilið, enda almælt tíðindi, þótt öðru sé stundum haldið fram nánast eins og til að villa um fyrir fólki. Halldór Laxness skildi þetta, enda hefst Íslandsklukkan á þessum orðum: „Sú var tíð, segir í bókum, að íslenska þjóðin átti aðeins eina sameign sem metin varð til fjár. Það var klukka.“ Alþingismenn skilja þetta svo sem sjá má á fyrstu grein laganna um stjórn fiskveiða: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Gunnar Thoroddsen prófessor, síðar varaformaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar 1978-1983, skildi þetta, eins og ráða má af þeim drögum að stjórnarskrártexta, sem hann skildi eftir sig og lýst er í nýrri ævisögu eftir Guðna Th. Jóhannesson. Þar er vitnað í tillögur Gunnars um ýmis nýmæli í stjórnarskrá með þessum orðum: „Þá skuli bundið í stjórnarskrá að „náttúruauðlindir landsins“ séu „ævarandi eign Íslendinga“ og „auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu“ að eilífu „þjóðareign“.“

þjóðinni Skarðsbók og afhentu ríkisstjórn Íslands hana til varðveizlu, eins og lýst er til dæmis í Öldinni okkar. Bankarnir gerðu Skarðsbók að eign allra Íslendinga – okkar, sem nú lifum, og einnig ófæddra afkomenda okkar – með það fyrir augum, að Skarðsbók mætti aldrei selja eða veðsetja, af því að hún er þjóðareign.

Sama skilning er rétt að leggja í eignarhald íslenzku þjóðarinnar á handritunum, sem Danir skiluðu Íslendingum 1971-1996 og eru geymd í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Handritin voru gjöf Dana til Íslendinga. Við afhendingu fyrstu handritanna 1971 flutti utanríkisráðherra Dana, Poul Hartling, síðar forsætisráðherra, ávarp og sagði um handritin: „Við skilum þeim nú til Íslands, ekki vegna þjóðréttarlegra ákvæða, heldur sem gjöf.“ Ávarpið birtist í Morgunblaðinu 22. apríl 1971. Jónas Kristjánsson, þá forstöðumaður Árnastofnunar, lýsti eftir því á prenti tíu árum síðar, að senn yrði „tímabært að kveða skýrt á um eignarréttinn yfir þeim.“ (Heimkoma handritanna, fylgirit með Árbók Háskóla Íslands 1976-79, 1981, bls. 14.)

### Listasafn Einars Jónssonar og Leifur heppni

Einar Jónsson myndhöggvari arfleiddi íslenzku þjóðina, en ekki ríkið eða Listasafn Íslands, að eigum sínu og safni. Hvers vegna þjóðina? Einstaka muni á

> Sama skilning er rétt að leggja í eignarhald íslenzku þjóðarinnar á handritunum, sem Danir skiluðu Íslendingum 1971-1996 og eru geymd í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Handritin voru gjöf Dana til Íslendinga.

(bls. 545). Gunnar skildi, að náttúruauðlindir eru samkvæmt eðli máls þjóðareign svo sem hin alþjóðlega mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna kveður á um. Sama máli gegnir um ýmis menningarverðmæti. Lítum á nokkur dæmi.

### Þingvellir, Skarðsbók og önnur handrit

Í fyrstu grein laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum frá 2004 segir svo: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar felur samkvæmt þessari lagagrein í sér, að Þingvelli má aldrei selja eða veðsetja. Þetta er bersýnilega tilgangur þjóðareignarákvæðisins. Vilji löggjafans er skýr. Þessi lagagrein hefur staðið óbreytt frá 1928. Samkvæmt henni deilum við, sem nú erum uppi, þjóðgarðinum með óbornum kynslóðum Íslendinga.

Bankarnir keyptu Skarðsbók á uppboði í London 1965, en bókin hafði verið í einkaeigu, ein fornra íslenzkra skinnhandrita svo vitað væri, og var hún slegin bönkunum fyrir 36.000 pund eða 6,6 milljónir íslenzkra króna. Bankarnir gáfu íslenzku

Þjóðminjasafninu og Listasafninu geta þessi söfn væntanlega veðsett eða selt úr fórum sínum, ef þurfa þykir, en Þingvellir, Skarðsbók og Listasafn Einars Jónssonar verða hvorki veðsett né seld. Þetta er munurinn á þjóðareign og ríkiseign: þjóðin á þessar eignir, ríkið varðveitir þær. Þetta er höfuðinntak hugmyndarinnar og gildandi lagaákvæða um þjóðareign eins og Þorsteinn Gylfason prófessor rakti í bók sinni Réttlæti og ranglæti (1998). Þorsteinn nefndi eitt dæmi enn. Styttan af Leifi Eiríkssyni á Skólavörðuholti í Reykjavík er gjöf Bandaríkjanna til íslenzku þjóðarinnar samkvæmt áletrun aftan á stöplinum.

### Náttúruauðlindir og menningarverðmæti

Þjóðfundurinn, stjórnlaganefndin og þjóðin hafa kallað einum rómi eftir ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá, og það hafa flestir stjórnmálaflokkar á Alþingi einnig gert. Ætla má, að stjórnlagaráð hlýði þessu kalli. Til álita kemur einnig að setja í stjórnarskrána sambærilegt ákvæði um þjóðareignir, sem tilheyra menningararfi þjóðarinnar, svo sem handritin. Hliðstæðan er skýr.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir



TIL LUKKU!
Til hamingju með 50 ára afmæli Öryrkjabandalags Íslands
Íslensk getspá sendir öryrkjum um allt land ásamt stjórn og starfsfólki Öryrkjabandalags Íslands bestu hátíðarkveðjur í tilefni 50 ára afmælis ÖBÍ í dag.
Við þökkum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum.
Við hlökkum til að leggja ykkur lið í framtíðinni og vonum að framhald verði á góðum árangri í mannréttindabaráttu liðinna ára og að Brynja Hússjóður ÖBÍ geti áfram keypt 6–8 íbúðir á ári fyrir hagnað frá Íslenskri getspá.
Lottó
WWW.LOTTO.IS
Íslensk Getspá
Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands.

# Njóta sjómenn auðlindaarðsins?

Fiskveiðistjórn

Jón Steinsson
Milton Friedman fræðimaður við Chicago-háskóla



Tryggvi Þór Herbertsson, alþingismaður, skrifaði nýverið grein í Fréttablaðið um „sorgarsögu almenninga“. Greinin er í flesta staði góð. Þó er eitt atriði sem ég vil gera verulegar athugasemdir við. Í greininni segir Tryggvi: „Sá auðlindaarður sem nú er í fiskveiðum við Íslands skiptist milli útgerða, sjómanna (vegna hlutaskiptakerfisins) og ríkisins í nokkuð jöfnum hlutum.“ Þetta fær ekki staðist. Eða réttara sagt, ekkert – hvorki kenningar né gögn – styður þá staðhæfingu þingmanns að hlutaskiptakerfið leiði til þess að hluti auðlindaarðsins renni til sjómanna.

Kjarasamningar sjómanna fela í sér að laun sjómanna sveiflast með aflaverðmæti. Það þýðir að sjómenn eru að taka á sig hluta af áhættunni sem fylgir slíkum sveiflum. En það þýðir EKKI að laun sjómanna séu hærri að meðaltali en þau væru ef kjarasamningar þeirra væru annars eðlis. (Eitt mikilvægt tæki sem útgerðarmenn nota til þess að halda niðri launum þegar aflaverð er hátt er sala á afla til tengdra aðila á undirverði.)

Tryggvi telur að auðlindaarðurinn sé á bilinu 40 til 55 ma.kr. Ef staðhæfing hans um að u.þ.b. þriðjungur arðsins renni til sjómanna er rétt, jafngildir það því að laun sjómanna séu um 15 ma.kr hærri en þau væru „á almennum markaði.“ Ef þetta væri rétt væri að staðaldri gríðarleg umframeftirspurn eftir plássum á togurum. Raunin er að það er, ef eitthvað er, skortur á til dæmis vélstjórum.

Laun sjómanna eru tiltölulega há. En störf þeirra eru erfið, hættuleg og kalla á langdvalir frá fjölskyldu. Fyrir slíkt þarf að borga vel. Það breytist ekki þótt veiðigjald verði hækkað. Vitaskuld er umframeftirspurn eftir „góðum plássum“. En það á við í öllum geirum.

Ef staðhæfing Tryggva væri rétt myndi hún þýða að verulegar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu myndu lækka laun sjómanna. Þetta eru ein af falsrökunum sem LÍÚ hefur staglast á í mörg ár til þess að hræða sjómenn og grafa undan stuðningi við breytingar í sjávarútvegi á landsbyggðinni.

Góður mælikvarði á auðlindaarðinn er verg hlutdeild fjármagns (e. EBITDA) að frádreginni 8% árgreiðslu. Þessi stærð hefur einmitt verið um 45 ma.kr síðustu ár. Ef veiðigjald er miðað við þessa stærð mun það ekki hafa nein bein áhrif á laun sjómanna þar sem laun hafa þá þegar verið dregin frá upphæðinni sem veiðigjaldið leggst á. (Þetta er frábrugðið núverandi veiðigjald sem leggst á aflaverðmæti.) Líklegustu áhrif breytinga væru hækkun á launum sjómanna til skemmri tíma (þar sem allur afli myndi fara á markað) og engin áhrif til lengri tíma.

Það er rangt hjá Tryggva að sjómenn njóti auðlindaarðsins. Í dag rennur allur þorri auðlindaarðsins óskiptur til útgerðarmanna. Sjómenn fá líkast til ekkert. Greiðslur útgerðarinnar til ríkissjóðs nægja varla fyrir þeim kostnaði sem ríkið ber við að halda úti kvótakerfinu. Þetta ástand eru LÍÚ-menn skiljanlega tilbúnir að verja með kjafti og klóm. Þeir víla það til dæmis ekki fyrir sér að halda kjarasamningum allra launamanna í gíslingu.

Næstu mánuði verður hart barist um sjávarútvegsmál. LÍÚ mun beita alls kyns hræðsluáróðri sem á ekki við rök að styðjast. Það verður sagt að laun sjómanna lækki, að fyrirtæki leggi upp laupana í hrönnum, að bankarnir hrynji, að sjávarbyggðir leggist í eyði, og svo framvegis. Ekki láta glepjast. Í raun geta breytingar – ef þær eru rétt út færðar – aukið hagkvæmni og bætt rekstrarumhverfi í sjávarútvegi jafnframt því að auka tekjur ríkisins sem þá getur bætt þjónustu og lækkað skatta.

> Það verður sagt að laun sjómanna lækki, að fyrirtæki leggi upp laupana í hrönnum, að bankarnir hrynji, að sjávarbyggðir leggist í eyði og svo framvegis. Ekki láta glepjast.

# Tækniframfarir í hnotskurn

Fiskveiðistjórn – grein IV

Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður

Þegar fjallað er um byggðaröskun á Íslandi benda margir á kvótakerfið sem sökudólg. Það er mikil einföldun. Kvótaflutningar eiga sér yfirleitt stað í tengslum við hagræðingu af einhverjum toga, sem oft er forsenda þess að útgerðarfyrirtækin geti greitt hærri laun. Þessar færslur hafa því stutt við byggð á allmörgum stöðum um landið, þó það sé alls ekki sjálfgefið að fólksfjöldi vaxi í kjölfar bættrar kvótastöðu. Fólksfækkun hefur jafnvel átt sér stað á sumum stöðum sem bætt hafa við sig kvóta, t.d. í Neskaupstað. Kvóta- og fólksflutningar á milli sveitarfélaga eru því aðeins einn þáttur í ferli sem á sér mun dýpri rætur. Ekki er því hægt því að tengja þessa tvö atriði saman með jafn afgerandi hætti og margir gera.

Til að skilja þessar breytingar þarf að skoða þær í sögulegu samhengi. Rót vandans í mörgum smærri sveitarfélögum liggur í frystihúsa- og skuttogaravæðingu byggðanna sem ráðist var í á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Þessi fjárfesting leiddi til mikillar aflaaukningar og örrar fólksfjölgunar á smærri stöðum, sem nú er að nokkru að ganga til baka. Afkastageta fiskvinnslunnar vítt og breitt um landið hefur lengi verið mun meiri en þörf er á og því er viðbúið að staðir á landsbyggðinni takist á um hráefni og kvóta.

Ef sóknarmark yrði tekið upp í fiskveiðum við Ísland yrðu áhrifin eftir landshlutum mjög mismunandi. Þeir útgerðarstaðir sem næstir eru miðunum gætu hagnast á kostnað þeirra staða sem fjær eru. Þetta stafar af því að við sóknarmark verða veiðarnar að keppni á milli einstakra skipa og byggðarlaga. Þeir sem eiga styst til hafnar frá miðunum hafa því möguleika til þess að veiða mest. Veiðiþol fiskistofnanna er takmarkað og ef þeir sem eru nær veiða meira hlýtur minna að koma í hlut þeirra sem fjær eru þar sem heildarafli er takmarkaður. Frjálsar veiðar myndu því leiða til byggðaröskunar innan landsbyggðarinnar, styrkja sumar byggðir en veikja aðrar. Frjálsar fiskveiðar gætu hins vegar aldrei leitt til byggðastefnu sem landið í heild gæti sætt sig við auk þess sem aflaverðmæti myndi hrapa þar sem veiða þyrfti í lotum eins og gert var fyrir daga kvótakerfisins. Við frjálsar veiðar gildir: fyrstur kemur fyrstur fær.

Sóknartakmarkanir hafa, þar sem þær hafa verið reyndar, leitt til offjárfestingar, slæmrar nýtingar framleiðslufjármuna og lélegrar afkomu. Jafnvel þótt útgerðarstaðir sem fjærst eru miðunum myndu sætta sig við að hætta útgerð myndi sóknarmarkið ekki vera nein byggðablessun þegar til lengri tíma er litið.

Byggðaröskun á Íslandi hefur þó sennilega orðið mest vegna tækniframfara í veiðum og vinnslu. Til að átta sig betur á þessari staðhæfingu er einfaldast að skoða myndirnar þrjár sem fylgja greininni sem spanna 50 ár í sögu uppsjávarveiða – þær segja meira en þúsund orð.







Á efstu myndinni má sjá um 50 báta liggja við bryggju í Neskaupstað árið 1961. Þessir bátar báru um 2.500 tonn af síld og til að veiða hana þurfti um 350 sjómenn. Á annarri myndinni má sjá sex skip bíða löndunar á Siglufirði árið 1980. Skipin báru um 2.500 tonn af loðnu og þurfti um 100 sjómenn til að veiða þann afla. Neðsta myndin sýnir síðan fjölveiðiskipið Beiti frá Neskaupstað sem ber svipaðan afla af loðnu eða síld en er með um 10 menn í áhöfn. Þetta eru tækniframfarir í hnotskurn. Á 50 árum þarf 340 færri sjómenn til að veiða 2.500 tonn af síld. Tækniframfarir hafa síst orðið minni í vinnslu. Augljóst er hvaða áhrif þetta hefur haft á byggðaþróun í landinu.

Næst mun ég, í fimmtu og síðustu grein minni um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, draga saman niðurstöður af umfjöllun síðustu daga.

> Frjálsar fiskveiðar gætu hins vegar aldrei leitt til byggðastefnu sem landið í heild gæti sætt sig við.

Smáskór.is bjóða í sumargleði
dagana 6-8. Maí!
Við verðum á Eiðistorgi í gömlu Blómastofunni aðeins þessa helgi og af því tilefni munum við einnig bjóða upp á fatnað, sængurföt og fleira tengdum Múmínálfum, Línu Langsokk, Mínu Mús og fleiri merkjum.
Komdu, skoðaðu og mátaðu okkar dásamlegu skó ,sokka, sundföt og allt hitt.
Opið: Föstudag 17-20, laugardag og sunnudag 10-18
www.smaskor.is
smá skór

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

Stjórnarskrá lýðveldisins varðar okkur öll
Fylgist með störfum Stjórnlagaráðs og hafið áhrif á endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins.
Bein útsending frá sameiginlegum fundi ráðsins er á hverjum fimmtudegi kl. 13 á vefsíðu ráðsins: www.stjornlagarad.is. Fundirnir eru opnir almenningi. Öll gögn ráðsins má finna á vefsíðunni.
Vefslóð Stjórnlagaráðs: www.stjornlagarad.is
Þjóð til þings
Stjórnlagaráð 2011
Stjórnlagaráð, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík - sími: 422-4400 - netfang: skrifstofa@stjornlagarad.is - vefslóð: www.stjornlagarad.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# BLÓMAPOTTAR Í MIKLU ÚRVALI!



FUCHSIA
4.995,-

**Blómapottar**
JUNIPER **5.995,-**
Stærð: B41 x L41 x H51 sm.
FUCHSIA **4.995,-**
Stærð: B32 x L32 x H53 sm.



**Úrval blómapotta**
1. AMARYLLIS **3.995,-**
Stærð: Ø35 x H50 sm.
2. CLOVES **3.995,-**
Stærð: B30 x L30 x H40 sm.
3. VERBENA **2.995,-**
Stærð: B33 x L33 x H40 sm.
4. MENTON **1.995,-**
Stærð: Ø29 x H29 sm.
5. STRAWBERRY **3.995,-**
Stærð: Ø40 x H33 sm.



PLAST-BLÓMAPOTTUR
995,-

1451
**Blóma-pottur**
Úr plasti.
Stærð: Ø39 x 35 sm.



**ZENIA blómapottur**
Flottur blómapottur í garðinn.
Stærð: B21 x L35 x H27 sm.

BLÓMAPOTTUR ÁÐUR: 1.495,-
995,-

SPARIÐ 500



NIVALIS
695,-

**NIVALIS blómapottur**
Stærð: Ø15 x H16 sm.



GARÐSKRAUT
995,-

**CALLA garðskraut**
Stærð: B16 x L21 sm.



GÓÐ KAUP

PROTEA VERÐ FRÁ:
1.295,-

**PROTEA viðarblómapottar**
Stærðir: Ø32 x H20 sm. **1.295,-**
Ø44 x H27 sm. **2.495,-**
B30 x L50 x H21 sm. **2.495,-**



RUFINA
3.995,-

**RUFINA blómapottar**
Stærðir: B38 x D38 sm.
B37 x D37 sm.



FULLT VERÐ: 1.295,-
995,-

23% AFSLÁTTUR

**KORADE blómapottur**
Stærð: B33 x L33 x H15 sm.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**56** **SÉRA PÉTUR ÞORSTEINSSON** hjá Óháða söfnuðinum er fimmtíu og sex ára í dag.
*„Þó að sumum finnist aðalsyndin sú að vera fyndinn eru hinir fleiri sem kunna að meta léttleika.“*

## Vísindadagar

Átján nemendum framhaldsskóla býðst að dvelja í Landbúnaðarháskóla Íslands dagana 23.-26. maí. Þessir dagar eru kallaðir Vísindadagar unga fólksins og markmiðið með þeim er að kynna heim raunvísinda fyrir þátttakendum. Þeir munu skoða gróður, rannsaka jarðveg og greina sýni. Farið verður í skóga í nágrenni skólans og þeir skoðaðir, sýni tekin og rannsökuð. Matur og gisting er nemendum að kostnaðarlausu.

Dagskráin liggur fyrir og er komin á vef skólans – www.lbhi.is en áhugasamir þurfa að sækja um pláss fyrir 6. maí.

**VARÐBERG:** MINNIST 60 ÁRA AFMÆLIS VARNARSAMNINGS ÍSLANDS OG BANDARÍKJANNA

# Fylgst með ferðum kafbáta



**BJÖRN BJARNASON, FORMAÐUR VARÐBERGS** Hann hitti Townsend í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna 1995 og hlakkar til að hlýða á erindi hans í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varðberg, samtök um vestræna samvinnu og alþjóðamál, heldur fund á Hótel Sögu í hádeginu í dag. Hann hefst klukkan 12.15. James Townsend, aðstoðarráðherra varnarmála í Bandaríkjunum, flytur þar erindi um sextíu ára varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna en í dag eru sextíu ár liðin frá því samningur um það var undirritaður. „Þetta er merkileg saga, sextíu ára saga varnarsamstarfsins, bæði pólitískt og þegar horft er á hernaðarlegu þróunina. Það er líka áhugavert hvaða hlutverki Íslendingar gegndu í þessu öllu,“ segir Björn Bjarnason, formaður Varðbergs. Hann rifjar í framhaldinu upp brot úr þessari sögu.

„Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna varð til á tímum kalda stríðsins vegna aukinnar styrjaldarhættu í heiminum, meðal annars eftir að kommúnistar réðust inn í Kóreu. Menn töldu að ákveðin ógn væri á ferðum, ekki síst að verja þyrfti Keflavíkurflugvöll. Það var skrifað undir samninginn 5. maí og bandarísku hermennirnir komu 7. maí,“ byrjar Björn. Spurður hvort miklar umræður hafi farið fram áður svarar hann: „Viðræðurnar voru kannski ekki langar en þær komust á rekspöl í upphafi árs 1951.“

Björn segir Keflavíkurstöðina hafa tekið breytingum á þeim 60 árum sem hún var starfrækt. „Þegar Bandaríkjamenn komu hingað 1951 var flugherinn aðalstjórnandi á Vellinum en upp úr 1960 tók sjóherinn við stöðinni og hún var flotastöð þangað til yfir lauk. Varnarlínan var dregin í hafinu frá Grænlandi um Ísland til Skotlands. Í stöðinni var fylgst með ferðum kafbáta með hlustunarbúnaði og haldið úti eftirlitsflugvélum í sama skyni. Á níunda áratugnum fóru Rússar að láta meira að sér kveða með flugvélum. Þá urðu flugvélar hersins meira sýnilegar en þær flugu í veg fyrir vélar frá Sovétríkjunum og af Kólarskaganum.“

Þegar stöðinni var lokað voru rúmlega þrjú þúsund manns þar. „Ætli það hafi ekki verið fimm til sex þúsund þegar flest var?“ segir Björn „Ég giska á það.“

Björn fagnar því að fá James Townsend til að halda ræðu um varnarmálin á hádegisfundi Varðbergs enda hafi hann margra ára reynslu af samskiptum við Íslendinga. „Þegar ég fór til Bandaríkjanna með utanríkismálanefnd Alþingis 1995 hittum við Townsend í Varnarmálaráðuneytinu. Hann hafði þá verið að sýsla með málefni Íslands.“ **gun@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Breiðfjörð Sigurjónsson**

Dvalarheimilinu Fellaskjóli, Grundarfirði,

verður jarðsunginn frá Grundarfjarðarkirkju laugardaginn 7. maí kl. 14.

**Guðrún Hansdóttir**
**Kristín Pétursdóttir** **Kristján Runólfsson**
**Sigurður Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónsson**

Birnustöðum,

lést á Landspítalanum 29. apríl sl. Jarðsungið verður frá Skálholtskirkju laugardaginn 7. maí nk. kl. 14.00.

**Sigrún Kristbjörnsdóttir**
**Valgerður Guðmundsdóttir** **Þórarinn Óskarsson**
**Guðlaug Guðmundsdóttir** **Haraldur M. Kristjánsson**
**Kristbjörn Guðmundsson** **Sigrún Magnúsdóttir**
**Jóna Guðmundsdóttir** **Gísli Sigurðsson**
**Jón Guðmundur Guðmundsson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Ágúst Guðmundsson** **Jóhanna Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og amma,*

**Pensri Stefánsson**

Tunguheiði 14, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 18. apríl 2011. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 9. maí kl 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir. Einstakar þakkir færum við starfsfólki Landspítalans fyrir frábæra umönnun og gott viðmót.

**Guðmundur Skúli Stefánsson**
**Chakkaphan Thakham**
**Kiattisak Thakham**
**Yuna Ír Thakham**
**Wattanee Boodudom**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, sambýliskona og amma,*

**Guðrún Ása Brandsdóttir**

Reynimel 74,

lést á gjörgæsludeild á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00.

**Ásrún Laila Awad**
**Sylvía Kristín Ólafsdóttir** **Kjartan B. Björgvinsson**
**Ágúst Þór Guðsteinsson**
**og barnabörn**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Gestsdóttir**

áður til heimilis að Sólvallagötu 31,

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk 29. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. maí kl. 11.00.

**Gestur Þorsteinsson** **Gunnvör Braga Björnsdóttir**
**Svava Þorsteinsdóttir** **Sigurgeir Guðmundsson**
**Ragnar Þorsteinsson** **Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Ársæll Þorsteinsson** **Katla Steinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Tryggvi Jón Jónatansson**

Eyrarvegi 18, Akureyri,

lést á heimili sínu 2. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jónatan S. Tryggvason** **Sigurósk R. Aðalsteinsdóttir**
**Ásta F. Reynisdóttir** **Heimir F. Heimisson**
**Eygló Jóhannesdóttir**
**Freyja P. Jónatansdóttir**
**Ísak Már Friðriksson**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Dís Ragnheiður Stehn Atladóttir**

Álfhólsvegi 18a, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 26. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Breki Már Lúthersson** **Susanne Nyholm Lúthersson**
**Hrefna Dís Minshull** **Simon Minshull**
**Dana Lind Lúthersdóttir** **Magnús St. Einarsson**
**og barnabörn**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

4BLS BÆKLINGUR

# SUMAR TILBOÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**0% VEXTIR**
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Út maí mánuð fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 295kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.

**NÝ TILBOÐ**
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI




### 8GB MINNISLYKILL
Minnislykill sem er svo örsmár að þú þarft að passa þig að týna honum ekki

**4.990**
4GB 2.990 • 16GB 9.990




### 500GB FLAKKARI
Örsmár LaCie Rikiki GO flakkari með innbyggðri USB snúru, fæst í silfur, bláum eða rauðum lit

**12.900**
320GB 9.990 • 1TB 19.900




### 1.5TB FLAKKARI
Stórglæsilegur hágæða USB2 flakkari frá LaCie, sparar orku og slekkur á sér sjálfur

**12.900**
HANNAÐUR AF NEIL POULTON

5.MAÍ 2011 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL











1GB DX11 SKJÁKORT

## GIGABYTE

### DELUXE TILBOÐ 1

- GIGABYTE LUXO X142 leikjaturn
- Intel Core i3-540 3.06GHz 4MB HT
- 8GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 2TB SATA3 64MB Seagate diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB GT430 DX11 3D Vision Ready
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**

LEIKJATURN Á ÓTRÚLEGU VERÐI



SG2-210

## HP All-in-One

### 20" BORÐTÖLVA

- Intel Atom D410 1.66GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 533MHz vinnsluminni
- 160GB SATA2 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Intel GMA 3150 skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- Windows 7 Home Premium 32 BIT

**69.900**

ÓTRÚLEGT VERÐ Á 20" BORÐTÖLVU



UPPTAKA Í 2ÁR

TAKTU UPP 2,5 TÍMA Á DAG ALLA DAGA VIKUNNAR Í TVÖ ÁR :)

ÞRÁÐLAUST NET

EKKERT MÁL AÐ TENGJA ÞRÁÐLAUST VIÐ NET

DOLBY DIGITAL · dts · Full HD 1080 · Blu-ray

ARGOSY



USB 3.0

10X HRAÐARA TENGI OG SAMHÆFT VIÐ ELDRI USB2 Á ENN MEIRI HRAÐA

LACIE

## MINIMUS

### 1TB USB 3.0 FLAKKARI

LaCie Minimus er glæsilegur 1TB USB 3.0 flakkari í höggvörðu burstuðu álhúsi með enn meiri hraða og sá minnsti sinnar tegundar.

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af hönnunarliði LaCie
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi aftan á flakkaranum
- 1-Click afritunarhugbúnaður
- Virkar með PC og MAC tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**12.900**

2TB LACIE MINIMUS 19.900



3" SNERTI SKJÁR

## 8GBMP4

### COBY MP837 SPILARI

- Vandaður MP3 tónlistar og video spilari
- 3" LCD hágæða snerti litaskjár
- Aðgerðum stjórnað með snertiskjá
- Spilar MP3, WMA og aðra tónlist
- Spilar MP4, MPG, AVI o.fl. kvikmyndir
- Hleðslurafhlaða með 22 tíma spilun
- FM útvarp, heyrnartól og hulsa

**14.900**

MP837 16GB 19.900



## ADIDAS HD220

Glæsileg hágæða heyrnartól frá Sennheiser með einstökum hljómgæðum, poki fylgir

**7.990**

SPORT HEYRNARTÓL



ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST SETT

Hágæða þráðlaust Media lyklaborð og mús frá GIGABYTE með ábrenndu íslensku letri

**3.990**

GIGABYTE KM7580 ÞRÁÐLAUST SETT



## 8GB VIDEO OG MP3

- Hágæða MP3 tónlistar og video spilari
- 2" TFT LCD hágæða litaskjár
- Spilar MP3, WMA og aðra tónlist
- Spilar MP4, MPG, AVI o.fl. kvikmyndir
- Hleðslurafhlaða með 11tíma spilun
- FM útvarp, heyrnartól og hulsa

**9.990**

COBY MP707 Á FRÁBÆRU VERÐI



## RS120 ÞRÁÐLAUS

Hágæða þráðlaus heyrnartól með innbyggðum NiMH hleðslurafhlöðum ásamt hleðslustöð. Supra Aural tækni tryggir hljómgæðin

**9.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



## GIGABYTE UPPFÆRSLA 2

- Athlon II X2 Dual Core 250 3.0GHz
- GIGABYTE 78LMT móðurborð
- 2GB DDR3 1333MHz hágæða minni
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Home Theater hljóðstýring
- GB LAN, 10xUSB2, SATA2 RAID, ofl.

**24.900**

ÖRUGG UPPFÆRSLA

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**Litadýrðin** er allsráðandi í verslunum og er ívið meiri en oft áður á þessum tíma árs. Neongult, -grænt, appelsínugult og rautt sést víða.




GLÆSILEGUR



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg. PAULA - push up í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Eirberg



Jafnvægispúði
• Þjálfar jafnvægi.
• Góður í stöðugleikaæfingar
• Spjald með æfingum fylgir

Verð: 7.980 kr.

sissel

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



NÝ SENDING AF SUMARÚLPUM OG KÁPUM!

STÆRÐIR 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is


Leikkonan Þórunn Arna Kristjánsdóttir elskar föt í litlum stærðum og verslar stundum í barnadeildum:

# Fékk jakkann sjö ára gömul



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég segi stundum að ég gleymi því að klæða mig eins og fullorðin þar sem ég er alltaf að leika börn," segir Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona sem skartar matrósajakka sem hún fékk þegar hún var sjö ára gömul. Henni þótti ekki mikið til jakkans koma þegar hún var lítil og segist eiga mynd af sér í honum með fýlusvip. Í dag notar hún jakkann hins vegar eins og vindurinn, en hann smellpassar enn.

„Ég er auðvitað fremur lítil og get því notað litlar stærðir – ég hef meira að segja keypt mér föt í barnadeildinni í H&M. Ég er líka alltaf í hælaskóm því ég er lágvaxin og tek þar hælana fram yfir þægindin. Ég er orðin svo vön að ef ég er á lágbotna skóm líður mér eins og ég sé að detta aftur á bak. Annars má segja að ég klæði mig eftir tilefninu. Finnst upplagt að vera í fánalitunum á 17. júní og í jólapeysu á jólunum. Svo finnst mér sérstaklega gaman að vera með pípuhatt."

Þegar sól hækkar á lofti klæðist Þórunn gjarnan hnésokkum eins og þeim sem hún er í, en pilsið sem hún klæðist hefur hún átt í tvö ár og notar að minnsta kosti einu sinni í viku. „Þeir sem þekkja mig vita að pilsið er eins konar einkennisbúningur minn. Ég fékk það á götumarkaði í London en tölurnar á því eru allar mismunandi, sem er svolítið sniðugt ráð til að lífga upp á gamla flík."

Þórunn er um þessar mundir að leika í tveimur stykkjum í Þjóðleikhúsinu, þar sem hún leikur einmitt börn, Ballinu á Bessastöðum og í söngleiknum Bjart með köflum.

*juliam@frettabladid.is*


Gerið gæða- og verðsamanburð



IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is



PROFLEX
Úrval af stillanlegra heilsurúma

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



**Kyssilegar varir** eru eftirsóknarverðar. Til að tryggja að þær haldist þannig sem lengst og varast hrukkumyndun er gott að muna eftir varasalvanum fyrir svefninn. Berið á þær þykkt lag rétt áður en farið er upp í rúm og vaknið með silkimjúkar og þrýstnar varir.




Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir




Hilda hefur verið í starfsnámi hjá Peter Jensen og Erdem en einbeitir sér nú að eigin hönnun. Hún hannar undir nafninu Milla Snorrason en úrvalið má skoða á facebook.

# Fara vel við íslenskt sumar

**Nælonsokkar Borghildar Gunnarsdóttur hafa vakið athygli. Hún svarar eftirspurn og býr til nýjar litasamsetningar fyrir sumarið. Ný lína undir merkinu Milla Snorrason er svo í mótun.**

Borghildur Gunnarsdóttir eða Hilda eins og hún er kölluð býr til nælonsokka sem margir hafa heillast af og selur undir merkinu Milla Snorrason. „Þeir minna svolítið á gamaldags krumpaða ömmunælonsokka og eru sætir við kjóla og pils,“ segir Borghildur. Hún er búsett í London þar sem hún hefur verið í starfsnámi hjá Peter Jensen og Erdem síðustu mánuði. Nýlega ákvað hún svo að snúa sér alfarið að eigin hönnun.

„Ég er svona rétt að byrja að koma mér af stað og hlakka mikið til að byrja á nýju. Ég varð hins vegar vör við eftirspurn eftir sokkunum og ákvað því að gera nokkrar nýjar týpur enda finnst mér gaman að leika mér með ólíkar litasamsetningar.“ Borghildur segist aðallega horfa til íslenska markaðarins hvað sokkana varðar eins og er, enda séu flestar stelpur bergleggjaðar í London á sumrin. „Þeir fara betur við íslenskt sumar.“

*- ve*


Sumargleði
20 - 80% afsláttur



Opið
mánudag- föstudag frá 11-18,
laugardaga frá 11-16.
Suðulandsbraut 50
Bláu húsin við Faxafen
108 Reykjavík
Tel: 5884499
mostc@mostc.is
Möst.C

MC PLANET



SPENNANDI
Opið
mán.fim 12–18, fös. 12–16,
Sími 694 7911
Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...

Mæðradagurinn er á sunnudaginn



Blóm gera kraftaverk
íslensk blóm



Kate Hudson var blómleg.

Diane Kruger í skósíðu pilsi með himinhárri klauf.

Flestar völdu skósíða kjóla með slóða en Stella McCartney skar sig úr.

# Stjörnurnar heiðra McQueen

**Sýning á verkum fatahönnuðarins Alexander McQueen opnaði í Metropolitan Museum of Art í New York í gær en á mánudag var útvöldum stjörnum boðið til galaopnunarhófs. Þær mættu í sínu allra fínasta pússi og var varla að sjá kjól án slóða. Sýningin hefur að geyma flíkur hönnuðarins frá ólíkum tímabilum. Þær elstu eru úr fyrstu línunni sem leit dagsins ljós árið 1992 en þær nýjustu komu á markað í fyrra. McQueen féll sem kunnugt er fyrir eigin hendi í febrúar 2010. Sýningin hefur fengið nafnið Alexander McQueen: Savage Beauty og verður opin til 31. júlí.** *- ve*



Penélope Cruz bar slóðann með glæsibrag.

Stjörnum prýdd Madonna.

Fergie klikkaði ekki á slóðanum.




Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Erum fluttar í Skeifuna 8

vertu vinur á facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is

VORSPRENGJA

20-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM



OPIÐ Í KVÖLD TIL KL 20:00 – FULLBÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

COCO'S

Cocos tískuvöruverslun • Hverafold 1-3, Grafarvogi • Sími: 577 3800



SUMARDAGAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM.

MYBC

BASLER

Parisar TÍZKAN

Tízkuhús, stofnsett 1963

Skipholt 29b | S: 551 077



Vorútsala

40-70% afsláttur

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

# BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



HARLEY DAVIDSON Vrsc vrscd night rod. Árgerð 2006, ekinn 3 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.140454. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



YAMAHA V-star vsx11ar. Árgerð 2003, ekinn 5 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.270.000. Rnr.180063. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



YAMAHA Fz1-s. Árgerð 2008, ekinn 4 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.650.000. Rnr.130513. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi



HONDA Aquatrax F 15. Árgerð 2008, ekinn 7 klst,1500 Turbo bensín, 3 manna Verð 1.990.000. Rnr.995881. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi ATH skipti á bíl.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

TOPPBÍLAR bílasala



VW Touran basicline 7 manna. Árgerð 2003, ekinn 79 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 1.390.000. Mjög góður 7manna bíll Rnr.284521.



NISSAN Navara 4wd double cab at le. Árgerð 2008, ekinn 57 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.450.000. Einn með öllu leður ofl. Rnr.284592.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

bilfang.is
S. 567 2000



Dodge Ram 3500 Laramie Cummins DIESEL (46") 02/2005 Gríðarlega öflugur og vel með farinn fjallabíll ! Ek aðeins 29 þ.km, lýsing á bílnum inná bilfang.is raðnr 209698 verð 9.8 mil (ath ymis skipti)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



## Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.

Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM og HJÓLHÝSUM Visa/Euro. Stórt útipláss. Mikil Eftirspurn

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**






M.BENZ 350GD Árgerð 1993. Ekinn 370 Þ.KM Nýskráður 11/1992. Næsta skoðun 2012 Verð kr. 2.200.000



JEEP GRAND CHEROKEE ROCKY MONTAIN EDITION Árgerð 2009. Ekinn 19 Þ.KM Verð kr. 6.490.000.



JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4 Árgerð 2006. Ekinn 130 Þ.KM Verð kr. 2.980.000.



JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 Árgerð 2009. Ekinn 12 Þ.KM Verð kr. 6.290.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com





## SELJAST SAMAN Í DÝRARI BÍL EÐA GOTT STGR VERÐ

HYUNDAI Tucson 4x4. Árgerð 2007, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. skipti á dýrari eða gott stgrverð. MAZDA 3 sport. Árgerð 2004, ekinn 135 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. skipti á dýrari eða gott stgrverð, 3 skjáir, MTX keilur, tvöfalt púst, lækkunarkitt

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

TOYOTA
Baldursnes 1 Akureyri
Sími 460 4300
www.toyotaakureyri.is



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 2/2010, 30 þ.km, dísel, sjálfskiptur, topplúga, filmur, gúmmímotta í skotti. Verð 9.200.000. Rnr.115925.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX. 1/2008, 78 þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli, grind+kastarar, filmur, gúmmímotta í skotti, ljóst leður. Verð 7.290.000. Rnr.121242.



TOYOTA Land Cruiser 120 VX. 9/2008, 46 þ.km, dísel, sjálfskiptur, filmur, dráttarbeisli, dökkt leður. Verð 7.980.000. Rnr.121183.



TOYOTA Land Cruiser 120 LX. 5/2004,122 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli. Verð 3.590.000. Rnr.121282.



LEXUS Rx400h EXE. 6/2007, 17 Þ.km, sjálfskiptur, leður, dráttarbeisli, sumar/ vetrardekk. Verð 6.380.000. Rnr.121149.

**Toyota Akureyri**
**Baldursnes 1, 600 Akureyri**
**Sími: 460 4300**
**Opið virka daga 9-18,**






JEEP GRAND CHEROKEE LAREDO 4X4 Árgerð 2009. Ekinn 21 Þ.KM Verð kr. 5.890.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

100 bílar.is bílasala



VW Touareg R5 dísel, árg. 2008, ek. 38þús.km, leður, krókur, 2xfelgurgangar, nýleg heilsársdekk, Gullfallegur umboðsbíll og vel búinn!! Ásett verð aðeins 7390þús.kr! bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Daihatsu-Appl.sjálfsk. árg.'00 ek. 76 þ. km. þarfnast lagf. Verð kr. 350þ. Uppl. í s. 694 9719.



Til sölu M. Benz C200 árg.'95. Ek. 252þús. Ssk. Auka dekkjagangur á álfelgum. Verð 560þús. Tilboð 350þús. Nánari uppl. í s. 893 9987.



Til sölu hiace 2004 9 manna, ek. 85.000 ssk. Sölluga mikið breyttur dekurbíll verð 3. millj. Uppl. í s. 861 2327.




Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000



Til sölu Ford Mustang árg'94. Gæða eintak. Verð 750þús, engin skipti. Uppl í s. 663 4493



Toyota avensis árg'99, ssk. Ek aðeins 123þús, sk '12. Vel með farinn bíll. V. 780þús. S. 864 4347



Dodge Dakota árg.'01. Ný skoðaður '12. Nýir spindlar og stýrisendar. Vél 4,7 magnum. Sjálfsk. 4 dyra. Verð 870 þús. Uppl. í s. 898 3206.



VW Polo 1400 vél, árg. '97 ssk., ek. 117 þús. Sumar og vertatdekk á felgum. Bíll í góðu ástandi. V. 340 þús. S. 820 3199.



Toyota touring árg. '90 ekinn 152.xxx skoðaður '12, 2 eig. frá upphafi. Mjög vel með farinn bíll. Verð 270.000. Uppl. í síma 868 5044.



CHRYLER Windsor 1949 þarfnast uppgerðar. V 800 þús. Uppl. í s. 867 3022.



Renault Megane Scenic árg.'98 6m, 1,6. Ssk, mjög góður bíll. Ný vetrardekk og sumardekk. S. 616 2597.

Til sölu Renault Lagoona árg. '02 st, bsk. Sk. '11. Verð 450þús. Uppl. í s. 893 0878.

Fiat Marea ek. 150 þús. Tímareim 102 þús. Ný smurður o.fl. S. 693 6630.

## 0-250 þús.



### 7 manna diesel ssk

Hyundai Trajet diesel nýskr 5/2005 ekinn 201 þ km sjálfskiptur 7 manna nýlegar 17" álfelgur og dekk, vetrardekk á álfelgum fylgja, CD, spoiler, filmur, skoðaður 2012, mikið endurnýjaður og góður bíll, verð 1.290.000- ATH skipti uppli síma 861-7600

## 250-499 þús.



Mazda 323 f. 98" nýsk til 2012,beinsk,kraftpúst,spoiler,147 hö,ek 189 þkm. Finn bíll í góðu standi V 350Þ.Skipti koma til greina á ódýrari bíl. S:615-1973

## Bílar óskast

### Kaupi bilaða bíla

Kaupi bíla sem þarnast viðgerðar á ca. 30 - 150 þús. S. 896 6744.

Óska eftir bíl á verðbilinu 100 - 200 þ. staðgr. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 844 7030.

### 250-300 þús. í seðlum

Vantar sjálfsk. smábíl, Renault, Nissan, eða álíka. Verður að vera í topplagi, sk. '11. Skoða allt. S. 893 0878.

### !!! 0-250þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

### Bíll óskast á 25-250þús.

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Jeppar



MITSUBISHI PAJERO GLS árg.'06 Ek. 95þús. toppbíll á góðu staðgreiðsluverði. Uppl. í s. 843 3060.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



Til sölu M Benz 1323 4x2 árg'98. Með vélaflutningapalli er á lofti að aftan. S. 899 2058

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746




### Kría Hjól

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com


MYNDIR/ANTON

Sigrún Baldursdóttir og sonur hennar, Hafsteinn Árnason, hjá fjölskyldufyrirtækinu Vídd, þar sem úrval hágæða flísa, parkets og vinnsluvara er ríkulegt og spennandi.

# Hlýleiki í sígildum útfærslum

**Áreiðanleiki, þekking og þjónusta eru aðalsmerki Víddar, sem býður hönnun og gæði á heimsvísu.**

„Ítalir eru fremstir meðal jafningja þegar kemur að hönnun fatnaðar, húsgagna, sportbíla eða annars, og eru vitaskuld líka leiðandi á heimsvísu í flísum,“ segir Sigrún Baldursdóttir, annar eigandi Víddar sem hefur 20 ára reynslu í sölu flísa og þúsundir vörunúmera í flísum og mósaík úr gleri, marmara og keramik á lager.

„Í Evrópu er smám saman verið að hverfa frá hörðum stíl naumhyggjunnar og endurheimta í staðinn mýkt og hlýleika sígildra útfærslna. Þá hafa æ fleiri hagnýta hluti að leiðarljósi eftir að kreppti að og þar koma flísar inn sem álitlegur og endingargóður kostur, auk þess sem flísar eru auðveldar í viðhaldi og þrifum. Á sama tíma er náttúrusteinn á hröðu undanhaldi,“ segir Sigrún sem selur eingöngu hágæðaflísar frá öruggum framleiðendum og hefur frá upphafi lagt áherslu á mikið úrval vandaðrar vöru.

Helstu flísaframleiðendur Víddar eru Mirage, Atlas Concorde, Eiffelgres, Cesi, Blustyle og Cæsar; allir ítalskir.

„Við tókum inn umboð fyrir Mirage árið 1991, en fyrirtækið hefur verið brautryðjandi í þróun og framleiðslu flísa síðustu áratugi. Þær hafa reynst einstaklega vel og sem dæmi má nefna utanhússklæðingu á veitingastað McDonalds við Faxafen sem eftir átján ár er enn eins og ný. Mirage-flísar hafa sannað sig á fjölmörgum fleiri byggingum eins og Eflingarhúsinu í Sætúni og á Digraneskirkju, en margar af bensínstöðvum N1 eru einnig klæddar Mirage-flísum við góðan orðstír og reynslu,“ segir Sigrún.

Fyrir fáeinum árum hóf Vídd sölu á þýska parketinu Meister frá Meisterwerke, sem er eins og nafnið bendir til, algert meistaraverk. „Meister-parketið er sérstaklega hannað með gólfhita í huga og er alveg níðsterkt, en sérstök lakkherðing prýðir parketið en þá er lakkið bakað með útfjólubláu ljósi,“ upplýsir Sigrún og nefnir til sögunnar annan þýskan risa sem landsmenn hafa getað reitt sig á hjá Vídd, en það er Henkel sem framleiðir meðal annars lím og aðrar vinnsluvörur.

„Meðal vinnsluefna Henkel má nefna ryklaus lím og flot, sundlaugafúgur og marga liti í fúgum og kíttum; allt frá hefðbundnum litum yfir í sterka og óvenjulega liti. Þá má nefna ýmis efni sem taka á sérhæfðum viðhaldsmálum, eins og fúgustrokleðrið sem er bandarísk hugmynd,“ segir Sigrún sem stofnaði Vídd ásamt Árna Yngvasyni fyrir tuttugu árum.

Vídd er með stóran sýningarsal í Bæjarlind 4 í Kópavogi, þar sem einnig er frábær aðstaða fyrir börn, og verslun við Njarðarnes á Akureyri, en á báðum stöðum starfar fólk með áralanga starfsreynslu á sínu sviði. Heimasíða Víddar er www.vidd.is, þar sem finna má gagnlegar upplýsingar og myndbönd um vörurnar sem Vídd býður upp á.



**● LISTMÓSAÍK ÚR MURANO-KRISTALGLERI FRÁ SICIS** Þetta ítalska glermósaík hefur verið í boði hjá Vídd í næstum 20 ár og hefur verið vinsælt til gerðar ýmis konar listaverka. Þá hefur það líka verið talsvert notað í baðherbergi, til að mynda andstæður við stærri flísar.

Sjá nánar á www.vidd.is eða á www.sicis.com.



**● FLÍSAR FRÁ HINUM ÍTALSKA OG LITAGLAÐA CESI** Vídd hefur boðið flísar frá CESI á Íslandi í meira en 15 ár. CESI er metnaðarfullt og litaglatt ítalskt fyrirtæki með einlitar glerjaðar flísar í um 90 litum, háglans og mattar. Flísarnar eru í mörgum stærðum: 2,5x2,5, 5x5, 5x20, 7,5x15, 10x10, 10x20, 10x30, 15x15,20x20, 20x60 og 30x30 cm. Þetta eru svokallaðar módúlstærðir og ganga saman í lögn, þannig að fúgur geti staðist á.

Þessa línu má skoða á www.vidd.is eða á www.cesiceramica.it.



**SKIPT UM FÚGUR** Sprungnar og upplitaðar fúgur geta gert annars fallegar flísar óhrjálegar. Á vef Húsasmiðjunnar er tilgreind auðveld leið til að hressa upp á fúgurnar.

Kaupa þarf fúgur í sama lit og þær sem eru fyrir. Þá þarf til verksins fúgusög, hlífðargleraugu, fúgusvamp, sýrublöndu, tusku, þurrt handklæði og fötu.

Sagið ofan í fúgurnar með fúgusöginni en passið að fara ekki of djúpt eða saga í flísarnar. Hrærið út fúguna eftir leiðbeiningum. Notið fúguspaða til að renna fúgunni í raufina. Nuddið með fúgusvampinum til að þrýsta fúgunni vel í raufina en til að fá fallegt yfirborð má renna sleifarskafti eða fingri yfir fúguna.

Látið fúgurnar þorna þangað til fer að myndast ský eða slikja á flísunum og þurrkið með þurru handklæði.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.












**Í FÖGRUM SKÁLUM**
Skartgripir og hárspennur eiga ekki heima á vaskborðinu enda eykur það hættuna á að þau hverfi ofan í niðurfallið. Falleg og jafnframt stórsniðug leið er að koma sér upp fögrum bakka og fínlegri skál sem raða má á ilmvötnum, skarti og hárskrauti.



**RÖNDÓTT OG ÖÐRUVÍSI**
Skrautlegt og litríkt veggfóður getur lífgað upp á baðherbergið. Ekki er mælt með að veggfóðra alla veggina sem getur verið yfirþyrmandi en smart getur verið að velja einn vegg til mótvægis við þá hvítu.



**LEIKFÖNGIN Í BAÐINU**
Flestir foreldrar þekkja þann vanda að ganga frá leikföngum barnanna eftir hið daglega bað. Til að þau flækist ekki fyrir á öðrum stundum er gott að koma sér upp neti til að geyma þau í milli notkunar.



**LITASPRENGJA Á HVÍTUM GRUNNI**
Einfalt og hvítmálað baðherbergi má poppa upp með litríkri mynd eða jafnvel flottri kristalsljósakrónu. Hver segir að ekki megi upplifa smá glamúr á hinum allra heilagasta stað?



**DÝRMÆTT GEYMSLUPLÁSS**
Ef pláss er nægt á baðherberginu getur verið skemmtilegt að koma fyrir frístandandi hillum sem nýtast undir allt frá handklæðum til snyrtivara. Gaman er að taka eina hilluna undir skreytingar og dúllerí.

# Sniðugt á snyrtinguna

**Baðherbergi eru oft á tíðum fremur lítil og þröng. Því þarf nokkra hugmyndaauðgi til að gera þau hugguleg. Hér eru nokkrar ágætar hugmyndir.**

**KERTI Í SKÁL**
Þegar gesti ber að garði er gott að andrúmsloftið á baðherberginu sé ilmandi gott. Því takmarki má til dæmis ná með fljótandi ilmkertum í fallegri glerskál. Einnig má skreyta skálina með skrautsteinum og fallegum laufblöðum eða blómum.

**HANDKLÆÐIN MERKT**
Handklæði enda oftar en ekki í óhreina tauinu eftir eina notkun. Með því að sauma litaða borða á handklæðin eru þau auðþekkt og hver og einn getur notað sitt handklæði oftar en einu sinni og þannig minnkað vinnuna við þvottinn.



**LITRÍKUR ÞURRKUPAPPÍR**
Klósettrúllur þurfa ekki að vera leiðinlegar. Hægt er að fá ýmsar gerðir í ýmsum litum í sérbúðum sem gaman er að raða upp í glervasa og nota sem skraut. Sem dæmi um verslun á netinu má nefna www.thedesignertoiletrollcompany.co.uk.



**STÆLLEG STURTUHENGI**
Sturtuhengin þurfa ekki að vera forljót úr plasti. Hægt er að nota lín að eigin vali og fóðra þá hlið sem snýr að sturtunni með plasti.





Arinbjörn Snorrason og Kristján Sveinsson, eigendur Flísaverks ehf.

# Viðhald baðherbergja frá a til ö

**Fyrirtæki þeirra Kristjáns Sveinssonar og Arinbjarnar Snorrasonar, Flísaverk, hefur vaxið hratt frá því að það var stofnað fyrir um einu og hálfu ári, en í dag vinna átján manns hjá fyrirtækinu.**

Flísaverk sérhæfir sig í endurgerð og uppsetningu baðherbergja frá a til ö, auk þess að sjá um alla alhliða uppsetningu og viðhaldsvinnu við flísalagnir, múrverk, pípulagnir, rafmagnsvinnu og smíðar svo eitthvað sé nefnt, ásamt því að aðstoða við hönnun og útfærslur. Hjá þeim getur fólk fengið alla þjónustu hvað þetta varðar. Það þarf því ekki að eltast við iðnaðarmennina, hvern á sínu sviði, út um allan bæ. Þeir hjá Flísaverk sjá um allt saman.

stærðir 8 til 16
Skvísulegur og flottur
verð 9.990,-
Kemur líka í svörtu
stærðir S til XL
Flottur og rómantískur
verð 8.990,-
stærðir S til XL
Æðislegur og elegant
stærðir S til XL
ATH! TILBOÐ Í DAG
Ekta fyrir sumarið!
verð 4.990,-
Kemur líka í hvítu og gráu
stærðir 8 til 16
Sætur, sumarlegur og laus í sniðinu
verð 5.990,-
stærðir S til XL
Sjúklega sætur þessi
verð 8.990,-
Líka til í ljósu
stærðir S til XL
Mikið úrval af sokkabuxum í mörgum litum og flottum mynstrum
Flott fyrir minna!
– SMÁRALIND
– KRINGLUNNI
LAUGAVEGI


BILL CALLAHAN


FLEET FOXES

**> Í SPILARANUM**

Bill Callahan - Apocalypse
Jamie Woon - Mirrorwriting
Fleet Foxes - Helplessness Blues
Wild Beasts - Smother
Beastie Boys - Hot Sauce Committee: Part Two

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Tónleikar fyrir BBC

Enska hljómsveitin Radiohead ætlar að flytja nýjustu plötu sína, The King of Limbs, í heild sinni fyrir breska ríkissjónvarpið, BBC. Tónleikarnir verða hluti af Live From The Basement tónleikaröð BBC og verða þeir sýndir 1. júlí. Upptökustjóri tónleikanna verður Nigel Godrich sem stjórnaði einnig upptökum á The King of Limbs.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Radiohead spilar mörg laganna af plötunni á tónleikum og væntanlega í eina sinn sem sveitin spilar plötuna í í heild sinni í réttri röð. The King of Limbs kom út í föstu formi 18. febrúar og er hún í sjöunda sæti á breska breiðskífulistanum. Platan, sem er sú áttunda í röðinni frá Radiohead, hefur fengið misjafnar viðtökur. Fæstir telja hana á meðal bestu verka sveitarinnar.


**THOM YORKE** Radiohead spilar plötuna The King of Limbs í heild sinni fyrir BBC.




**> PLATA VIKUNNAR**

Karl Hallgrímsson - Héðan í frá

★★★

„Blús- og þjóðlagaskotið íslenskt popp frá hæfileikaríkum nýliða.“ - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

### *Horfa sér nær*

Franska hljómsveitin Nouvelle Vague hefur notið nokkurra vinsælda hér á landi og hélt meðal annars vel sótta tónleika í Hafnarhúsinu í apríl á því herrans ári 2007. Sveitin, sem er verkefni þeirra Marcs Collin og Oliviers Libaux, vakti fyrst athygli fyrir plötu samnefnda sveitinni sem kom út árið 2004 og innihélt gamla pönk og nýbylgjusmelli í ljúfum bozzanova útsetningum. Þar á meðal voru lög eftir The Clash, Undertones, XTC og Joy Division. Platan náði nokkrum vinsældum langt út fyrir heimalandið, sem gerði það kannski að verkum að plata númer tvö, Bande à part sem kom út tveimur árum seinna, var í sama stíl. Á þriðju plötunni 3, sem kom 2009, var sama formúlan enn notuð, en þá var komin greinileg þreyta í hana og augsýnilega kominn tími á að hrista aðeins upp í hlutunum.



**NOUVELLE VAGUE** Nouvelle Vague tekur nýja stefnu á fjórðu plötunni sinni, Couleurs sur Paris.

Nýlega heyrði ég svo fjórðu plötu sveitarinnar, Couleur sur Paris, en þar tekur sveitin annan pól í hæðina. Í fyrsta lagi eru öll lögin á henni eftir frönskumælandi listamenn frá áttunda og níunda áratugnum og í öðru lagi eru útsetningarnar orðnar fjölbreyttari. Þeir Marc og Olivier hafa alltaf fengið ungar og upprennandi franskar söngkonur til að syngja lögin á plötunum, en á Couleurs sur Paris eru söngvararnir jafnmargir og lögin (18) og hluti þeirra er sunginn af karlsöngvurum. Á meðal söngvara á plötunni eru Vanessa Paradis, Camille, Helena Nougerra, Yelle og Coralie Clément.

Lögin eru hvert öðru skemmtilegri, enda voru margar flottar franskar hljómsveitir starfandi á pönk- og nýbylgjuárunum. Þarna eru meðal annars lög eftir Oberkampf, Gamine, Lili Drop, Ellie & Jacno, Indochine, Rita Mitsouko, Noir Désir, Etienne Daho, Les Dogs, Taxi Girl, Lio og Mano Negra. Og svo hið bráðsmellna Putain, putain eftir Belgann Arno sem er ágætt innlegg í Evrópuumræðuna…

Couleurs sur Paris kom út í nóvember á síðasta ári og fékk ágætar viðtökur.







**FYNDNIR** Lonely Island er heitasta grínengi Bandaríkjanna í dag og hefur slegið í gegn með bráðfyndnum lögum sínum.

## Æskuvinirnir frá Kaliforníu

**Gríngengið Lonely Island getur ekki birt myndband á Youtube án þess að milljónir manna horfi á það. Ný plata er á leiðinni frá genginu og á meðal gesta eru Justin Timberlake og sjálfur Michael Bolton.**

Gríngengið Lonely Island sendir frá sér aðra breiðskífu sína seinna í maí. Platan heitir Turtleneck and Chain og fylgir eftir Incredibad sem kom út árið 2009.

Lonely Island gengið samanstendur af æskuvinunum Akiva Schaffer, Jorma Taccone og Andy Samberg, en þeir byrjuðu að semja grínlög og framleiða myndbönd í grunnskóla í Kaliforníu. Þeir reyndu að koma sér á framfæri á ýmsan hátt þangað til Lorne Michaels, skapari skemmtiþáttanna Saturday Night Live, tók eftir því sem þeir voru að gera og bauð þeim starf í þætti sínum. Saman sömdu þeir svo grínlagið Lazy Sunday, myndbandið var sýnt í Saturday Night Live og sló samstundis í gegn á netinu. Eftir það fylgdu gríðarlega vinsæl myndbönd á borð við Dick in a Box, sem Justin Timberlake flutti ásamt Andy Samberg, Jizz in My Pants og Like a Boss, sem skartaði leikaranum Seth Rogen.

Justin Timberlake hefur verið duglegur við að starfa með Lonely Island genginu. Hann kemur fram í laginu Motherlover, sem er eflaust elsta lagið á nýju plötunni. Myndbandið við lagið sló rækilega í gegn á netinu, eins og reyndar myndbönd hópsins. Snoop Dogg, Akon, Rihanna, Nicki Minaj, John Waters, Beck og enginn annar en Michael Bolton eru á meðal gesta á nýju plötunni.

Lög Lonely Island eru ekki aðeins fyndin heldur afar grípandi tónlistarlega, en þar hafa þeir mikið á forskot á kollega sína í grínbransanum. Talað er um að það geti reynst erfitt fyrir Lonely Island gengið að toppa fyrri plötuna, en Chris Coplan, blaðamaður vefritsins Consequence of Sound, segir ný lög á borð við hið magnaða I Just Had Sex benda til þess að það eigi helling inni.

atlifannar@frettabladid.is

### LAGALISTINN
Vikuna 28. - 4. maí 2011

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Adele | Someone Like You |
| ▲ | 2 | Jessie J | Price Tag |
| ▼ | 3 | Valdimar | Yfirgefinn |
| ▼ | 4 | Bubbi Morthens | Ísabella |
| ▲ | 5 | P!nk | F**kin' Perfect |
| ▲ | 6 | Vinir Sjonna | Coming Home |
| ▼ | 7 | Megas & Senuþjófarnir | Lengi skal manninn reyna |
| ▲ | 8 | Katy Perry | E.T. |
| ▼ | 9 | Mugison | Haglél |
| ▼ | 10 | Magni | Ég trúi á betra líf |

### TÓNLISTINN
Vikuna 28. - 4. maí 2011

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Megas og Senuþjófarnir | (Hugboð) um vandræði |
| ▶ | 2 | Ýmsir | Eurovision Song Contest 2011: Düsseldorf |
| ▶ | 3 | Valdimar | Undraland |
| ▲ | 4 | Adele | 21 |
| ▲ | 5 | Skálmöld | Baldur |
| ▲ | 6 | Justin Bieber | My Worlds |
| ▶ | 7 | Bubbi | Sögur af ást, landi og þjóð |
| * | 8 | Eyfi | Ykkur syng ég mína söngva |
| ▶ | 9 | Anna Pálína | Bezt |
| ▼ | 10 | Úr leikriti | Ballið á Bessastöðum |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# SUMARIÐ ER KOMIÐ!



Verð
4.999

Fallegir sumarkjólar

Margar gerðir og litlir

Sumarlegir sandalar



Stærðir 37-41
Verð
6.999



Stærðir 37-41
Verð
6.999

Hælaskór



Stærðir 37-41
Verð
10.999

Leðurskór
Einnig til í svörtu



Sumartoppar
Verð
2.999




GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8

*Opið 11–19 alla daga vikunnar, nema sunnudaga 12–17 / Sími 534 4451*

> ÚRVALSKOKKUR



**Daniel Craig** reyndist vera ansi lunkinn matreiðslumaður á tökustað Cowboy & Aliens samkvæmt mótleikara hans, Sam Rockwell. Craig eldaði í hvert skipti þegar tökum lauk en þegar orðrómur um hæfileika hans á bak við eldavélina kvisaðist út kallaði hann á aðstoð frá starfsfólki mötuneytisins.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Bigelow heldur uppteknum hætti

Bandaríska leikstýran Kathryn Bigelow hefur óvænt fengið upp í hendurnar magnaðan söguþráð sem sennilega á eftir að reynast gullnáma. Hún hefur nefnilega, nánast frá fyrstu hendi, fengið innsýn inn í líf þeirra sem höfðu uppi á Osama bin Laden og drápu í Pakistan.

Forsagan er þessi: Bigelow og samstarfsfélagi hennar, Mark Boal, hafa að undanförnu verið að vinna í stórmyndinni Triple Frontier sem Karl Júlíusson gerir leikmyndina í. Sú mynd tekur dágóðan tíma í undirbúningi og hefur Bigelow lýst yfir vilja sínum að gera harðsoðna hasarmynd í sumar. Sú átti að fjalla um leitina að Osama bin Laden og fylgja eftir sérsveit í bandaríska hernum. Svo skemmtilega vill til að Boal, sem skrifaði handritið að The Hurt Locker og er reyndur blaðamaður, hafði í gegnum sambönd sín innan bandaríska hersins fengið að fylgjast með einni fremstu sérsveit bandaríska hersins og það var hún sem felldi bin Laden á sunnudaginn.

Samkvæmt Empire Online er Boal nú á fullu við að endurskrifa handritið sem þau hugðust nota og færa inn mikilvægar breytingar. Ekki er hins vegar ljóst hvar myndin verður tekin upp enda mun þurfa töluverða öryggisgæslu í kringum tökustaðinn.



**SAFARÍKT** Kathryn Bigelow er með safaríkt efni í höndunum fyrir sína næstu kvikmynd en hún mun fjalla um leitina að Osama bin Laden.

# Íslenskar kvikmyndir í Bíó Paradís

Bíó Paradís, kvikmyndahúsið við Hverfisgötu, hyggst blása til íslensks kvikmyndasumars og hefst það 6. maí. Í hverri viku verður sýnd íslensk kvikmynd með enskum texta og er þetta því kjörið tækifæri fyrir Íslendinga sem vilja sýna útlendingum íslenska kvikmyndamenningu og jafnframt rifja upp gömul kynni við gamlar íslenskar kvikmyndir.

Nýjar myndir verða sýndar í bland við gamlar en meðal þeirra eru meðal annars Börn náttúrunnar, Tár úr steini, Kristnihald undir Jökli og Djöflaeyjan ásamt Brúðgumanum, Bjarnfreðarsyni, Gauragangi og Kaldri slóð. Allar nánari upplýsingar um sýningarnar er hægt að nálgast á heimasíðu Bíó Paradís, bioparadis.is.



**ÍSLENSK VEISLA** íslenskar kvikmyndir verða sýndar í allt sumar í Bíó Paradís, meðal annars Börn náttúrunnar, Tár úr steini og Bjarnfreðarson.

# Er vonda drottningin

Það eru ansi magnaðir hlutir að gerast hjá Disney. Ekki að það sé eitthvað fréttnæmt heldur virðist nýjasta kvikmynd Spiderman-leikstjórans Sam Raimi innan veggja fyrirtækisins lofa góðu. Myndin er svokallaður forleikur að Galdrakarlinum í Oz og segir frá sölumanni einum sem lendir í því að loftbelgur hans hafnar í hvirfilbyl og sendir hann í töfralandið fræga. Þar kemst hann í kynni við töfrakonuna Theódóru með skelfilegum afleiðingum.



**RACHEL WEISZ**

Raimi hefur þegar gengið frá því að James Franco leiki sölumanninn og Mila Kunis leiki Theódóru. Þá var tilkynnt í gær að Rachel Weisz myndi leika vondu nornina í Oz sem leggur stein í götu systur sinnar og reynir að gera allt til að eyðileggja samband hennar og sölumannsins. Ráðgert er að tökur hefjist í júlí og er búist við miklu tæknibrellufjöri.



**FÁRÁNLEGAR VINSÆLDIR** The Fast and the Furious flokkurinn hefur getið af sér fjórar myndir og eina aukaafurð. Myndirnar hafa rakað inn peningum þrátt fyrir að hafa aldrei verið vinsælar hjá kvikmyndagagnrýnendum. Fimmta myndin virðist þó ætla að slá öllum við; hún hefur fengið frábæra dóma og rauk beint á toppinn í Bandaríkjunum.

# KRAFTURINN SELUR GRIMMT

**Þegar fyrsta kvikmyndin um bílatuddann Toretto og lögregluþjóninn Brian O'Conner var frumsýnd fyrir áratug hefði engan kvikmyndaspekúlant grunað að fjórar kappakstursmyndir ættu eftir að fylgja í kjölfarið. En glæsikerrurnar trekkja að.**

Fast Five fór rakleiðis á toppinn í Bandaríkjunum enda skartar myndin þeim Paul Walker og Vin Diesel í aðalhlutverkum. Myndin tekur upp þráðinn þar sem Fast & Furious (nafnafrumleikinn er ekkert að þvælast fyrir) skildi við hann en þá unnu þeir Toretto og O'Conner að því fyrir FBI að handsama mexíkóskan heróíninnflytjanda. Að þessu sinni hyggjast þeir félagar ásamt gamla góða genginu stela hundrað milljónum dollara frá hinum ofurspillta auðjöfri Hernan Reyes. Verkefnið verður ögn snúnara þegar löggreglumaðurinn Luke Hoobs nartar í hælana á þeim.

Fyrsta myndin í þessum flokki sló nánast samstundis í gegn hjá bíláóðum kvikmyndahúsagestum árið 2001. The Fast and the Furious verður seint sökuð um að vera greindarleg hasarmynd, aðaláherslan var lögð á kraftmikla bíla, fáránleg hasaratriði og suðrænar stúlkur í magabolum. Söguþráðurinn var ekkert ýkja flókinn og leikurinn í meðallagi góður en þetta kom ekki að sök; myndin skilaði 144 milljónum dala í gróða þrátt fyrir að kosta aðeins 38 milljónir. Sannkölluð gullnáma.

Mynd númer tvö bar heitið 2 Fast 2 Furious og fékk afleita dóma þrátt fyrir að við stjórnvölinn sæti John Singleton, sá ágæti leikstjóri. Paul Walker var á sínum stað sem O'Conner en Vin Diesel var víðsfjarri. Í stað hans komu þau Tyrese Gibson og Eva Mendes. En „vondu" dómarnir höfðu engin áhrif, ungir karlmenn flykktust í bíó til að sjá glæsikerrurnar spæna upp malbikið í æsilegum kappakstri löggunnar og bófaflokka. 127 milljónir dala komu í kassann. Ekki þarf að hafa mörg orð um The Fast and the Furious: Tokyo Drift; hún er aukaafurð (e. spinoff")í Fast and the Furious seríunni og segir frá ungum vandræðagemsa sem sogast inn í götukappakstursmenningu Japans. Myndin fékk skelfilega dóma og aðsóknin var ekki upp á marga fiska. Aðstandendur flokksins lögðu saman tvo og tvo; Paul Walker og Vin Diesel voru tvíeyki sem ekki mátti aðskilja. Og í næstu mynd yrðu þeir að beina sjónum sínum að amerískum glæsikerrum.

Og viti menn. Fast & Furious var frumsýnd 2009 með þeim Walker og Vin Diesel og herbragðið skilaði sér fullkomlega; 155 milljónir dala komu í kassann og samanlagt hafa því myndirnar fjórar skilað tæplega hálfum milljarði dala, eða 56 milljörðum íslenskra króna. Fimmta myndin virðist vera á góðri leið með að verða sú vinsælasta í röðinni og hefur þar að auki fengið viðunandi dóma. Það er því ekkert skrítið að þegar hefur verið tilkynnt um sjöttu myndina.

freyrgigja@frettabladid.is




# Rómantík og breskt stríðsdrama

Þær gætu ekki verið ólíkari, kvikmyndirnar tvær sem frumsýndar eru um helgina í íslenskum kvikmyndahúsum. Annars vegar er það ekta bandarísk poppkornsmynd og hins vegar breskt raunsæi eins og það gerist best.

Route Irish er nýjasta kvikmyndin frá hinum virta Ken Loach, sem hlaut gullpálmann í Cannes fyrir kvikmynd sína The Wind that Shakes the Barley árið 2006. Að þessu sinni fjallar Loach um Íraksstríðið sem hefur legið eins og mara á Bretum og er að breytast í hálfgert Víetnamstríð þjóðarinnar. Myndin segir frá Fergus Molley, sem hefur nýverið misst besta vin sinn í Írak. Hann féll á hinni stórhættulegu leið Route Irish sem liggur frá flugvellinum í Bagdad inn á græna friðarsvæðið. Fergus á erfitt með að sætta sig við dauða hans og þegar hann kemst yfir ný gögn í málinu ákveður hann að grípa til eigin ráða. Með aðalhlutverkin í myndinni fara þau Mark Womack og Andrea Lowe.

Something Borrowed er dæmigerð bandarísk poppkornsrómantík með Kate Hudson og Ginnifer Goodwin úr Big Love í aðalhlutverkum. Myndin segir frá því þegar hin vonlausa piparjómfrú Rachel fellur fyrir unnusta bestu vinkonu sinnar. Meðal framleiðenda myndarinnar er Óskarsverðlaunahafinn Hillary Swank.



**STRÍÐ OG ÁST** Kate Hudson leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Something Borrowed, sem fjallar um piparjómfrú sem fellur fyrir unnusta bestu vinkonu sinnar.

# Fyrir Eurovision

## ..................eða bara fótboltann!

## Sjónvarpstilboð fyrir öll tækifæri í Sony Center




Sony BRAVIA 24" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-24EX320

- Full HD 1080p myndgæði
- BRAVIA Internet Video
- Edge LED tækni
- X-reality myndstýring
- WiFi innbyggt í tækið
- Innbyggður Opera netvafri
- 1 scart, 3 HDMI, USB, LAN og VGA

Verð áður: 109.990
Eurovisionverð: 99.990




Sony BRAVIA 37" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-37EX720

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow 200Hz
- Edge LED tækni og 3D
- X-reality myndstýring
- Hægt að stýra tækinu með snjallsíma
- Innbyggður Opera netvafri - USB upptaka
- 1 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA

Verð áður: 229.990
Eurovisionverð: 199.990




Sony BRAVIA 55" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-55EX720

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow 200Hz
- Edge LED tækni og 3D
- X-reality myndstýring
- Hægt að stýra tækinu með snjallsíma
- Innbyggður Opera netvafri - USB upptaka
- 1 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA

Verð áður: 449.990
Eurovisionverð: 399.990




Sony BRAVIA 40" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-40EX710

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow100Hz tryggir skerpuna
- BRAVIA Internet Video
- Edge LED tækni
- BRAVIA Engine 3 myndstýring
- Xrossmediabar stjórnunarkerfi, sama og í PS3
- 2 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA

Verð áður: 249.990
Eurovisionverð: 199.990




Sony BRAVIA 40" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-40NX710

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow100Hz pro tryggir skerpuna
- Dynamic LED baklýsing
- Opticontrast panill og 3D
- BRAVIA Engine 3 myndstýring
- Xrossmediabar stjórnunarkerfi, sama og í PS3
- 2 scart, 4 HDMI, USB, LAN, VGA og innbyggt WiFi

Verð áður: 429.990
Eurovisionverð: 349.990




Sony BRAVIA 52" Edge LED sjónvarp - 5 ára ábyrgð
KDL-52HX900

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow 400Hz pro tryggir yfirburðaskerpu
- BRAVIA Internet Video
- Dynamic Intelligent LED og 3D
- BRAVIA Engine 3 myndstýring
- Ástandur að verðmæti 59.900,- fylgir
- 2 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA

Verð áður: 899.990
Eurovisionverð: 629.990

## - opið til miðnættis í dag fimmtudag!

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvarpstækjum án aukakostnaðar

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**4. ÁFENGISMEÐFERÐ LEIKARANS** Jonathans Rhys Meyers, úr þáttunum Tudors, stendur yfir. Samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs er leikarinn þó ekki á því að neyslan sé vandamál.

## Þrettánda árið hafið

Fyrsti heimaleikur KR-inga í Pepsi-deild karla verður í Frostaskjólinu á sunnudaginn og að sjálfsögðu verður KR-útvarpið á sínum stað eins og undanfarin tólf ár. Hver reynsluboltinn á fætur öðrum úr fjölmiðlageiranum verður á bak við hljóðnemann í sumar og nægir þar að nefna Bjarna Fel, Hallgrím Indriðason, Felix Bergsson, Frey Eyjólfsson, Hauk Holm og Boga Ágústsson. Sá síðastnefndi var einmitt heiðraður sem sjálfboðaliði ársins fyrir störf sín í útvarpinu á uppskeruhátíð tippklúbbs KR um síðustu helgi.

Bjarni mun sjá um að lýsa leikjunum í sumar á meðan hinir annast upphitun fyrir leiki og viðtöl að þeim loknum. Stutt er síðan nokkrir úr hópnum hittust á KR-pöbbnum Rauða ljóninu og fóru yfir sumarið og fór að sjálfsögðu vel á með þeim.



**Á RAUÐA LJÓNINU** Haukur Holm, Bogi Ágústsson og Höskuldur Höskuldsson hituðu upp fyrir sumarið á Rauða ljóninu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Top of the Pops í loftið

**Simon Cowell, dómari í X-Factor og tónlistarframleiðandi, er að undirbúa nýja útgáfu af tónlistarþættinum Top of the Pops sem verður sýnd víðs vegar um heiminn. Þættirnir voru sýndir vikulega hjá BBC í Bretlandi í 42 ár, þar til þeir voru flautaðir af árið 2006. „Það hentar ekki fjárhagslega að sýna þættina bara í Bretlandi. Til að gera þetta almennilega þurfa þættirnir að vera sýndir í fleiru en einu landi," sagði Cowell, sem lofar nýju útgáfunni eftir um það bil eitt ár.**



**SIMON COWELL** Tónlistarmógúllinn lofar nýrri útgáfu af Top of the Pops á næsta ári.



**ÁTTA TILNEFNINGAR** Vampírumyndin The Twilight Saga: Eclipse hefur fengið átta tilnefningar til MTV-verðlaunanna.

## Twilight með flest atkvæði

Vampírumyndin The Twilight Saga: Eclipse hefur fengið átta tilnefningar til MTV-kvikmyndaverðlaunanna sem verða afhent í Los Angeles 5. júní. Hún er tilnefnd sem besta myndin auk þess sem aðalleikararnir Robert Pattinson og Kristen Stewart fá einnig tilnefningar. Hasarmyndin Inception með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki fær sjö tilnefningar, þar á meðal fyrir bestu setninguna í mynd, sem er nýr verðlaunaflokkur. Næstar á eftir koma Harry Potter and the Deathly Hallows: Part 1 með sex tilnefningar og The Social Network með fimm.



**SVAVAR KNÚTUR** Svavar og hljómsveitin Ég verða rafmagnslaus á Norðurpólnum í kvöld.

## Ég og Svavar án rafmagns

**Tónlistarmaðurinn Svavar Knútur og hljómsveitin Ég koma fram á þriðju tónleikunum í tónleikaröðinni Rafmagnslaust á Norðurpólnum í kvöld. Einnig kemur hljómsveitin Flugdrekafélag fram í fyrsta skipti opinberlega.**

**Svavar Knútur hefur gefið út tvær plötur á síðustu tveimur árum og nú síðast leit Amma dagsins ljós. Hljómsveitin Ég gaf út sína þriðju plötu í fyrra sem bar titilinn Lúxus upplifun. Báðir flytjendur léku á hátíðinni Aldrei fór ég suður um páskana. Tónleikarnir í kvöld hefjast stundvíslega kl. 21 og verður húsið opnað kl. 20.**

# Allt eins og það á að vera hjá Þór

Kvikmyndir ★★★

**Thor**

Leikstjóri: Kenneth Branagh

**Leikarar:** Chris Hemsworth, Natalie Portman, Anthony Hopkins, Tom Hiddleston, Stellan Skarsgård, Rene Russo

Það er til ágætis flökkusaga um Bubba Morthens og þegar honum var boðið aðalhlutverkið í Hollywood-kvikmynd um teiknimyndasöguhetjuna Thor. Því miður varð ekki af gerð þeirrar myndar, en núna, rétt um aldarfjórðungi síðar, er loksins komin kvikmynd um þennan vinsæla Marvel-garp.

Sagan er beint eftir uppskriftinni. Ofurhetja berst við ófreskjur og svikula fyrrverandi samherja, verður ástfanginn af „venjulegri“ stúlku sem veit ekki að hann er ofurhetja, missir ofurmátt sinn tímabundið en öðlast hann að lokum aftur og bjargar heiminum. Eða í það minnsta deginum. Ég er ekki að skemma neitt fyrir ykkur þar sem þið hafið séð þetta þúsund sinnum áður.

Thor er skemmtileg mynd að mestu. Ég átti erfitt með fyrstu 25 mínúturnar, en þær gerast allar í hinum tölvugerða Ásgarði (sem lítur út eins og framtíðarlegt hommadiskótek) og ég var orðinn smeykur um að ég fengi aldrei að sjá hinum megin við green-screen tjaldið. En þegar Thor missir mátt sinn og er sendur til jarðar byrjar myndin fyrir alvöru.

Chris Hemsworth er þrælskemmtilegur í titilhlutverkinu og efnileg hasarmyndahetja. Hann hefur skrokkinn sem til þarf, er fyndinn og leikur ágætlega. Hopkins er fæddur í hlutverk Óðins og Portman er sæt og fín. Það þarf víst ekki meira til að þessu sinni. En Thor kemst langa leið á húmornum og andrúmsloftið er létt og skemmtilegt eins og teiknimyndasögur voru í gamla daga.

**Niðurstaða:** Nokkuð vel heppnað ævintýri, þrátt fyrir fjarveru Bubba Morthens.

**Haukur Viðar Alfreðsson**



**THOR** Chris Hemsworth og Anthony Hopkins leika Þór og Óðin í hasarmyndinni Thor.



**ÓLÁTABELGIR** Strákarnir í Guns N' Roses eru mikil ólíkindatól, en gætu snúið aftur á næsta ári.

# Slúðrað um endurkomu

Talið er að endurkoma frægustu útgáfunnar af Guns N' Roses sé á næsta leiti. Hljómsveitin hefur gengið í gegnum ótal breytingar frá því að hún var stofnuð árið 1985.

Samkvæmt fjölmiðlum í Bandaríkjunum ku Guns N' Roses koma fram í hálfleik á Ofurskálinni í febrúar á næsta ári. Þekktasta uppröðun Guns N' Roses hefur ekki komið saman frá árinu 1994, en síðan þá hefur söngvarinn Axl Rose verið með hljómsveitarnafnið í gíslingu og gefið út eina plötu, hina rándýru Chinese Democracy, árið 2008.

Ólíkindatólið Rose neitar að endurkoma sé væntanleg, en íþróttabloggarinn Kent Sterling fullyrðir að viðræður við Axl, Slash og Duff séu í gangi. Hann segir málið þó á byrjunarstigi og bætir við að ekkert sé í hendi.

# Gjörbreytt líf



**BREYTT LÍF** Líf Cruz hefur breyst mikið eftir að hún eignaðist soninn Leo.

**Leikkonan Penelope Cruz segir að líf sitt hafi gjörbreyst eftir að hún eignaðist sitt fyrsta barn í janúar. „Allir segja manni að hlutirnir breytist og allar þessar klisjur um barneignir og móðurhlutverkið eru sannar,“ sagði hin 37 ára Cruz, sem eignaðist soninn Leo með eiginmanni sínum, leikaranum Javier Bardem.**

IMAGE FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



# Er næsta stórstjarna í íslenskri myndasögugerð

**Lilja Hlín Pétursdóttir sigraði í myndasögukeppni Ókeibæ-kur og fékk að launum útgáfusamning við fyrirtækið. Myndasagan hennar er bæði blóðug og ofbeldisfull.**





**SIGURVEGARI** **Lilja Hlín Pétursdóttir** sigraði í myndasögukeppni Ókeibæ-kur sem var haldin á dögunum. Myndasagan hennar **Grallarar** þótti að mati dómnefndar leika sér að forminu í gegnum teiknaðar polaroid-myndir. „Kúlupennaskriftin og poppkúltúrvísanir í húmornum gerðu útslagið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lilja Hlín Pétursdóttir bar sigur úr býtum í myndasögukeppni bókaforlagsins Ókeibæ-kur sem var haldin fyrir Ókeipiss, myndasögutímaritið sem kemur út á laugardaginn. Sama dag verður haldið upp á hinn alþjóðlega ókeypis-myndasögudag. „Mig langaði til að vinna þannig að ég ákvað að gera eitthvað í anda þess sem Ókeibæ-kur gefur út,“ segir Lilja Hlín. Saga hennar nefnist Grallarar og er að hennar sögn mjög ofbeldisfull. „Þetta er blóðug saga en samt er undirliggjandi söguþráður um vináttu og hvers virði hún er í róstusömu samfélagi sem við lifum í,“ segir hún.

Í umsögn dómefndar stóð: „Lilja lék sér að forminu með því að segja söguna í gegnum teiknaðar polaroid-myndir. Kúlupennaskriftin og poppkúltúrvísanir í húmornum gerðu útslagið“.

Í öðru til fjórða sæti í myndasögukeppninni, í engri sérstakri röð, lentu Ingvar Barkarson, Birta Þrastardóttir, Júlía Hermannsdóttir og Magnús Ingvar Ágústsson. Alls voru um fjörutíu sögur sendar inn frá fólki á öllum aldri. Umfjöllunarefnið var af ýmsum toga, allt frá geimgríni yfir í víkingasplatter. Allar sögurnar sem tóku þátt verða til sýnis í sal Hugleikjafélags Reykjavíkur við verslunina Nexus og verða einnig í tímaritinu Ókeipiss.

Lilja Hlín er 21 árs og starfar hjá Íslandspósti. Hún útskrifaðist af listnámsbraut í Fjölbrautaskóla Garðabæjar og stefnir á framhaldsnám, hugsanlega í hreyfimyndagerð. Fyrir sigurinn í myndasögukeppninni hlaut hún útgáfusamning við Ókeibæ-kur og er hún að sjálfsögðu í skýjunum yfir því. „Það er alveg geðveikt. Ég veit ekki alveg hvað ég á að gera við þetta en það verður eitthvað frábært. Ég er næsta stórstjarna í myndasögumenningunni á Íslandi,“ segir hún hress.

Aðspurð segist Lilja Hlín ekki eigi sér neitt eitt átrúnaðargoð á meðal myndasagnahöfunda. „Það er kannski ekkert sérstaklega mikið um að vera akkúrat á Íslandi en það eru nokkrir erlendir. Það myndi koma fólki á óvart hversu mikið af hæfileikaríku fólki gefur efnið sitt ókeypis á netinu.“

Óvenju mikið verður um íslenskt efni á ókeypis-myndasögudeginum í ár, sem hefst kl. 13. á laugardaginn. Ókeipiss fæst gefins í Nexus auk þess sem hefti af tímaritinu Blek verða gefin. Nýtt myndasögublað lítur einnig dagsins ljós, Aðsvif, sem er teiknað og skrifað af tíu myndlistarnemum. Þá munu aðstandendur tímaritsins Furðusögur vera á staðnum til að kynna útgáfu sína.

Ókeibæ-kur og Neo/Blek setja einnig upp myndlistasýningu með verkum íslenskra teiknara í sal Hugleikjafélags Reykjavíkur.

freyr@frettabladid.is

# Hlakkar til að standa á sviðinu

„Þessi salur lítur ótrúlega skemmtilega út. Ég hlakka mjög mikið til að standa á þessu sviði,“ segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson.

Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skömmu blæs Helgi til stórtónleika í Eldborgarsal Hörpunnar á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Þar munu hann og þekktir tónlistarmenn á borð við Bogomil Font, Ragnheiði Gröndal og Högna Egilsson flytja íslenskar dægurlagaperlur. „Víkingur Heiðar var að æfa sig þegar við vorum þarna og það er svaka flottur hljómur, þetta er mikið djásn sem við höfum eignast þarna.“ Miðasala á tónleikana hefst í dag.



**Í HÖRPUNNI** Sigtryggur Baldursson, Helgi Björnsson, Ragnheiður Gröndal og Högni Egilsson í Eldborgarsalnum í Hörpunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10.00 — FAST & FURIOUS 5 RIO HEIST FORSÝND Í KVÖLD — THOR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FAST AND FURIOUS 5 | 10 POWER |
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 |
| YOUR HIGHNESS | 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |

SAMBÍÓIN

FAST & FURIOUS 5 RIO HEIST FORSÝND Í KVÖLD

POWERSÝNING 10.30 Í ÁLFABAKKA — THOR

THE LINCOLN LAWYER — HÖRKUSPENNANDI ÞRILLER MEÐ MATTHEW MCCONAUGHEY, WILLIAM H. MACY, MARISA TOMEI OG RYAN PHILLIPE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE Forsýnd | kl. 8 (Powersýning) | 12 |
| FAST FIVE Forsýnd | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| THOR | kl. 5:30 - 8 - 10:30 (Powersýning kl.10:30) | 7 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED FORSÝNING | kl. 8 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 10.40 | L |
| RIO 3D ísl. Tal | kl. 5.40 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE Forsýnd | kl. 10:20 (Powersýning) | 12 |
| SOMETHING BORROWED Forsýnd | kl. 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| BARNEY´S VERSION | kl. 5:30 | L |

www.SAMbio.is

SMÁRABÍÓ — HÁSKÓLABÍÓ

THOR — VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! — 12 LÚXUS midi.is

FAST & FURIOUS 5 RIO HEIST — 12 FORSÝNING midi.is

SCRE4M — 16 midi.is

RIO — L MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 3-D

HÆVNEN IN A BETTER WORLD SUSANNE BIER — 12 græna ljósið midi.is

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 8 FORSÝNING | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| LIMITLESS | KL. 10.40 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%) | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 10.20 FORSÝNING | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 - 10.10 | L |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 10 FORSÝNING | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| HANNA | KL. 8 SÍÐASTA SÝNING | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

FORSÝND Í KVÖLD - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

Kate Hudson Ginnifer Goodwin John Krasinski Colin Egglesfield

SOMETHING BORROWED — IT'S A THIN LINE BETWEEN LOVE AND FRIENDSHIP — SAMBÍÓIN

BÍÓ PARADÍS — BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:20 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ICELAND FOOD CENTRE | 20:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


250 bestu
kvikmyndir sögunnar
IMDb
1
4
5
7
1.999
2.599
1.999
1.499
Nú geta viðskiptavinir Skífunnar gengið að bestu kvikmyndum sögunnar samkvæmt 30 milljón atkvæðum notenda Internet Movie Database (www.imdb.com)
Úrvalið er í Skífunni!
29 2.999 Toy story 3
30 1.499 Momento
32 1.499 Sunset boulevard
34 1.999 Leon
35 2.599 Dr Strangelove
37 1.499 Citizen Kane
38 1.499 North by Northwest
39 1.999 American Beauty
66 2.599 Reservoir Dogs
68 1.499 Chinatown
8 Inception
9 One flew over the cookoos nest
10 Dark Knight
11 Star Wars Episode 5
12 Lord of the Rings: Return of..
14 Fight Club
15 Star Wars episode 4
16 Goodfellas
17 Casablanca
20 Once apon a time in the west
21 Rear Window
22 Raiders of the lost ark
24 Psycho
25 Usual Suspects
26 Silence of the lambs
27 Seven
41 Taxi Driver
42 Terminator 2
43 Saving Private Ryan
44 Vertigo (1958)
45 AMELIE
46 Alien
47 Wall E
49 Shining
50 Paths of Glory
52 Double Indemnity
53 The Pianist
54 A Clockwork Orange
70 1.499 La Vida bella
72 1.499 Back to the Future 2
74 1.499 MONTY PYTHON
75 1.999 Pans Labyrinth
78 2.599 Singin in the Rain
82 1.499 Once Upon a Time
180 1.499 12 Monkeys
185 1.999 Ghandi
186 1.499 Star Trek
193 2.599 Good Will Hunting
58 To Kill a Mockingbird
59 Departed
61 Aliens
63 Requiem for a Dream
84 Green Mile
85 All About Eve
86 Full Metal Jacket
89 2001 A Space Odyssey
150 Million Dollar Baby
156 Scarface
158 Wrestler
161 Groundhog Day
163 Graduate
167 Bourne Ultimatum
168 TERMINATOR
169 Best Year of Lives
174 Social Network
176 Stand By Me
177 Thing
178 Casino
223 Barry Lyndon
226 Truman Show
227 Kill Bill Vol. 2
228 Patton
230 Roman Holiday
233 His Girl Friday
234 Infernal Affairs
238 Pirates Of The Caribbean
200 2.999 The Diving Bell
202 1.499 Wild Bunch
204 1.499 Stalag 17
212 1.499 Children of men
214 1.499 Let The Right One In
216 1.499 Ed Wood
218 1.499 Fanny and Alexander
219 1.999 Magnolia
220 1.499 Big Fish
221 1.999 Manhattan
20% afsláttur af íslenskri tónlist í dag
Í tilefni af því að opið er til miðnættis í Kringlunni gefur Skífan 20% afslátt af allri íslenskri tónlist. Afsláttur gildir bara í dag
Verð áður 2.799 2.239 Megas Hugboð um vandræði
Verð áður 2.599 2.079 Valdimar - Undraland
Verð áður 2.599 2.079 Svavar Knútur - Amma
Verð áður 2.599 2.079 Skálmöld/Baldur
Verð áður 2.799 2.239 Vinnir Sjonna Coming home
S·K·Í·F·A·N
KRINGLAN OG LAUGAVEGUR 44 · 591 5300 · WWW.SKIFAN.IS

# sport

sport@frettabladid.is



**TEITUR ÖRLYGSSON** hefur framlengt samning sinn við Stjörnuna um tvö ár og verður því áfram við stjórnvölinn í Garðabænum. Teitur hefur þjálfað Stjörnuna síðan í árslok 2008 og hefur síðan þá komið liðinu í hóp bestu liða deildarinnar. Stjarnan fór í ár alla leið í úrslitaeinvígið um Íslandsmeistaratitilinn, þar sem liðið tapaði 1-3 á móti KR.

# Eyðimerkurgöngu FH-inga lokið

**Nítján ára bið FH-inga eftir Íslandsmeistaratitli í handbolta lauk í gær eftir sigur á Akureyri. Kristján Arason var þjálfari FH-liðsins sem vann árið 1992. Hann sneri aftur í Krikann í vetur og uppskeran sú sama.**

**HANDBOLTI** Einbeittir, grimmir og sterkir FH-ingar lögðu Akureyri, 28-24, í fjórða leik liðanna um Íslandsmeistaratitilinn. FH vann rimmuna 3-1 og er vel að titlinum komið.

Það var algjörlega frábær stemning í Kaplakrika í gær. Um 3.000 manns troðfylltu kofann og mynduðu stórkostlega stemningu allan leikinn. Áhorfendamet var sett í Krikanum. Svo mikill var hávaðinn í húsinu að vart var hægt að tala saman og húsið hreinlega nötraði út af látunum.

FH-ingar mættu mun betur stemmdir til leiksins. Voru miklu grimmari í öllum sínum aðgerðum á meðan norðanmenn voru hikandi og stressaðir. Ef Sveinbjörn Pétursson hefði ekki átt í markinu hefði FH líklega gengið frá leiknum í fyrri hálfleik. Sveinbjörn varði eins og berserkur og það skot í öllum regnbogans litum.

Markvarsla hans varð þess valdandi að Akureyri hékk inn í leiknum. Pálmar var einnig sterkur hinum megin og í sókn FH fór Ólafur Guðmundsson mikinn. Eftir þrjú misheppnuð skot kviknaði á Guðmundi Hólmari og hann hélt sóknarleik Akureyrar á floti með fimm mörkum. Aðeins tveimur mörkum munaði á liðunum í hálfleik, 13-11.



**LANGÞRÁÐ STUND** Sigurgeir Árni Ægisson, fyrirliði FH, lyftir hér bikarnum góða á loft en félagið varð í gær Íslandsmeistari á ný eftir nítján ára bið. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

FH var með yfirhöndina áfram í seinni hálfleik en ólseigir Akureyringar neituðu að gefast upp og komu hvað eftir annað til baka leiddir af Heimi Erni Árnasyni. Hinum megin var Daníel Andrésson kominn í markið og hann fór mikinn í síðari hálfleik. Þegar á reyndi voru FH-ingar beittari og hreinlega betri. Akureyringar virkuðu þreyttir og vantaði kraft til þess að klára leikinn. Baráttan og löngunin dugði ekki til. Akureyri hreinlega tapaði fyrir betra liði að þessu sinni.

Það hefur verið mikill stígandi í leik FH-inga alla leiktíðina og liðinu tókst að raða saman púslubitunum og toppa þegar mest á reyndi. Liðsheildin var sterk hjá liðinu. Pálmar hefur verið fínn í markinu og Daníel síðan stigið upp síðustu vikur með miklum látum. Ólafur Guðmundsson og Ásbjörn hafa leitt sóknarleikinn og Sigurgeir Árni bundið saman vörnina af myndarskap. Logi Geirsson og Baldvin Þorsteinsson hafa svo fært liðinu reynslu, kraft og trú. Þeir Kristján og Einar Andri bjuggu til flott lið í vetur sem stóð undir þeim væntingum sem voru gerðar til þess og lönduðu þeim stóra.

„Þegar ég ákvað að koma aftur í boltann vissi ég að þetta væri möguleiki. Ég vissi líka að það yrði mikil vinna að búa til sjálfstraust,“ sagði sigurreifur þjálfari FH, Kristján Arason, en hann þjálfaði einnig FH-liðið er það vann síðast fyrir nítján árum.

„Þetta er búin að vera þrautaganga. Flestir þessara stráka eru rétt í kringum tvítugt en við höfum verið á stöðugri uppleið síðan í nóvember. Strákarnir voru einbeittir í allan vetur að fara alla leið og þeir eiga þetta svo sannarlega skilið. Ég á vart til orð að lýsa því hversu stoltur ég er af þeim,“ sagði Kristján og brosti allan hringinn. **henry@frettabladid.is**

### FH - Akureyri 28-24 (13-11)

**Mörk FH (skot)**: Ólafur Guðmundsson 8 (16), Ásbjörn Friðriksson 7/2 (11/4), Atli Rúnar Steinþórsson 4 (4), Baldvin Þorsteinsson 4 (6), Ólafur Gústafsson 3 (6), Örn Ingi Bjarkason 1 (7), Halldór Guðjónsson 1 (3).
**Varin skot**: Daníel Freyr Andrésson 14 (29/1) 48%, Pálmar Pétursson 7 (16/1) 43%.
**Hraðaupphlaup**: 6 (Baldvin 3, Ólafur, Atli, Ásbjörn). **Fiskuð víti**: 4 (Baldvin 3, Atli).
**Mörk Ak. (skot)**: Guðmundur Hólmar Helgason 8 (14), Heimir Örn Árnason 5 (9), Bjarni Fritzson 4 (9), Oddur Gretarsson 4/2 (9/2), Hörður Fannar Sigþórsson 1 (2), Daníel Einarsson 1 (2), Hreinn Hauksson 1 (1). **Varin skot**: Sveinbjörn Pétursson 20/1 (48/8) 42%.
**Hraðaupphlaup**: 3 (Hreinn, Guðmundur, Oddur). **Fiskuð víti**: 2 (Halldór Logi, Bjarni).
**Utan vallar**: FH 8 mínútur - Akureyri10 mínútur
**Dómarar**: Anton Gylfi Pálsson og Hlynur Leifsson, mjög góðir



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Guðmundur Hólmar Helgason, leikmaður Akureyrar, í baráttunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Atli Hilmarsson:

## Ég er stoltur af strákunum

**HANDBOLTI** „Þetta er mjög sárt. Sérstaklega þar sem við vorum alltaf inni í leiknum og mér fannst við síst vera lakara liðið,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, og vonbrigðin leyndu sér ekki á andliti hans.

Atli vann deildarmeistaratitilinn með Akureyri í vetur, fór með liðið í bikarúrslit og síðan í úrslit á Íslandsmótinu. Deildarmeistaratitillinn var fyrsti titill Akureyringa.

„Ég óska FH-ingum til hamingju. Þeir eru með flott lið og vel að þessu komnir. Ég er samt hrikalega stoltur af mínum strákum og því sem við gerðum í vetur. Ég á eftir að vera stoltur af því lengi. Því miður dugði það ekki alveg til en það munaði litlu. Mér fannst þessi rimma hafa getað farið á hvorn veginn sem var,“ sagði Atli. **- hbg**




Ólafur Guðmundsson og Logi Geirsson:

## Þetta var fullkomið

**HANDBOLTI** Stórskyttan unga í liði FH, Ólafur Guðmundsson, fór mikinn í liði FH í gær og ljóst var að hann vildi klára dæmið á heimavelli. Ólafur var að leika sinn síðasta leik fyrir FH í bili en hann spilaði sem lánsmaður frá danska liðinu AGK, sem keypti hann síðasta sumar.

„Það kom ekki til greina að fara aftur til Akureyrar. Við vildum vinna þetta í Krikanum enda helmingi sætara þannig. Þetta kvöld var fullkomið. Ég hefði ekki getað ímyndað mér þetta betra,“ sagði Ólafur og brosti breitt.

„Baráttan og liðsheildin var meiri hjá okkur. Við vildum þetta meira en Akureyringarnir. Við lögðum ansi mikið á okkur til þess að klára dæmið. Löngunin var gríðarleg hjá okkur og við uppskárum eftir því. Ég er búinn að skila öllu sem ég get til félagsins og það er frábært að skilja á þennan hátt.“



**ÞJÁLFARI Á FLUGI** Kristján Arason gerði FH að meisturum árið 1992 og aftur nú, nítján árum síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Logi Geirsson kom heim fyrir tímabilið og átti að vera lykillinn að meistaraliði FH. Þrálát meiðsli hafa haldið Loga mikið utan vallar en hann hefur gefið það sem hann getur til liðsins og honum fannst ljúft að uppskera í gær.

„Ég sagði fyrir tímabilið að við yrðum Íslandsmeistarar. Ég stóð við það en þetta var erfitt. Ég skipti mér inn á í dag því mér fannst ég geta hjálpað liðinu. Það gekk og þessir strákar eru frábærir. Þetta er mikill gleðidagur.“ **-hbg**




# Sumardekkin eru komin í BYKO!

**Mikið úrval af sumar-dekkjum!**

Þú færð 4.000 kr. ávísun upp í dekkjaskipti hjá MAX1 með hverjum keyptum dekkjagangi.

Það margborgar sig að kaupa dekkin í BYKO!

## Frábært verð á dekkjum!

**Verðdæmi!** Sjáðu allt úrvalið á www.BYKO.is

| GERÐ | STÆRÐ | VERÐ |
|---|---|---|
| SUMARDEKK | 175/65R14 | **10.290 kr.** |
| SUMARDEKK | 195/65R15 | **11.390 kr.** |
| SUMARDEKK | 205/55R16 | **13.290 kr.** |
| Jeppadekk passa undir TOYOTA Land Cruiser | | |
| JEPPADEKK | 265/65R17 | **27.900 kr.** |

**Vaxtalaust lán í BYKO!**

**0%**

**VAXTALAUS LÁN**

3% lántökugjald og 250 kr. greiðslugjald á hverja borgun. Sjá nánar á www.BYKO.is



**ÞJÁLFARINN** Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, hefur fengið liðsstyrk frá Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjarnan fékk lánsmann:

## Nýr Dani til að stoppa í götin

**FÓTBOLTI Stjarnan fékk í gær liðsstyrk fyrir átökin sem eru fram undan í Pepsi-deild karla, en félagið gerði lánssamning við danska leikmanninn Jesper Jensen sem er á mála hjá Vejle. Hann er 22 ára miðvallarleikmaður.**

**Fyrir hjá Stjörnunni er annar lánsmaður frá Vejle – varnarmaðurinn Nikolaj Hagelskjær. Almar Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar, sagði þá verða hjá liðinu til loka júní.**

**„Við þurftum að leysa ákveðin meiðslavandræði í liðinu þar sem Baldvin (Sturluson) meiddist í leiknum gegn Keflavík. Atli Jóhannsson og Ólafur Karl Finsen eru einnig meiddir og þá er ekki von á Ellerti Hreinssyni fyrr en í júní þar sem hann er í námi í Bandaríkjunum,“ sagði Almar. „Við ákváðum því að fá annan lánsmann.“**

**Hann neitaði því ekki að félagið gæti fengið fleiri leikmenn á næstunni. „Við vitum af einhverjum nöfnum en það er ekkert ákveðið í þeim efnum.“ - esá**

# United á sögulegum slóðum

Fyrir 43 árum vann Manchester United sinn fyrsta Evróputitil á Wembley-leikvanginum, tíu árum eftir flugslysið í München. Nú fer United aftur á sama stað og mætir einhverju besta liði knattspyrnusögunnar, Barcelona, í úrslitaleiknum.

**FÓTBOLTI** Manchester United átti ekki í vandræðum með þýska liðið Schalke í síðari viðureign þeirra í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Liðið vann 4-1 sigur á heimavelli og samanlagt 6-1.

Sir Alex Ferguson gat leyft sér að gera átta breytingar á byrjunarliði sínu frá síðasta leik. Skipti litlu þótt „varaliðið“ léki í gær – yfirburðirnir voru algerir. Antonio Valencia og Darron Gibson – sem átti stórleik – skoruðu mörk United í fyrri hálfleik en Anderson skoraði tvisvar í þeim síðari. Jordao klóraði í bakkann fyrir Schalke, sem átti aldrei möguleika á Old Trafford.

Ferguson viðurkenndi eftir leik að hafa velt fyrir sér hvort hann væri að gera mistök með liðsvalinu. „Ég er svo stoltur af strákunum. Þetta var undanúrslitaleikur og ég var ekki viss hvort þetta væri rétt ákvörðun hjá mér í svo mikilvægum leik. En ég er glaður að þetta fór svona vel.“

Manchester hefur þrisvar orðið Evrópumeistari, fyrst árið 1968 eftir sigur á Eusebio og félögum í Benfica í úrslitaleik sem fór fram á Wembley-leikvanginum í Lundúnum – þar sem úrslitaleikurinn fer einmitt fram í ár.

Þetta var tíu árum eftir flugslysið skelfilega í München þar sem átta leikmenn liðsins létust. Matt Busby, stjóri liðsins, lifði slysið af, sem og Bobby Charlton, ein skærasta stjarna félagsins frá upphafi. Þeir fóru fyrir liði United sem vann Evróputitilinn árið 1968, fyrst enskra liða. Charlton skoraði tvívegis í leiknum, sem United vann 4-1.

Nú verður andstæðingurinn Barcelona, sem vann allt sem hægt var að vinna fyrir tveimur árum og vill endurheimta titilinn nú. Liðinu hefur verið lýst sem einu því allra besta í knattspyrnusögunni og ljóst er að leikurinn hefur allt til að bera til að fara í sögubækurnar.

Ferguson er nú að stýra United í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í þriðja sinn á fjórum árum. Hann varð meistari með liðinu árið 1999 og svo aftur árið 2008. Liðið tapaði úrslitaleiknum árið 2009 fyrir Barcelona.

„Þetta er frábært fyrir félagið,“ sagði Ferguson. „Ég hef margoft sagt að við hefðum átt að standa okkur betur í Meistaradeildinni í gegnum árin og ég tel að þetta lið geti unnið titilinn.“

eirikur@frettabladid.is



**FAGNAR MEÐ FYRIRLIÐANUM** Darron Gibson skoraði eitt fjögurra marka Manchester United í gær og fagnar því hér með fyrirliðanum John O'Shea. NORDICPHOTOS/GETTY



**ALFREÐ** Tapaði fyrir sínu gamla liði í gær. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel:

## Tap á gamla heimavellinum

**HANDBOLTI** Kiel mátti í gær sætta sig við sex marka tap gegn Magdeburg á útivelli í þýsku úrvalsdeildinni, 30-24. Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel en hann var áður þjálfari Magdeburg til margra ára. Aron Pálmarsson skoraði þrjú mörk í leiknum í gær.

Kiel varð Þýskalands- og Evrópumeistari í fyrra en er nú fallið úr leik í Meistaradeildinni og á varla möguleika á að ná toppliði Hamburg að stigum í þýsku úrvalsdeildinni.

Liðið er í öðru sæti deildarinnar með 49 stig en Rhein-Neckar Löwen og Füchse Berlin, lið þeirra Guðmundar Guðmundssonar og Dags Sigurðssonar, eru tveimur stigum á eftir og eiga bæði leik til góða.

Magdeburg var ávallt skrefinu á undan í leiknum en staðan í hálfleik var 15-12. Heimamenn skoruðu svo fyrstu þrjú mörkin í seinni hálfleik og voru með örugga forystu allt til leiksloka.

Kiel hefur ekki langan tíma til að jafna sig á tapinu þar sem úrslitahelgin í þýsku bikarkeppninni er fram undan. Þar mætir Kiel liði Göppingen í undanúrslitum á laugardaginn en úrslitaleikurinn fer fram degi síðar. - esá





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
198 KR.
BÓNUS KORNBRAUÐ
ÞYNGD; 1 KG. - 26 BRAUÐSNEIÐAR
129 KR.
BÓNUS SMYRILL 300g
7500 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PIPAR
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
798 KR.KG
FERSKIR GRÍSASKANKAR
298 KR.KG
FERSKT GRÍSAGÚLLAS
995 KR.KG
FERSKT GRÍSASNITSEL
995 KR.KG
FERSKUR GRÍSABÓGUR
598 KR.KG
FERSKT GRÍSAHAKK
698 KR.KG
4 STK. BÓNUS RISA
HAMBORGARABRAUÐ
159 KR. 4 STK
KJARNAFÆÐI FROSNIR
10 x 120g UNGNAUTA
HAMBORGBORGARAR
1598 KR.PAKKINN
BEST Á BORGARANN
FABRIKKU SÓSAN
359 KR.300ml
Cow & Gate
Cow & Gate ávaxtamauk
Taste of apple, 125g.
6 glös á verði 3ja.
Verð 398 kr. 6 stk.
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
679 KR.KG.
FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
GOTT VERÐ Í BÓNUS
FERSKT GARÐASALAT Í BÓNUS
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT
279 KR. 75g
FERSKT LAMBHAGA SALAT
275 KR. í potti
BÓNUS FERSKT SPÍNAT
398 KR. 200g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# veiði

golfogveidi@frettabladid.is

**114** **METRA** dýpi er þar sem Þingvallavatn er dýpst.

**700** **TONN** var niðurstaða þeirra sem giskuðu á magn veiðanlegs silungs í vatninu.

FLUGAN



## Góð í urriðann

***Black Ghost Sunburst***
Þessi útgáfa af Black Ghost flugunni hefur gefið mörgum góða veiði og dýrmætar minningar.

Öngull – Legglangur
Tvinni – Svartur UNI
Haus – Silfurlituð keila með ámáluðum augum
Stél – Fanir úr appelsínugulum og rauðum fönum úr hænufjöður
Vöf – Silfur UNI Tinsel
Búkur – Svört ull
Vængur – Hvítlitaður strimill úr kanínuskinni og fáeinir þræðir af Flashabou
Hringvöf – Fanir úr appelsínugulum og rauðum fönum úr hænufjöður eða Schlappen

*Mynd og uppskrift af Flugan.is*

Veitt frá 1. maí til 15. sept.

## Makrílveiði er alfarið óheimil

**Veiði í Þingvallavatni hófst að venju 1. maí síðastliðinn og stendur til 15. september. Hagstæðast er að kaupa Veiðikortið, sem kostar 6.000 krónur. Einnig er hægt að kaupa einn dag á 1.500 krónur fyrir manninn. Frítt er fyrir börn í fylgd með fullorðnum ef minnst eitt leyfi er keypt.**

**Elli- og örorkulífeyrisþegar fá veiðileyfi fyrir sumarið endurgjaldslaust í þjónustumiðstöð.**

**Minnt er á að einungis er heimilt að nota flugu, spún og maðk sem agn við veiðar í Þingvallavatni, innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Notkun annars agns er alfarið óheimil. Stangveiði má aðeins stunda frá landi og notkun hvers konar báta eða flota er bönnuð.**

**VISSIR ÞÚ?**

... að þegar mest var veitt af murtu í Þingvallavatni voru tekin milli 80 og 90 tonn á ári. Niðursuðuverksmiðjan ORA sauð murtuna niður og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna seldi hana frysta á Japansmarkað. Eftir að markaðurinn tapaðist hætti þessi vinnsla og veiðin hefur ekki verið umtalsverð síðan.

... að þrjár fisktegundir lifa í vatninu, urriði, bleikja og hornsíli. Af bleikjunni eru fjögur afbrigði. Af hornsíli eru tvö.

# Náttúruperla án hliðstæðu

**Sigurður G. Tómasson er helst þekktur sem útvarpsmaður en færri vita að hann er mikill áhugamaður um stangveiði. Sigurður leiðbeinir nú Mosfellingum í listinni að kasta flugu – með Þingvallavatn í huga.**

„Ég hef veitt í Þingvallavatni frá því ég gat staðið í lappirnar og valdið stöng,“ segir Sigurður G. Tómasson útvarpsmaður. „Vatnið á sér enga hliðstæðu í heiminum í endalausum fjölbreytileika sínum. Það er gjöfult og óendanlega fallegt.“

Minniháttar tímamót eru í lífi Sigurðar því að í fyrsta skipti hefur hann tekið að sér að að miðla vitneskju sinni um grundvallaratriði fluguveiðanna. Vettvangurinn er Tómstundaskólinn í Mosfellsbæ. Á skólabekk hjá Sigurði fá þátttakendur á námskeiðinu annars vegar að heyra eitt og annað um hvernig má tileinka sér listina að kasta en einnig sitthvað um stangir, línur, tauma og flugur. Þá segir Sigurður frá Þingvallavatni og leyndardómum þess. Hápunktur fræðslunnar er að grænjaxlarnir fá um helgina að taka nokkur köst á bökkum vatnsins sem hefur átt hug og hjarta kennarans frá því hann man eftir sér.

„Ástæðan fyrir því að ég þekki Þingvallavatn vel er að ég er ættaður úr Þingvallasveitinni og pabbi var mikill veiðimaður. Hann tók mig fyrst með þegar ég var fimm ára og í gegnum tíðina hef ég veitt langmest í Þingvallavatni.“ Lengi fór Sigurður til veiða í Þingvallavatni oft í viku, eða „annan hvern dag eða oftar“, eins og hann orðar það. „Ég fór oft eftir vinnu, enda best að veiða í vatninu snemma á morgnana og á kvöldin.“

Sigurður hefur jöfnum höndum veitt bleikju og urriða, og segist aldrei koma að vatninu með það í huga að finna fisk eftir tegundum. „Ég hef sett í urriða sem fór með línuna eins og hún lagði sig og sleit hana svo eins og tvinna. Ég sá fiskinn aldrei. En ég hef auðvitað veitt fleiri bleikjur, eins og gefur að skilja. Þær eru fleiri.“

Sigurður segir eitt mesta skemmdarverk í íslenskri náttúru hafa verið framið þegar Sogið var stíflað í virkjunarframkvæmdum í lok sjötta áratugarins. Hann segir erfitt til þess að hugsa hve illa hafi verið gengið um vatnið og umhverfi þess. „Þá voru stærstu hrygningarstöðvar urriðans eyðilagðar. Með þessum afglöpum gengu menn nærri stærsta og stórvaxnasta urriðastofni í Evrópu, ef ekki í heiminum. Skordýraeitri var meira að segja stráð á bakka Sogsins, sem gefur góða mynd af meðvitundarleysinu sem þá ríkti,“ segir Sigurður, sem hefur skrifað um Þingvallavatn og furður þess. Má benda á grein hans um vatnið sem aðgengileg er á arvik.is. Þar segir: „Við, sem nú lifum, erum gæslumenn þeirrar náttúruperlu sem Þingvallavatn er og verðum að skila því óspjölluðu til komandi kynslóða.“

Í þeim anda felst vonarglæta í því að urriðastofninn hefur hjarnað við á undanförnum árum, en Sigurður hefur orðið vitni að því þegar urriðinn gerir sig líklegan til hrygningar í Öxará. „Þá er að sjá urriða í tugavís svo sporður er við sporð. Risafiskar sem tilbúnir eru að gera skyldu sína. Slík sjón gefur von um að þessi náttúruperla mæti skilningi þeirra sem um hana fara höndum. Þetta eru verðmæti sem við megum ekki missa,“ segir Sigurður að lokum.

svavar@frettabladid.is



**VIÐ VATNSKOT Í ÞINGVALLAVATNI** Fáir sem á annað borð veiða á stöng geta staðist fegurð vatnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



23 punda urriði veiddist á flugu í Þingvallavatni:

## Best lýst sem reiptogi

„Nei, það hvarflaði ekki að mér að rota þennan fisk. Félagi minn sagði að þessi yrði fallegur uppstoppaður en það kom aldrei til greina. Ég hefði aldrei getað lifað með því að drepa þennan fisk,“ segir Tómas Zahniser, sem veiddi 23 punda urriða við opnun Þingvallavatns hinn 1. maí. Fiskurinn er einn stærsti urriði sem veiðst hefur í vatninu um árabil og nær örugglega þarf að leita langt aftur til að finna jafn stóran fisk sem næst á land með flugu í kjaftvikinu.

„Þetta er í raun hrikaleg lífsreynsla. Þessu má helst líkja við reiptog. Fiskurinn stjórnaði þessari viðureign lengst af og það skipti engu hvað ég tók fast á móti. Ég var í raun bara heppinn að hann ákvað að hægja á þegar hann var kominn með nær alla línuna út af hjólinu,“ segir Tómas.



**STÓRKOSTLEGUR FISKUR** Hængurinn var 94 sentimetrar á lengd og 59 að ummáli. Hann var 23 pund og tók afbrigði af flugunni Black Ghost.

Tómas segist ekki gera sér almennilega grein fyrir hvað viðureignin stóð lengi. „Ég missti tímaskynið en ef ég ætti að giska þá voru þetta um tuttugu mínútur, kannski hálftími.“

**- shá**

Heilsurækt á 9 stöðvum á höfuðborgarsvæðinu



SUMARTILBOÐ
Sölutímabil:1. maí - 15. ágúst

3 mánuðir í heilsurækt
**Kr. 6.470,- á mánuði**

3 mánuðir í heilsurækt og Baðstofu
**Kr. 18.700,- á mánuði**

Nánari upplýsingar á worldclass.is og í síma 553-0000

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík • Kringlunni Reykjavík • Húsi Orkuveitunnar Reykjavík • Spönginni Grafarvogi
Lágafellslaug Mosfellsbæ • Ögurhvarfi Kópavogi • Turninn Kópavogi

World Class ICELAND

Verslun
Ármúla 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# EUROVISION TILBOÐ Í HÁTÆKNI



Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn, fjögur HDMI, USB.2.0 og DivX HD stuðningi.

Tilboð 159.995 LG
Verð áður 189.995
42LE450N



Panasonic TX-P42G20E er 42 tommu NeoPlasma sjónvarp með frábærum myndgæðum, 1920 x 1080 punkta upplausn og 600 Hz tækni og V-Real Pro 5 myndúrvinnslu.

Tilboð 189.995 Panasonic
Verð áður 249.995
TX-P42G20E



Glæsilegt 47 tommu Full HD LCD sjónvarp með 200 Hz, 1920 x 1080 punkta upplausn, 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningi.

Tilboð 229.995 LG
verð áður 279.995
47LD750N



Glæsilegt 400W 2.1 BluRay heimabíó frá LG. Fékk EISA verðlaun 2010-2011 fyrir besta heimabíóið.

Tilboð 99.995 LG
Verð áður 119.995
HB45E



Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 110746

> **Sean „P. Diddy" Combs**

„Það er í lagi að vera klikkaður, en ekki geðveikur."

***Sean „P. Diddy" Combs leikur Walter Lee Younger sem berst við fátækt og rasisma ásamt fjölskyldu sinni sem öll er af afrískum uppruna í kvikmyndinni A Raisin in the Sun sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON REISIR MINNISVARÐA UM MINNISVARÐA

# *Tónlistarsagan rifjuð upp í útvarpi*

Fyrir nokkrum árum stýrði útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson útvarpsþáttunum Geymt en ekki gleymt eftir tíufréttir RÚV á miðvikudagskvöldum. Hvorki man ég nákvæmlega á hvaða árum þættirnir voru á dagskrá – mig minnir að þau séu alla vega orðin fimm síðan ég hlustaði síðast á þá – né hvað þættirnir voru margir.

Í þáttunum fjallaði Freyr um eina plötu í hverjum þætti, kjörgrip úr íslenskri dægurtónlistarsögu sem vert þótti að setja á stall af ýmsum ástæðum. Í hverjum þætti fékk Freyr til sín gesti, einn til tvo meðlimi hljómsveitanna sem gerðu plötunni skil, ræddu um tilurð laga, vinnsluferli plötunnar og hún spiluð í heild. Þvílíkir voru taktarnir að Freyr og gestur hans hverju sinni minntu á sagnfræðinga sem nýverið höfðu uppgötvað gleymdan hlut sem þó skipti sköpum fyrir mannkynssöguna.

Saga dægurtónlistarinnar sem undir var í þáttunum virðist hafa öðru fremur einskorðast við seinni hluta sjöunda áratugarins og fram á þann tíunda. Ekki var fjallað um plöturnar í sérstakri röð sem miðaði við útgáfuár þeirra, gestaflóran var eftir því fjölbreytt og hlustendur sveifluðust til og frá á tímapendúlnum.

Í einum þætti ræddi Pétur Kristjánsson um plötu Pelican, í öðrum fjallað um Ghostsongs með Maus sem þá var í kringum tíu ára gömul og í þeim þriðja var rætt við meðlim Diabolus in Musica sem hafði gefið út plötu um áratug þar á undan.

Einhverra hluta vegna virkuðu þessir þættir afar vel í útvarpi þótt norska ríkissjónvarpið hafi um svipað leyti sýnt annað slagið flotta þætti um helgar sem voru á svipuðum nótum. Annað hvort hefur þáttum úr dægursögu nútímans fækkað verulega eða ég farinn að hlusta minna á útvarp.

Hvað sem öðru líður sakna ég þátta Freys og þeirra gæðastunda sem hann bauð hlustendum upp á.



**SAGNARITARINN** Freyr Eyjólfsson fór í nærbuxurnar hans Ara fróða með viðtölum við tónlistarmenn í útvarpsþáttunum Geymt en ekki gleymt.

## RÚV

**17.20 Skassið og skinkan** (5:20)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Geymslan**
**18.30 Dansskólinn** (4:7)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Önnumatur frá Spáni – Andalúsía** (1:8) (AnneMad i Spanien) Í þessari dönsku matreiðsluþáttaröð töfrar kokkurinn Anne Hjernøe fram spænskar kræsingar af ýmsu tagi.
**20.40 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**21.25 Krabbinn** (10:13) (The Big C) Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem greinist með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds IV) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Downton Abbey** (2:7) (Downton Abbey) (e)
**23.50 Listahátíð 2011** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Front of the Class**
**10.00 Proof**
**12.00 Kalli á þakinu**
**14.00 Proof**
**16.00 Front of the Class**
**18.00 Kalli á þakinu**
**20.00 Clerks 2**
**22.00 A Raisin in the Sun**
**00.10 The Butterfly Effect 2**
**02.00 The Number 23**
**04.00 A Raisin in the Sun**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**11.00 The Mentalist** (17:23)
**11.45 Gilmore Girls** (15:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Tenacious D in The Pick of Destiny**
**14.40 The O.C. 2** (8:24)
**15.30 Sorry I've Got No Head**
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:22)
**19.45 Modern Family** (4:24)
**20.10 Amazing Race** (1:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark.
**21.00 Steindinn okkar** (5:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.
**21.30 NCIS** (13:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**22.20 Fringe** (12:22)
**23.05 Generation Kill** (2:7)
**00.15 The Mentalist** (17:24)
**01.00 Chase** (17:18)
**01.45 Boardwalk Empire** (10:12)
**02.45 The Pacific** (1:10)
**03.35 Tenacious D in The Pick of Destiny**
**05.10 Two and a Half Men** (4:22)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**13.55 Valur - FH**
**15.45 Pepsi mörkin**
**16.55 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd - Schalke**
**18.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**19.00 UEFA Europa League 2010/2011**
**21.00 Golfskóli Birgis Leifs** (6:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
**21.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.20 UEFA Europa League 2010/2011**
**00.05 Spænsku mörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Blackburn - Bolton** Útsending frá leik Blackburn Rovers og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Liverpool - Newcastle**
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Football Legends** Í þessum þætti verður fjallað um hinn feykilega skemmtilega portúgalska leikmann, Figo. Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður í gegnum hans helstu afrek á ferlinum.
**21.00 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.30 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**22.25 WBA - Aston Villa** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.10 Dyngjan** (12:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (9:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Dyngjan** (12:12) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (9:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 Girlfriends** (9:22) (e)
**16.40 Dr. Phil**
**17.25 HA?** (14:15) (e)
**18.15 America's Next Top Model** (6:13) (e)
**19.00 Million Dollar Listing** (1:9)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?** (4:39)
**20.10 Royal Pains** (14:18) Hank er einkalæknir ríka og fræga fólksins.
**21.00 30 Rock - LOKAÞÁTTUR** (22:22) Bandarísk gamanþáttaröð. Það er komið að lokaþætti fjórðu þáttaraðar.
**21.25 Makalaus - LOKAÞÁTTUR** (10:10) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.
**21.55 Law & Order: Los Angeles** (7:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í borg englanna, Los Angeles.
**22.40 Penn & Teller** (4:10)
**23.10 The Good Wife** (15:23) (e)
**00.00 Rabbit Fall** (6:8) (e)
**00.30 Heroes** (16:19) (e)
**01.10 Royal Pains** (14:18) (e)
**01.55 Law & Order: LA** (7:22) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Zurich Classic** (3:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Zurich Classic** (4:4)
**16.00 ETP Review of the Year 2010** (1:1)
**16.50 PGA Tour - Highlights** (16:45)
**17.45 Golfing World**
**18.35 Inside the PGA Tour** (18:42)
**19.00 Wells Fargo Championship** (1:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 Monty's Ryder Cup Memories**
**23.40 ESPN America**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.45 The Doctors**
**20.30 In Treatment** (28:43) Þetta er ný og stórmerkileg þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem sálgreinir skjólstæðinga sína og hlustar þolinmóður þar sem þeir lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Hamingjan sanna** (8:8) Ný íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja sem hefur slegið í gegn um víða veröld. Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**22.30 Gossip Girl** (12:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
**23.15 Ghost Whisperer** (7:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**00.00 The Ex List** (3:13)
**00.45 In Treatment** (28:43)
**01.10 The Doctors**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn á heimleið frá Key Largo.
**21.00 Sjávarútvegur á ögurstundu** Fjórði þáttur af átta úr ævisafni Heiðars Marteinssonar um útgerð og sjósókn.
**21.30 Kolgeitin** Sigtryggur tekur á móti góðum kollegum í fjórða þætti.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐA ÁLFELGUM


16" 15.500 kr.
ENDURANCE


16" 15.500 kr.
ENTOURAGE


16" 15.500 kr.
ENERGY 8


17" 19.500 kr.
LEGEND

N1 HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**
**Amazing Race**

Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **20.30** Roðinn í austri **21.20** Nýir sálmar á nýrri öld **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.30** Útvarpsperlur: Að fylgja draumi sínum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**07.25** Monarch of the Glen **08.15** New Tricks **09.05** New Tricks **10.00** EastEnders **10.30** Fawlty Towers **11.05** ,Allo ,Allo! **11.35** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.40** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.25** Tess of the D'Urbervilles **18.20** Jonathan Creek **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Graham Norton Show **21.30** Coupling **22.00** Top Gear **22.50** Tess of the D'Urbervilles

## DR 1

**12.00** Vores Liv **12.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Bamses Billedbog **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Kongehuset indefra **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Kampen for Sarahs lov **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Morderen fra Hörby

## NRK 1

**11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** FBI **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Kjærlighetshagen **14.40** Urter. Hvitløk **15.00** NRK nyheter **15.10** Ardna - Samisk kulturmagasin **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Nummer 1 **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.30** Påpp og Råkk **21.00** Kveldsnytt **21.15** Trygdekontoret **21.45** Litt av et liv **22.45** Nummer 1

## SVT 1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Fågelbergen tystnar **14.30** Inför Eurovision Song Contest 2010 **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen Australien **18.30** Landgång Australien **19.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **20.00** Debatt **20.45** Två kockar i samma soppa **21.35** Inför Eurovision Song Contest 2010 **22.35** Bored to Death **23.05** Rapport


Vorsprengjan heldur áfram

allt að... 70% afsláttur af merkjavöru

Erum búin að fylla meira á tilboðshornið, þar sem allt kostar 1000 kr. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nýjar vörur vikulega

Fylgist með okkur á f

DÖMU OG HERRAFATNAÐUR, SKÓR OG FYLGIHLUTIR

DIESEL, ADIDAS, SPARKZ, SOLID, BRUUNZ BAZAAR, JUNK DE LUXE, MALENE BIRGER, NIKITA, MISS SIXTY, NÜMPH, MAVI, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, SENDRA, BUNKER, G-STAR, MAO, MOSS, DKNY, BJÖRKVIN, TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, JUST FEMALE, SOAKED IN LUXURY, JOHN ZACK, PART TWO, RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, IKKS OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM.




OPIÐ:
MÁN - FÖS 11 - 18
LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 18

OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977



Á FLESTAR GERÐIR BIFREIÐA

N1

16" 15.500 kr.
17" 17.900 kr.



MIRAGE

14" 12.500 kr.
15" 13.900 kr.
16" 16.500 kr.
18" 21.500 kr.



SATURN

15" 13.900 kr.
16" 16.500 kr.
17" 19.500 kr.



BLAZE

16" 16.500 kr.



GALAXY

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

**SJÓNVARPSÞÁTTURINN**



*„Ég horfi á American Idol og How I Met Your Mother og svo stelst maður til að horfa á Grey´s Anatomy ef konan er að horfa líka. Síðan horfi ég á allar íþróttir sem ég kemst í tæri við.“*

Sigurður Hrannar Hjaltason, flugumferðarstjóri og leikari.

# Tóku upp stuttmynd við Tsjernóbyl

„Ég henti öllum fötunum sem ég var í við tökurnar við Tsjernóbyl – tók enga áhættu,“ segir Davíð Charles Friðbertsson.

Davíð og Ólafur Jónsson, félagi hans, luku ásamt hinum þýska Marcusi Schwenzel við stuttmyndina Seven Years of Winter í lok mars. Myndin gerist að hluta í nágrenni Tsjernóbyl-kjarnorkuversins í Úkraínu og var hún frumsýnd í Berlín 19. apríl og í Árósum 26. apríl, þegar 25 ár voru liðin frá Tsjernóbyl-slysinu.

„Þetta var mjög sérstök upplifun,“ segir Davíð. „Það er allt tómt þarna, en einhver túrismi í gangi. Svo veit maður ekki hvort það er sagt satt og rétt frá geislamengunni á svæðinu. Maður fer inn á eigin ábyrgð.“

Myndin hefur vakið talsverða athygli, sérstaklega í kjölfar náttúruhamfaranna í Japan sem ollu stóru kjarnorkuslysi. Myndin fékk umfjöllun í hinu þýska Der Spiegel, en Davíð segir fólk hafa verið búið að gleyma Tsjernóbyl. „Svo gerðist þetta í Japan og þá fóru fjölmiðlar að sýna áhuga,“ segir hann.

Handrit myndarinnar vann til fjölda verðlauna og fengu þeir styrk upp á 100.000 evrur frá þýska fyrirtækinu Solar World. Davíð býst við að því að þeir sýni myndina hér á landi, en er ekki viss hvenær hún fer á flakk um heiminn. „Við erum að spá í að bíða aðeins og klippa hana betur. Við fengum ákveðinn frest frá styrktaraðilum til að klára myndina eftir að við tókum hana upp,“ segir hann. Þeir félagar eru með enga aðra en Valdísi Óskarsdóttur með sér í liði við klippinguna. **- afb**



**VIÐ TSJERNÓBYL** Davíð og Ólafur við hið fræga parísarhjól í draugaborginni Pripyat í Úkraínu.






EIÐUR SMÁRI: SJÓNVARPSSTÖÐVAR SÝNA ÁHUGA

# Getur hugsað sér sjónvarpsferil eftir fótboltann

„Þetta hefur þróast út í það að Sky hefur sett sig í samband við mig og athugað hvort ég væri á laus með tilliti til æfinga- og leikjaplans,“ segir Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður enska úrvalsdeildarliðsins Fullham, í samtali við Fréttablaðið. Eiður fékk lofsamlega dóma á samskiptasíðunni Twitter eftir frammistöðu sína sem gestur í myndveri Sky Sports fyrir og eftir leik Barcelona og Real Madrid í meistaradeild Evrópu á þriðjudagskvöld. Eiður lék auðvitað bæði undir stjórn Pep Guardiola og José Mourinho hjá Barcelona og Chelsea.

Eiður þótti ákaflega hnyttinn í tilsvörum, varpaði fram skemmtilegum staðreyndum um leikmenn Barcelona og þá hrósuðu enskir twitterar honum í hástert fyrir enskukunnáttuna.

Eiður getur ekki neitað því að sjónvarpsstarfið kitli eilítið þegar fótboltaferlinum ljúki, hann hafi gaman af þessu. „Þetta byrjaði aðeins í fyrra, þegar ég var hjá Tottenham. Þá báðu þeir mig um að koma þegar Barcelona var að spila. Ég ákvað bara að slá til, prófa og sjá eitthvað nýtt því þetta var ekkert sem ég var búinn að spá í að gera. Menn voru bara almennt ánægðir með mig eftir þá frammistöðu og hafa hringt af og til og athugað hvort ég væri laus.“ Fyrrverandi landsliðsfyrirliði Íslands tekur þó skýrt fram að takkaskórnir góðu eigi eftir að vera á grasinu í dágóðan tíma enn, ferillinn sé síður en svo kominn á endastöð. „Ég verð hins vegar ekki í fótbolta endalaust og ef það er eitthvað sem ég kann og veit eitthvað um þá er það fótbolti.“



**EFTIRSÓTTUR** Eiður Smári hefur sýnt flotta takta sem þulur hjá Sky og fór á kostum í beinni útsendingu fyrir leik Barcelona og Real Madrid í meistaradeild Evrópu á þriðjudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa aðrar sjónvarpsstöðvar í Bretlandi sóst eftir kröftum Eiðs og bandarískar líka. Íþróttastöð Fox var þannig með stutt innslag í hálfleik þar sem Eiður var í viðtali þannig að hróður leikmannsins fyrir framan tökuvélarnar berst víða. Það virðist því aðeins vera að stytta upp hjá Eið eftir erfitt tímabil því hann hefur einnig spilað síðustu þrjá leiki Fullham í úrvalsdeildinni eftir að verið fastur á bekknum hjá Stoke fyrir áramót. „Þetta hefur verið mjög erfitt, algjört leiðindatímabil, ef ég á að vera alveg hreinskilinn en nú er maður farinn að brosa á ný,“ segir Eiður. Hann tekur þó engu sem gefnu og býr á hóteli þar til hans mál eru komin á hreint.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Bond bað um Sjálfstætt fólk

Kvikmyndaleikarinn Daniel Craig, betur þekktur sem James Bond, spurði um bókina Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness í bókabúð í bænum Oswestry í Shropshire-sýslu á Englandi fyrir skömmu.

Craig kom starfsfólki og viðskiptavinum búðarinnar heldur betur í opna skjöldu þegar hann leit þar við. Ein af starfskonunum, Louisa Jones, sagði að það hefði verið óraunverulegt að líta upp og afgreiða þennan fræga leikara. „Hann kom í búðina í síðustu viku og ég trúði því ekki þegar ég leit upp og sá hann,“ sagði hún. „Þetta er viðkunnanlegur náungi, mjög venjulegur. Ég trúi því ekki að ég hafi afgreitt hann,“ bætti hún við. „Þetta var mjög spennandi fyrir okkur. Hann er með æðislega rödd og við höfum ekki enn jafnað okkur á þessu.“

Craig keypti vísindaskáldsöguna Surface Detail eftir Iain M. Banks og spurði um Sjálfstætt fólk, sem var ekki til. Bókabúðin hefur þegar brugðist við fyrirspurn Craigs og hefur núna redd-að sér eintaki í von um að hann snúi aftur til að kaupa hana.

Faðir Craigs, Tim, býr skammt frá Oswestry, í bænum Whittington, og talið er að leikarinn hafi verið í heimsókn. „Þegar hann gekk út úr búðinni vorum við að spá í að fá mynd af honum en vildum frekar vera svöl og kurteis. Hann er líklegri til að koma til baka ef við erum kurteis,“ sagði Jones.



**BAÐ UM LAXNESS** Daniel Craig óskaði eftir eintaki af Sjálfstæðu fólki eftir Halldór Laxness en fékk ekki.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

# Tölvukerfin eiga heima hjá **EJS**

***EJS hýsir og rekur netþjóna og tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum:***

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá EJS.

***Bílabúð Benna***

Bílabúð Benna treystir á öruggt aðgengi að ökutækjaskrá allra bifreiða á Íslandi í gegnum Upplýsingaheima EJS.

***Bændasamtökin***

Bændasamtökin beita sér fyrir málefnum bænda og þurfa ekki að hafa áhyggjur af tölvumálum á meðan.

***Lækning***

Trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg EJS.



Sérfræðingar okkar sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til EJS hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

***Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til EJS.***

www.ejs.is | Grensásvegi 10, 108 Reykjavík | Sími 563 3000 | Tryggvabraut 10, 600 Akureyri | Sími 463 3000

EJS | HLUTI AF SKÝRR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 11-0352

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



GÖTUHREINSUN
BÍLASTÆÐAHREINSUN



551-6200 - park@park.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vont og versnar

Nýjasta mynd **Anitu Briem**, Dylan Dog: Dead of Night fær skelfilega dóma í bandarískum fjölmiðlum. Á vefsíðunni imdb.com er hún með 5,2, vefsíðan metacritic er með einkunn upp á 32 af hundrað og Rotten Tomatoes, sem heldur utan um dóma í bandarískum miðlum, gefur til kynna að aðeins fimm prósent gagnrýnenda hafi verið ánægð. Þetta helst kannski í hendur við vonda niðurstöðu úr miðasölunni því aðeins komu 850 þúsund dala inn fyrstu helgina, sem þykir ákaflega lítið.



### Ósáttur kóngur

Mikið húllumhæ var á opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpunni í gær enda ekkert til sparað. Meðal gesta voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti sem og Danilo Türk, forseti Slóveníu. Sumir voru þó ósáttir við tónleikana, þar á meðal **Bubbi Morthens,** sem skrifaði á Fésbókarsíðu sína að elítan og sinfó væru loks að eignast sitt eigið tónlistarhús. „Ekki er einn fulltrúi nýgildrar tónlistar á sviði Hörpunnar og það er skandall," skrifaði Bubbi.

**- kh, - fgg**



## Mest lesið VÍSIR

1. Rukkuð fyrir leikskólagöld tveggja sona á fimmtugsaldri
2. Opnar pylsuvagn við Hvalfjarðargöngin
3. BBC 4 sýnir Næturvaktina í næstu viku
4. Sérsveitarmenn tóku með sér mann úr húsi Osama
5. Fjöldi stúlkna gengur til liðs við nýnazista í Þýskalandi




FAUST
AUKASÝNINGAR!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX
VesturPort
Borgarleikhúsið
568 8000 | borgarleikhus.is

MIÐNÆTUR-
SPRENGJA !

20%
afsláttur

af öllum vörum í dag
í verslunum okkar í Kringlunni
opið frá kl.10 til miðnættis!

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

B&S KONUR
B&S | Kringlunni 553 4141

ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN
568 9234